

Að heyra hjarta landsins slá

Þáttur um
Jón J. Víðis
1894-1975
landmælingamann
í tilefni aldarafmælis hans

Mannanafnalisti aftast (bls. 52)

Már Viðar Músson skráði upphaflega 1995.

Þessi útgáfa er uppfærð 2019.

Árið 1919 skrifaði ungur maður, Jón Jónsson, bréf til móðursystur sinnar Þóru Margrjetar Sigurðardóttur sem þá bjó í Sviss. Bréfið er í heild upp á margar síður, en kafli úr því miðju hljóðar þannig.

„Kæra móðursystir!

Eg á að vonum margar minningar frá sumarferðunum, allar bjartar. Að rifja þær upp er næstum eins og að ferðast á ný. Eg get kent í brjósti um þá sem ekki þekkja landið sitt, sem aldrei eiga kost á að sjá „blómguð dalanna skaut“, með öllum litunum í náttúrunni. Eg held að fá lönd eigi eins marga liti í náttúrunni eins og Ísland, a.m.k. ekki eins skíra og sterka, eða hvað finnst þjer, þú sem svo víða hefir farið?

Í einni sveit, Lóni, má sjá fjöll sem eru dökkblá (blágrýti), ljósblá (gabbró), gul og rauð (líparít) og gróin fjöll með öllum þeim litbrigðum sem þar geta verið, og svo í baksýn glampanði fannir eða jöklar, en næst manni láglendið, þar koma aftur litirnir í, túnin dökkgræn, það óslegna, hitt gult, gulbrúngrænir hagar og engjar, rauðleitir móar, bleikir melar, rauðir hólar, gulir sandar (líparít), öðru nafni aurar (á Austurlandi), alt sundurreitað af hvítbláum ánum, - allir renna litirnir saman í fögru samræmi. - Fossandi, freyðandi ár milli skógivaxinna hlíða (mjer detta í hug Hólmatungur).

Fegurstur er þó skógurinn í haustbúningnum „þúsundlita“. Er þetta ekki alt laðandi? Líka dauða hrikaauðn öræfanna, þar sem svo er grafljótt, að manni finnst að **heyra megi hjarta landsins slá**. Þar inni í hinn völdugu náttúru verður lítið úr einum manni, honum finst hann renna saman við umhverfið, verða hluti af sjálfri náttúrunni. Á slíkum stöðum kemst enginn hjá því að hugsa, jafnvel ekki þeir sem eru því frábitnastir. Varla er til meiri munur en að dvelja á líkum stöðum og þessum, eða í borg, þó ekki sje hún stærri en Reykjavík. Menn verða þá lítið varið við náttúruna, taka varla eftir veðrinu“ (55).

Ætt og uppruni

Árið áður hafði Jón að vísu átt frumkvæði að því að hann og systur hans fjórar tóku sér ættarnafnið Víðis og skrifaði hann sig upp frá því **Jón J. Víðis**. Jón fæddist 31. maí 1894 á Þverá í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu. Hann var sonur hjónanna Jóns Þveræings Jónssonar (1860-1940) á Þverá og Halldóru Sigurðardóttur (1867-1957). Þau giftust 1891. Systur Jóns voru Auður (1892-1980), María (1895-1982), Sigríður (1897-1991) og Þórný (1904-1955).

Jón Þveræingur var sonur Jóns Jóakimssonar hreppstjóra, smiðs og kirkjubónda á Þverá, Ketilssonar og Herdísar Ásmundsdóttur Davíðssonar á Stóru Völlum í Bárðardal. Um Jón Jóakimsson segir að hann „var lærður trésmiður og búmaður reyndist hann svo að af bar um reglusemi alla og þrifnað í búi, enda vann hann jörð sína upp úr niðurníðslu í sannarlegt fyrirmyndar höfuðból“ (27).

Halldóra Sigurðardóttir var dóttir Sigurðar Guttormssonar bónda í Kollstaðagerði á Völlum á Fljótsdalshéraði og Guðríðar Eiríksdóttur Arasonar bónda á Skriðuklaustri í Fljótsdal. Móðir Sigurðar var Halldóra Jónsdóttir vefara Schiöld Þorsteinssonar prests að Krossi í Landeyjum Stefánssonar.

Halldóra kom að Þverá á fjórtánda ári, sumarið 1881, til að vera hjá Bergljótu Guttormsdóttur, föðursystur sinni, sem var seinni eiginkona Jóns Jóakimssonar, en Herdís hafði látist 1860 (32,46). Jón Þveræingur hlýddi unglingum yfir á Þverá og slóst Halldóra í hóp nemenda. Halldóra sagði frá því í áttæðisafmæli sínu að Jón hafi þegar á leið lagt aðra höndina á hné sér undir borðinu sem setið var við, „og hann átti ekkert með það“ sagði hún, en hafði þó gaman af (66). Niðjatal Jóns Jóakimssonar og Herdísar Ásmundsdóttur má lesa á www.marvidar.com. Þar má einnig lesa niðjatal Sigurðar og Guðríðar, foreldra Halldóru, og ástæður þess að Halldóra fluttist að austan og hafnaði á Þverá.

Eftir andlát Jóns Jóakimssonar 1893 bjuggu þau Jón Þveræingur og Halldóra á allri jörðinni þar til þau brugðu búi og fluttust suður árið 1898 og komu til höfuðstaðarins á fjögurra ára afmælisdegi Jóns Víðis (32). Jón Víðis segir á eftirfarandi hátt frá komunni til Reykjavíkur.

Til Reykjavíkur

„Faðir minn hafði búið við því að Ásgeir Sigurðsson væri búinn að útvega okkur húspláss, en þá hittist svo á að þegar við komum var hann staddur austur í sveitum. Við fengum því inni á Herkastalanum og vorum þar eina eða tvær nætur. Fyrsta daginn, sem við risum upp þar, man ég að móðir mín gekk út með okkur, við vorum fjórir smákrakkar 2ja til 6 ára, hún gekk upp Túngötu að Landakotstúni. Það var nú ekki nema eðlilegt að sveitakonan legði þangað leið sína. Við settumst sunnan undir kirkjunni í sólskininu. Þegar við höfðum setið þar dálitla stund kemur stór og mikil kona út úr bænum Landakoti og segir að við megum ómögulega sitja á túninu og rak okkur út af því. En það er dálítið skrýtið við þetta, því að móðir mín þekkti þá þessa konu. Hún var seinni kona séra Benedikts Kristjánssonar í Múla í Aðaldal, er nú var hættur prestskap og fluttur til Reykjavíkur. Þau hjón höfðu verið á ferð fyrir norðan sumarið áður og komið að Þverá. Ég man að móðir mín sagði, að þá hefðu þau bara sleppt hestum sínum í kaflóðið Þverártúnið. Frúin hefur sjálfsagt ekki þekkt okkur þarna á Landakotstúninu.

Á þriðja degi fluttum við í íbúð í Þingholtsstræti 7, deildum þar hæðinni með fjölskyldu Sigurðar Péturssonar, er var nýfluttur í bæinn vestan af Mýrum. Hann var síðar fangavörður um langan aldur, faðir Péturs Sigurðssonar háskólaritara, er var skólabróðir minn og sessunautur. - Einn fyrstu daganna, er við vorum í Þingholtsstræti, kom til okkar sú merka kona Bríet Bjarnhéðinsdóttir, og bauð okkur með mikilli vinsemd velkomin í bæinn. Foreldrar mínir þekktu Bríeti. Hún var ættuð úr Vatnsdal í Húnavatnssýslu, hafði gengið í kvennaskóla, var gáfuð kona og framgjörn og átti ýmis áhugamál. Fyrir nokkrum árum hafði hún tekið sér ferð á hendur víða um land til að ræða um áhugamál sín og kynnst landi og þjóð. Henni var ekki hvað sízt forvitni á að kynnst Þingeyingum. Meðal þeirra vissi hún að gerzt höfðu ýmsir einstæðir atburðir. Þeir höfðu stofnað ýmis menningarsamtök, lestrarfélög, málfundafélag og Þjóðliðið; pólitískt félag sem vakið hafði athygli um land allt. Loks stofnuðu þeir félagsskap um verzlun. Þau samtök voru stofnuð á Þverá í Laxárdal fyrir 90 árum og íslenzkan auðgaðist að nýju orði - kaupfélag. Að Þverá kom Bríet og samdi um það við húsbændurna að mega dvelja þar nokkurn tíma, er hún svo notaði til að ræða áhugamál sín og hlýða á mál manna. Þess á milli sat hún við alls konar sauma, kom sér m.a. upp peysufötum“ (40, 44).

Landnám í nýjum heimkynnum

Jóns Þveræingur gerðist skrifstofumaður í kaupstaðnum, fyrst hjá Edinborg í Reykjavík og í Hafnarfirði, en lengst af sem bókarí hjá H.Ben. Jón yngri átti heimili sitt alla tíð í Reykjavík fyrir utan fimm ár sem fjölskyldan bjó í Hafnarfirði (1909-1914). Hún leigði á fjölmörgum stöðum í bænum og flutti nær árlega. Jón kvæntist aldrei, en bjó með foreldrum sínum og síðar systur.

Árið 1923 keypti Jón Víðis stórt timburhús í sveitser-stíl að **Hverfisgötu 40** af Gísla Johnsen, afa Árna þingmanns. Húsið byggðu Helgi Helgason og Einar Sveinsson árið 1903 (13). Jón flutti í þetta hús ásamt foreldrum sínum og skylduliði. Í húsinu bjuggu síðan fjölmargar fjölskyldur Víðisa í áratugi.

Árið 1929 byggði Jón Víðis stórt hús að **Þórsögötu 17** með mági sínum Hálfðani Eiríkssyni (1901-1981) og Þórnýju Víðis Jónsdóttur konu hans, en þau ráku verslunina Kjöt og fisk á götuhæð hússins. Fjölmargir Víðisar bjuggu í húsinu, allt fram til ársins 1993. Margir þeirra hófu búskap sinn þar. Jón bjó aldrei sjálfur í húsinu.

Árið 1933 reisti Jóhann Skaptason mágur Jóns og kona hans Sigríður Víðis Jónsdóttir hús að **Eiríksgötu 4** og teiknaði Jón húsið. Jóhanni bauðst staða sýslumanns á Patreksfirði og keyptu Auður Víðis Jónsdóttir og maður hennar Sigurður Sigurðsson (1884-1971) þá húsið ásamt Jóni sem byggði hæð ofaná það 1938 (13). Jón Víðis flutti af Hverfisgötu upp á Eiríksgötu með foreldrum sínum. Hann tók nokkur tré með sér úr fallegum garði sem hann hafði komið upp á Hverfisgötu. Til eru myndir af fólki í garðinum og þar voru haldin kaffiboð fyrir stríð. Á Eiríksgötu 4 bjuggu fleiri ættingjar Jóns allt til ársins 1982. Þar ræktaði Jón einnig garð með mörgum tegundum trjáa. Frá Þingeyri skrifar Jón föður sínum 26. ágúst 1936. „Jeg skrifaði Jóhanni núna, hann símaði til mín um daginn og spurði hvort jeg vildi kaupa Eir. 4. Hann á að spyrja Sig. Pjet. hvort ekki fengist að byggja ofan á húsið. Þið mamma ættuð að tala við Sig. og Auði um hvernig þau gætu hugsað sjer að nota húsið líka, ef þau gætu verið með. - Biddu Hálfðan að skrifa mjer línu 2. sept. með Jóhanni og segja mjer hvernig gengur á Þ.g. 17. - Vertu sæll og blessaður, bið að heilsa mömmu og Dóru og öllum á Hv. 40. - Nonni“ (53).

Þegar Halldóra, móðir Jóns, lést árið 1957 flutti María Víðis Jónsdóttir, systir hans, til hans á Eiríksgötu 4 og bjuggu þau saman þar til Jón lést. Maður Maríu var Þorvaldur Tómas Bjarnason kaupmaður og söngvari í Þröstum í Hafnarfirði. Hann lést 1932. Um heimili Jóns á Eiríksgötu 4 segir Jóhann Skaptason, mágur hans: „Jón átti hlýlegt og aðlaðandi heimili, prýtt málverkum og blómum. Hann var áhugasamur um ræktun og undi sér vel við að hlúa að gróðri í garði sínum. Allur ættleggurinn var jafnan velkominn á heimili hans, enda var hann sannur ættarhöfðingi, sem yngra fólkið elskaði og virti“ (27). Jón var því mikill fjölskyldumaður þrátt fyrir að hann kvæntist aldrei.

Jón Víðis tók saman þennan lista, sem margir innan fjölskyldunnar kannast við. Hann sýnir hvar foreldrar hans leigðu eftir að þeir komu til Reykjavíkur. Skýringar á húsum í Hafnarfirði eru frá mér, en Jón segir þannig frá: „30. maí 1898, á annan hvítasunnudag, komum við á e.s. Láru til Reykjavíkur. Höfum átt heima:

Þingholtsstræti 7	1898	
Í Glasgow	1898-1899	
Í Doktorshúsi	1899	
Í Breiðfjörðshúsi	1899-1901	
Laugavegi 11	1901-1904	
Laugavegi 24	1904-1905	
Laufásvegi 6	1905-1906	
Aðalstræti 8	1906	
Fischersundi 3 (Kristjánshús)	1906-1908	
Hverfisgötu (13) 49	1908-1909	(Líklega í Rvk.)
Flatahús í Hafnarfirði	1909-1910	(Stendur enn sem Lækjargata 12)
Nyrðri Lækjargötu í Hafnarfirði	1910-1912	(Óvíst hvert húsið er)
Á Stakkstæði í Hafnarfirði	1912-1914	(Austurhverfi 3. Nú Hvg. 6b)
Miðstræti 8	1914-1919	
Skjaldborg	1. okt. 1919	
Hverfisgötu 62	1. okt. 1922	
Hverfisgötu 40	1. okt. 1923	
Eiríksgötu 4	1. okt. 1938.“	

Jón Víðis átti sjálfur húsið að Hvg. 40 og var þvælingnum þar með lokið. Jón átti Eir. 4 með Auði systur sinni og manni hennar (sjá 67).

Víðis

Eftirfarandi sögu sagði Jón af tilurð ættarnafnsins Víðis. Hann kom á ferð sinni að Nesi í Geiradal. Ólafur stórbóndi Eggertsson stóð við túngarðinn. Hann spyr aðkomumann að nafni. „Jón Jónsson“ var svarið. „Nú, það er bara eins og að heita Hundur Hundsson“ ansaði Ólafur. Jón sagðist hafa ákveðið þar að breyta nafninu (1, 49). Þessi saga hlýtur að hafa gerst sumarið 1915 þegar Jón var á leið heim úr sumarvinnu á Miðhúsum og lýst verður hér að neðan.

Á þessum árum gátu menn keypt sér ættarnöfn, með ákveðnum skilyrðum þó. Menn voru hvattir til að velja sér staðarnöfn og færa þau í eignarfall. Jón og systur hans völdu sér hólmann **Víði** í Laxá, en hann er vel gróinn, hlýlegur og fallegur og stendur þannig að hann sést frá Þverá. Jón reið í tvígang út í hólmann með frændum sínum á Þverá, fyrst sumarið 1917 og aftur 1919. Þann

2. nóv. 1918 skrifar Jón: „Í dag er Víðis ættarnafnið auglýst í Morgunblaðinu“. Þann 3. nóv. segir: „Nú er getið um ættarnafn okkar í Vísi“ (44). Áhugi Jóns á ættarnöfnum kemur reyndar fram fyrir á því ári. Dagbók Jóns fyrir 1919 er merkt Jón J. Víðis á svipaðan hátt og hann skrifaði nafn sitt upp frá því. „Hvernig líkar þjer Víðis, er við systkinin höfum fengið okkur? Eða veistu máske ekki um það?“ spyr Jón Þóru M. Sigurðardóttur móðursystur sína í bréfi (55).

Þar sem Jón var eini karlmaðurinn í systkinahópnum og var ókvæntur og barnlaus er nafnið nú horfið sem ættarnafn og aðeins til í fjölskyldunni sem skírnarnafn.

Sumarvinna 1911-1917

Sumurin **1911** og **1912** var Jón vinnumaður á Stafafelli í Lóni hjá frændfólki móður sinnar. Til er bréf frá sumrinu 1912 sem Jón sendi systur sinni. Þar kemur fram að hann er við heyvinnu, „en ekki við smíðar eins og í fyrra“ (53). Jón var eitt sumar hjá frændfólki sínu að Þverá í Laxárdal. Það gæti hafa verið sumarið **1913**.

Dagbækur Jóns hefjast í 11. okt. **1914**. Jón hafði orðið stúdent um vorið. Daginn sem dagbækurnar hefjast kom Jón með Ceres frá Eskifirði með 110 krónur í vasanum frá sumarvinnunni sem var símavinna á Austfjörðum. Dagskaupið var kr. 3,50, en nærri ein króna fór í kostnað dag hvern. Í símavinnunni þurfti hver að skaffa sinn mat, en ríkið sá mönnum fyrir tjöldum. Þetta sumar kynntist Jón Steinþóri Oddssyni, en hann reynir að fá föður sinn til að ráða Jón sem vinnumann sumarið eftir. Jón byrjar síðan í læknisfræðinni þetta haust.

1915

Vorið 1915 fór Jón með Gullfossi til Stykkishólms eða Flateyjar og með mótorbát sem hann kallar einfaldlega mótor að Reykjanesi í Barðastrandarsýslu. Þar er Jón vinnumaður hjá Oddi lækni Jónssyni (1859-1920) í **Miðhúsum** og konu hans Finnbogu Árnadóttur. Jón kom seint að kvöldi 1. júlí í Miðhús og „allir voru sofnaðir, lækni kom út á nærfötunum - tók dæmalaust vel á móti mér“. Miðhús var stór jörð sem „átti 70 sker og eyjar þar af um 50 með grasi, heyrjað í mörgum þeirra“. Oddur fór strax á öðrum degi með Jón að sýna honum eyjarnar. „Við tókum selanet tóm - útfall á heimleið, stóð langt úti urðum að láta flæða til að komast með bátinn“ (44).

Steinþór Oddsson hafði verið skólafélagi Jóns í læknisfræðinni um veturinn, en verið felldur og virðist hafa hætt námi við svo búíð. Jón var afar ósáttur við þá ráðstöfun og telur að þar hafi fjandmaður Odds verið að ná sér niðri á honum (44). Steinþór birtist í Miðhúsum seinna um sumarið og verða fagnaðarfundir með þeim Jóni.

Jón vann við öll tilfallandi störf í sveitinni. Hann slær grasið, hjálpar til við gerð útihúsa, og gerir við hluti. „Seinna um daginn gerði eg við slagverkið á stofuklukkunni, hjálpaði til við að járna hesta, gerði við móttök á hnakki og lagfærði beisli ...“ (53). Hann segir glæfrasögur af því þegar farið er á bátum út í eyjarnar til að nytja þær. Þá fer Jón ríðandi við annan mann í kaupstaðarferð til Hólmavíkur yfir Laxárdalsheiði nyrðri. Sú ferð tók 9 tíma, en 10 tíma til baka auk tveggja áninga í 4 tíma samanlagt. Það kemur fram hjá Jóni að hann hefur oft vakað næturlangt við vinnu sína þarna og síðar þegar þannig stóð á. Lúr seinna bætti það upp. 14. apríl 1918 segir: „Mála mynd af Miðhúsum“ (44).

„13. sept. sunnudagur. Báturinn kom hér um kl. 12½. Þá töluvert kvasst og farið að falla út, svo aðeins var hægt að koma 2 bátum í land, en enn voru vörur eftir svo nú varð að bíða næsta flóðs. Á meðan tók eg saman hey mað fólkinu ásamt stýrimanninum af skipinu, Hans heitir það. Kl. 8 um kvöldið var loks framflot og þá var strax haldið fram. - Áður hafði eg drukkið súkkul. + kaffi með brauði í Nesi ásamt stýrim. af Hans og borgað kr. 1,50 fyrir mig, meira vildi bóndi ekki taka þar er eg hefði verið að hjálpa til við heyrinnuna. - Nú var hvassara en á fyrra flóðinu og ekki laust við ágjöf á leiðinni fram, báturinn var hlaðinn og nú hélt Hans alveg upp í landsteina með hann í eftirdragi, en sóttist seint móti. Ólafur bóndinn í Nesi er maður við aldur stór vexti og þrekinn höfðinglegur og um leið alúðlegur og viðkunnanlegur. Hann hefur verið bóndi ágætur bætt jörð sína að miklu, sléttað túnið nær alt og girt, af túninu sjálfu lætur hann ekki binda, en ýta með ýtu er hestur gengur fyrir. - Gríðarstóra hlöðu hefur hann nýlega gert á miðri sléttunni og þar við fjárhús ein þau myndarlegustu er eg hefi séð. - Bærinn er úr torfi, en vel þyljaður og vistlegur. - Nú býr á jörðinni dóttir Ólafs, er giftist í sumar, sonur Ólafs, Jón er fyrir verzluninni í Króksfjarðarnesi. - Ólafur kom sjálfur um borð, með syni sínum og tengdasynti og er þeir lögðu frá skipinu og karl sat við stýrið, fanst mér hann vera þar eitthvað svo mikilúðlegur að mér datt ósjálfrátt í hug sá er vald hefði á vindi og sjó. -“ (44, 49).

Jón kom til Stykkishólms með Hans daginn eftir. Þaðan gekk hann einsamall til Reykjavíkur. Hann kom m.a. við hjá síra Árna Þórarinssyni á Stórahrauni í Hnappadal, verður hrifinn af honum og segir hann með afbrigðum skemmtilegan. „Eg fékk elskulegar móttökur hjá Stórahraunshjónunum og skemmtilegan fróðleik heyrði eg af munni síra Árna fram eftir kvöldi. Auk þess sagði hann mér, af sinni alkunnu gamansemi, að reimt væri í bænum á Stórahrauni. Þetta væri meinlaust, sagði hann, bara sneypur. Samt vildi hann ekki hýsa þær yfir nóttina og færi því Bjogga gamla á hverju kvöldi fram eftir göngunum, veifaði svuntu sinni og ræki sneypurnar út“ (53). „Komst á öðrum degi að Stórahrauni til síra Árna nokkurs Þórarinssonar, gamals skólabróður Odds læknis, og hafði eg brjef frá honum til Árna, þar sem hann bað hann um að ljá mjer hest í Borgarnes, en svo undarlega heppilega vildi þá til, að sr. Árni ætlar þá einmitt daginn eftir af stað í Borgarnes og varð eg honum nú samferða“ (44, 53). Þessi kynni af séra Árna komu sér vel fyrir Jón seinna eins og fram kemur í sögunni af beinaferðinni sem nú verður sögð.

Beinaferðin

Haustið 1915 hóf Jón nám á öðru ári í læknisfræðinni. Hörgull var á mannabeinum fyrir læknanema, og hver bætti úr því, nema Jón? Þann 15. okt. fór Jón sjóleiðina upp í Borgarnes ásamt læknanemanum Páli V.G. síðar Kolka (37). Þeir gengu þaðan norður að Stórahrauni í Hnappadal til síra Árna Þórarinssonar, enda „hafði eg n.l. frjett það á suðurleið minni, að í mynni Hafursfjarðarar í Hafursfirði, sem áður var kallaður væri í eyju einni, Hafursfjarðarey, gamall kirkjugarður, lagður niður fyrir um 400 árum. Vindur og sjór eru að brjóta það, sem þarna er eftir af landi og beinagrindurnar liggja orðið ofan jarðar“. Þetta er úr bréfi til Þóru M. Sigurðardóttur móðursystur Jóns (53). Þar segir einnig: „Þú skilur hvers vegna við ágirndumst beinin. Við þurfum n.l. að muna svo mörg örnefni á þeim, að betra er að sjá þau fyrir sjer“ (54). „Síra Árni tók okkur mætavel“, segir Jón (44). Sunnudaginn 17. okt. hafði þeim félögum tekist að fá leigða hesta til að halda ferðinni áfram út í Hausthúseyjar til að tína bein úr kirkjugarðinum. „Af stað á efra vaði yfir Haffjarðará, sjór í því neðra! Áfram yfir holt og ása, grundir og móa, út í nes og út á leirur, til allrar hamingju nær ekkert fallið á leirana, ágætt! - Út í Hausthúseyjum allan daginn, grafandi þrír, með okkur var maður frá Stórahrauni

Jónas Stefánsson, *snæddum um kl. 3. Af og til komu snarpir regn- og haglskúrir en sólskin á milli. Kl. 5½ á leið í land upp að Haushúsum. Fengum mjólk + kaffi. Bóndi amaðist ekki við greftri okkar, en sagði að sér væri illa við ef enn aðrir kæmu en okkur væri heimilt að koma aftur ef við vildum. Heim að Stórahrauni um kvöldið í þreyfandi myrkri. Skildum eftir alt okkar dót úti í eyjum. Jónas ætlar að búa um og senda. - 18. okt. Á stað suður aftur frá Sr.hr. um kl. 1 e.h. Síra Árni lánaði okkur mann og hesta vel yfir Eldborgarhraun“ (44).*

Þeir félagar komast síðan til Reykjavíkur 22. okt. Jónasi greiddu þeir kr. 1/50 hvor og til flutningsgjalds kr. 1,12. Síðan segir „23. okt. Í tíma, allir panta fenginn! 27. okt. Ingólfur kom frá Borgarnesi með beinin. Við Páll byrjuðum að raða þeim. - 28. okt. Enn við beinaröðun - Uppboð á 4 cranier“ (44). Ingólfur var strandferðaskip. Næstu daga afgreiða þeir félagar beinin, taka greitt fyrir, gefa skólanum nokkur bein og eiga sjálfir nokkuð heillegar beinagrindur (Sjá 37 og 54).

Þann 19. apríl 1918 segir Jón frá því að hann hafi gengið „inn á Vitastíg til Þór. Árnasonar frá Stórahrauni er fylgdist með heim og þáði súkkulaði og kaffi, stóð við um 2 tíma. Mamma, Mæa, Sigga og Þórný komu inn til okkar. Þórarinn verður á Hólaskóla næsta vetur. Er nú 19 ára, á að taka við búi föður síns síðar meir“ (44).

1916

7. júní 1916 fer Jón um borð í Gullfoss á leið austur og fer frá borði í Djúpavogi. Þetta sumar er hann í **símavinnu** á Suðaustur- og Austurlandi, frá Nesjum til Seyðisfjarðar. Síminn var kominn áður, svo flokkurinn gerir við, bætir við línunum og grefur fyrir jarðsíma. Það síðast-nefnda einkum í fjallaskörðum og lýsir dagbókin erfiðum aðstæðum við þá vinnu. Í september vinnur flokkurinn við lagfæringar í Eyjafirði og Skagafirði, m.a. á línu sem liggur yfir Heljardalsheiði frá Svarfaðardal niður í Hjaltadal. Þar fennti tjald þeirra félaga á kaf.

Jón var afar iðinn við að heimsækja ættingja sína og vandamenn um sumarið. Þar koma við sögu Sigurður á Stafafelli í Lóni, móðurættingjar á Héraði, ættingjar í Þingeyjarsýslu og á Akureyri. Á síðast talda staðnum einkum Bergljót Sigurðardóttir móðir Jóhanns Skaptasonar sýslumanns. Um heimsókn Jóns á Hérað 1912 og fyrstu kynni sín af Jóni segir Jóhann Skaptason: „Þá safnaði hann í kringum sig smáfólkinu og fór með það út um tún, holt og móa til að kenna því nöfn á blómum og vekja áhuga á fegurð og fjölbreytni jurtanna“ (27).

Um haustið gekk Jón heim með Sveini Ögmundssyni, Sigurðssonar (53) og fóru þeir vestur um. Jón hóf nám á 3ja ári í læknisfræðinni 6. október.

1917

Þann 16. júní 1917 fór Jón með Botníu frá Hafnarfirði eftir að bíll sem hann var farþegi í hafði fest illilega í Kópavogslæknum svo marga menn þurfti til að ná honum upp, „*enda vantaði brúna*“. Jón fór frá borði á Húsavík og kom 21. júní á **Tjörnnes** þar sem hann vann við viðarkolagröft allt sumarið. Jón lætur ekki illa af starfi sínu í námunum. „*Þú segir að margt muni um manninn hér í sumar, svo er það, og fleiri munu bætast í, en ekki í okkar hóp. Hér er n.l. unnið í mörgu lagi fyrir ýmsa. Þorst. kaupm. Jónsson af Seyðisfirði keypti stórt svæði hér nálægt, þ.e. námuréttinn í því, Hringversnámur á kr. 7000,00, en Tjörneshreppur Tungunámur á kr. 5000,00, ekkert verð. Þorst. þessi á víst von á fleiri mönnum á Botníu, til að vinna sínar*

námur, en landssjóður og Eyfirðingar hafa hvor í sínu lagi leigt land til námugraftrar. Það er afarmikið sóst eftir þessum kolum, fá miklu færri en vilja, voru seld hér í fjörunni á kr. 30,00 tonnið, en stjórnarráðið hefir nú ákveðið verðið kr. 33,00“ (18).

Jón notaði iðulega tækifærið og heimsótti ættingja sína á Húsavík. Þann 21. september heldur Jón gangandi suður í fylgd Bjarna Guðmundssonar (1898-1973) síðar læknis. Þeir koma við á Þverá í Laxárdal þar sem Jón heilsar upp á frændfólk sitt. Hann ríður ásamt föðurbróður sínum út í hólmann Víði í Laxá. Þeir Bjarni ganga síðan að Grund í Skorradal og tefjast þar í tvo dag vegna veikinda Bjarna. Þaðan halda þeir að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd og ná þar í bát sem flytur þá til Reykjavíkur.

Til gamans má geta þess að þegar Jón er á leið heim seinni hluta sumars 1919, annað sumar sitt við mælingar, kemur hann einnig við hjá frændfólki sínu í Laxárdal og segir þannig frá því: „Fórum um á Auðnum, stönsuðum á Þverá. Við Áskell riðum út í Víði og höfðum drengi Áskels með, jeg reiddi Sverri, Áskell Snorra litla, tók myndir þar úti. - Böðvar var á meðan heima hjá Snorra og ræddi við hann“ (44). Böðvar J. Bjarkan lögmaður á Akureyri var samferða Jóni frá Þingeyjarsýslum til Akureyrar haustið 1919. „Mjer hefði þótt fállegra Bjarkar“ (55).

Eftir þetta eru mælingar sumarvinna Jóns J. Víðis.

Nám og blaðaskrif

Jón lauk stúdentsprófi árið 1914 frá Menntaskólanum í Reykjavík og prófi í forspjallsvísindum frá H.Í. 1915 (23). Þess má geta hér að Jón teiknaði stúdentshúfu þá sem við þekkjum enn í dag og var árgangur Jóns sá fyrsti sem bar hana.

Jón hóf nám í **læknisfræði** haustið 1914. Vorið 1917 hafði hann lokið þremur árum. Um haustið er lengi vel ekkert á framhald námsins minnst í dagbókum Jóns. Hann er að gera hitt og þetta; aðstoða föður sinn í starfi hans, salta kinnar og kjöt, kaupa kol fyrir veturinn, taka á móti kjöti frá Stafafelli, en það hafði hann pantað þegar hann var fyrir austan í símavinnunni, fara í bíó og á opna fyrirlestra hjá Einari H. Kvaran og Sigurði Nordal, í leikhús, í messur til Haraldar Níelssonar, á KFUM fundi með Steinþóri, á skauta, og að ganga um bæinn með vinum sínum, foreldrum og systur, enda eru „þær margar orðnar göturnar í henni Reykjavík“ (44). Haraldur Níelsson var tengdur Jóni þannig að hann var kvæntur Aðalbjörgu Sigurðardóttur, en þau Jón voru fjórmenningar, frá Herdísi Ásmundsdóttur og Davíð Indriðasyni úr Bárðardal. Sonur Haralds og Aðalbjargar var Jónas Haralz (1919-2012) bankastjóri. Hann var þekktur fyrir að vera aðalhönnuður efnahagsaðgerða Viðreisnarstjórnarinnar.

Jón skrifar einnig greinar í blöðin þetta haust, þ.e. 1917. Þann 29. okt. birtist í Vísi grein eftir hann undir heitinu *Brauðbökun* um bökun brauða í gasstöðinni (5).

Brauðbökun

„Enn eru brauðin hækkuð í verði. Bakarar kenna kolaverðinu um verðhækkunina og geta þess að bráðlega muni brauðin hækka enn meir í verði. Víst er um það, að dýr eru kolin. En eru þá engar leiðir út úr þessum vandræðum?“

Ýmsu hefir verið stungið upp á. Í fyrra styrkti t.d. bæjarstjórnin tilraunir á hverabökun brauða. En ekki leist henni að leggja út í þann kostnað er af því hefði leitt, að koma á slíkri bökun. Ef til vill hefir vegalengdin inn í Laugar verið þyrnir í augum manna.

En nú vil eg vekja athygli manna á enn einum hitagjafa og honum hér í sjálfum bænum, eg á við gasstöðina. Hvílik firn eru ekki framleidd þar af hita! Menn er vinna í gasstöðinni hafa bakað brauð á ýmsum stöðum í nánd við ofnana og tekist ágætlega.

Væri nú ekki ráðlegt að bæjarstjórnin léti hæfan mann athuga hvort ekki mætti baka þarna í stærri stýl, setja bakstursofn í samband við gasstöðina?

Óneitanlega væri hagur að því að fá þarna ókeypiss eða nær ókeypiss hita.

Rv. 27.-10.-'17

x+y-z“

Þann 28. janúar 1918 segir síðan: „Bæjarstj. hefur ákveðið að fara að ráðum mínum og gera bökunarofn í gasstöðinni, eg stakk upp á því í smágrein í Vísi í haust“. Síðan segir 3. apríl: „Til Þorsteins Ástráðssonar og náði honum í rúmi, var hann að lesa í Mgbl. þar sem rætt er um brauðbakstur í gasstöðinni og fullyrt að 100.000,00 kr. sparnaður verði að því á ári fyrir bæinn. - 4. apríl. Grein í dag í Vísi um gasstöðvarbrauðbökun og sagt að sparnaður muni nema 100-200 kr. á dag, því mótmælt að Borkenhagen gasstöðvarstjóri eigi hugmyndina en að hún sje frá Vísisgrein minni í haust. 5. apríl. Dagblöð segja frá bæjarstjórnarfundum í gær er samþykkt að láta gera brauðgerðarhús við gasstöðina og á borgarstjóri að gera ráðstafanir til þess að þetta komist í framkvæmd í sumar. - Var þetta samþ. með öllum greiddum atkv. Ól. Friðriksson greiddi ekki atkvæði, vafalaust vegna Alþýðubrauðgerðarinnar, er hann hyggur fái hjer slæman keppinaut. 10. apríl - Grein í Lögréttu um Brauðgerð í Gasstöð Reykjavíkur“ (44).

Daginn eftir að grein Jóns birtist í Vísi má þar sjá auglýsingu frá K. Zimsen bæjarstjóra, þar sem hann auglýsir eftir umsóknum þeirra bæjarbúa sem vilja „koma til greina við úthlutun kola þeirra, sem bæjarstjórnin fær hjá landsstjórninni samkvæmt lögum um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar“. Það má ekki gleyma því að þetta er í miðjum ófriði og siglingar til landsins ganga illa. Brauðgerð alþýðufélaganna er stofnuð um þetta leyti til að baka brauð á viðráðanlegu verði fyrir alþýðu fólks og auglýsir í blöðunum eftir hlutafé. „Menn úr alþýðustétt, sem enn eigi hafa haft tækifæri til að skrifa sig fyrir tillagi til „Brauðgerðar alþýðufélaganna“, geta skrifað sig fyrir tillögum á þessum stöðum: ...“ (6). Í öðrum auglýsingum er kynnt verð á brauði þeirra og eru sölustaðir sjö talsins um miðjan nóv. 1917.

Kolin á Tjörnesi

Þann 1. nóv. sama haust birtist í Morgunblaðinu grein eftir Jón um „Kolin á Tjörnesi“. Það er alllöngr grein sem lýsir sögu kolanna og námagreftrinum eins og Jón hafði kynnst honum um sumarið. Greinin er ágætlega skrifuð og full fróðleiks (57). Hún er ómerkt og sama á reyndar við um fyrri greinina eins og sjá má þótt þar séu rituð tákni. Menn geta velt fyrir sér ástæðum þessa. Ekki er þó annað að sjá við lestur blaða frá þessum tíma en að það tíðkist talsvert að greinar séu ómerktar.

Það er ekki fyrr en 23. nóvember sem minnst er á námið aftur. Jón virðist hafa verið andvaka 19. nóv. - 23. nóv.:

Studia relinquere

„19. nóv., 20. nóv., 21. nóv., 22. nóv. 1917.

23. nóv. Vakti í nótt alla og ákvað að studia relinquere. -

Eg hugsaði þá hugsun til enda, hafði áður oft byrjað á því, en aldrei vogað að enda við hana, n.l. að eg væri til margs annars betur hæfur en þess starfs er eg hefi hingað til ætlað mér. Eg hugleiddi afleiðingar þess ef eg snéri við og eg komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að snúa við. Frá peningalegu sjónarmiði er það spursmálslaust og frá réttisýnnar sömuleiðis. Þar sem hugur minn snýst ætíð að öðru, framtíðarhugsjón mín um sjálfan mig hefur ætíð verið sú að eg yrði kennari. Þegar eg var í menntask. hugsaði eg mér að verða prestur og halda skóla á veturnum. Mínir nánustu töldu prestsstarfið ábyrgðarmeira en svo að eg gerði rétt í að takast það á hendur, en þar á móti var handlægni mín kunn og álitin hæfa „kirurg“. Eg las því lækniufr., leiddist „kemian“ afskaplega, sú munnl., sú verklega þótti mér aftur skemtileg, en gerði hana þó ekki alveg rétta á prófinu vegna ónæðis er Jón Benediktsson frá Húsavík (Grenjaðarst.) gerði mér, hann altaf að bera undir mig sína „Reagensa“ fékk því aðeins 5 út. Á spítala kom eg stöðugt, m.a. altaf í fríum. Þá oft einn með Páli Guðm. aðrir nentu ekki. - Á meðan G. Magn. var veikur og Ól. Þ. opereraði en Claesen aðstoðaði kom eg þangað og einu sinni fór Ól. Þ. að hlýða Cl. yfir, hvað hann segði nú þetta vera o.s.fr.v. (þú segir lítið um það) en Cl. vildi engu ansa mundi víst ekki nöfn og síðar vildi Ól. fá Claesen til að hrósa sér en Cl. segir þá þurlega: Fæst orð hafa minsta ábyrgð!!! - - -

Sótti tíma hjá G.H. en minna hjá GM þar til altaf í vetur. Í fyrra og hittedfyrra sótti eg altaf fyrirl alp. í hásk til Ág Bj og Jóns Aðils, verzl.sögu Ísl og sögu Ísl eftir 1700. -

Ein ástæða til þess að eg læt nú staðar numið við að stud. med. er að heyrn minni er svo háttáð að eg heyri afar illa í „stetoskop“, sömul. í „telefon“, þó ekki eins illa. Þetta ærin ástæða. - Nú hefi eg hugsað mér að verða kennari. Álít mig hafa góða hæfileika til þess og mentun, kemur þá að góðum notum studia medicini et kirurgie. Námsgreinar þær er eg vil aðallega kenna eru: Landufr. Náttúruufr. Saga, Teikning. Skrift o.fl. sýst reikning og íslenzku og kver. - Jón Brunnan kom hér í dag, frá Hfnf.

24. nóv. Las Víga-Glúmssögu upphátt fyrir systur mínar.

25. nóv. sunnudagur. Þetta jafna tilbreytingarlausu, sjálfsagða er leiðinlegt og þreytandi, enginn þorir að breyta frá því vanalega, ekkert óvanalegt gerist því hér á landi - þetta hefi eg hripað á blað: (Það er sigur að þora að kannast við yfirsjón sína, kannast við að ástæða sé til að snúa við (sadle om). Allir horfa og starblína og spyrja um ástæður: Hvers vegna hættir hann? „Hafði hann ekki peninga til að halda áfram? eða hvað, hver er ástæðan?“ - „Hann sá sig um hönd“ - „Þá hefur hann eytt of miklum tíma í þetta nám, til þess að hafa svo ekkert upp úr því á eftir“. - „Ekkert upp úr því!“ . Er þá mentunin einskis virði? Hlýtur ekki hver einn með þessa mentun að komast betur áfram, en sá ómentaði? - „Vissulega ætti svo að vera, en þetta er orðinn svo mikill kostnaður fyrir foreldrana.“ - Þú segir „kostnaður fyrir foreldrana“, en hann vann altaf fyrir sér á sumrin og hafði þá nægilegt fé með þeim styrk er hann fékk - „En mér finst bæði óheidarlegt þjóðfélagsins vegna að hann skuli hætta svona og svo veldur það foreldrunum sorgar“ - Enga beina skyldu hefur hann við þjóðfélagið, til að taka próf, en fé það er hann hefur fengið að styrk kveðst hann munu endurgjalda síðar. En finst þér að þeir foreldrar vilji syni sínum vel, sem meina honum að hætta við að leggja út á þá braut, er hann álitur sjálfur að sé röng braut, álitur sig aldrei mundu starfa þar heill, ætíð æskja annars fremur? Að segja

að hann hafi þá ekkert gagn af þessum háskólanámsárum sínum, það er fjarstæða. Hann hefur mikið gagn af því námi fyrir alt lífið, það hefur opnað honum útsýn á ýmsum sviðum, er hann hefði ella ekki eygt, en sem geta orðið til gagns í lífinu.

- „Er hann þá ekki skipbrotsmaður?“

- Skipbrotsmaður! Nei als ekki!

Frekar álít eg megi líkja honum við skipstjóra er stýrir skipi sínu ósködduðu gegnum þröngt skerjött sund þar sem ólgandi mótstraumur er, eg á þar við metorðagirndina því vafalaust hefði hann getað orðið embættismaður landsins, skólabræður hans álíta að prófið hefði hann getað tekið, en hann áleit sig ekki hafa alla þá hæfileika til að bera er lífsstarf þetta heimtaði þess vegna hætti hann við það, en hann er óskemdur á líkama og sál af skólavistinni og ætlar að verða dugandi og nýtur þegn þjóðfélagsins.“ - „Hvað ætlar hann sér þá?“ - Hann hefir traust á sjálfum sér til margs, nóg er að starfa. Hann hefur augastað á kennarastarfi á veturnum en vandræði verða aldrei úr sumrum. Tak eftir því að við lok ófriðarins opnast margar nýjar leiðir, verk á ýmsum sviðum, nóg að starfa! Þá verður gaman að lifa fyrir þá er kost eiga á því að grípa tækifærið og treysta sér til þess! -

Umfram allt - líktu honum ekki við þá er hætt hafa við nám vegna óreglu og slarks, þar er djúp mikið staðfest á milli því hann er **reglumáður!** - “ - „Eg sé að hann hefur breytt rétt, þú hefur sannfært mig! - eg óska honum allra heilla á ókominni æfibráut.“ -)

2. desember sunnudagur. - Frost hafa verið mikil nú að undanfögnu mest frost 22° - Eg fékk bréf frá Einari Þorsteinssyni, hann er nú á Eyðum vetrarmaður. - Bréf frá Steinþóri, sendi Steina: Psykisk Forskning, útdrátt úr riti Mayers. -

Við pabbi hittum Sig. Jónsson ráðherra og spurðum um Eyðaskóla, hann sagði alt honum viðvíkjandi óvíst og heyrði það undir Jón Magn., en ef skólinn yrði á komandi vetri þætti sér líklegt að eftir nýár yrði auglýstar stöðurnar, bauð okkur að koma þá aftur til að fréttu um þetta! - Reit Oddi Jónssyni.

9. desember sunnudagur - Fyrst í vikunni hitti eg Pál Jónsson Lv. 11 frænda, hann bað mig skrifa hjá sér seinni hluta dags hvers pr. verzl. Á. Eir. er hann er fyrir, nú er Á.E. dauðvona af krabbam. á spítalanum. -

16. desember sunnudagur. - Fékk bréf að vestan frá Miðhúsum frá Stþ. og Siggu litlu og Guðnýju systur hans þakkir fyrir sendinguna. Bréf frá Margr. Þorl.d. á Miðhúsum. - Bréf frá Margr. Þorstd. á Stafafelli og beiðni um að kaupa skyttu og láta gera við skyttu. - Árni kaupm. Eir. dó á mánud. var 10. þ.m. - Eg skrifa á skrifstofunni.

23. desember sunnudagur. Opið í búðum til kl. 12 á miðnætt í gær. Eg kaupi ýmsar jólagjafir m.a. sjal prjónað handa mömmu og hatt fyrir mömmu handa pabba á kr. 12 o.fl.

24. desember. Ýmsar jólaannir! Aðfangadagskvöld. - Fór í kirkju með Auði, dómkirkjuna, síra Bjarni messaði troðfult. - Sigr. Sigd. kom um kvöldið er úr kirkju var komið, borðaði hér! -

Jólagjafir mínar: Frá pabba rakvél afar fín og góð, súkkulaði ¼ kg frá mömmu, ljóð Shillers frá Siggu og Mæu hatt gráan, frá Auði bók Psykisk Forskning frá Þórnyju vasaklútur“ (42).

Mælinganám

Þegar hér er komið sögu auglýsir Thorvald **Krabbe** (1876-1953) vitamálastjóri eftir mönnum sem vildu læra mælingar. Jón segir: „ég sá auglýsingu í Morgunblaðinu“ (40). Þann 28. mars 1918 segir Jón í dagbók: „Fór til Sig. Thoroddsen til að ræða við hann um mælingakenslu verkfræðingafélagsins í vor, hann hvatti mig til að vera með“. Þann 30. mars ritaði Jón umsókn til Verkfræðingafélagsins. Þann 11. apríl segir: „Brjef frá Verkfræðingafélaginu, tilkynning um að jeg geti tekið þátt í mælinganáminu“. Þann 19. apríl segir Jón síðan frá því að hann fer á vitamálastofuna til Th. Krabbe vitamálastjóra „og greiði þar kr. 20,00 sem nokkurs konar tryggingu vegna verkfæraláns, verða endurgreiddar að náminu loknu ef verkfærin eru óskemd. - Th. Krabbe er einkar viðkunnarlegur maður og blátt áfram í framkomu og fellur mjer hann þegar vel í geð. - 20. apríl. Botnía kom í dag og þar með mælingaáhöldin er nota á við mælingakensluna, líka námsbækur, tímar byrja þó ekki fyr en næsta miðvikudag, þann 24“. Þann dag segir: „nú er I kenslustund í mælingaskólanum. Allir kennarar mættir Krabbe, Sig. Thoroddsen, Ólafur Þorsteinsson. - Sett var fyrir og kenslubókum útbýtt. 26. apríl. I tími í landmælingateikningu. Th. Krabbe kennir, afar nákvæm teikning“ (44). Zóphónías Pálsson telur ekki ólíklegt að Jón Þorláksson (1877-1935) hafi verið hvatamaður að námskeiðinu (3). Jón naut síðar kennslu tveggja verkfræðinga í landmælingum og kortagerð (23). Til stuðnings þeirri fullyrðingu eru dagbækur Jóns frá vetrinum 1918-1919, en þar segir iðulega: „Tími hjá verkfr.“ Þann 1. mars 1919 segir: „Í tíma hjá verkfræðingum lærðum við á reiknistokk og planimeter. Borguðum þeim hver um sig 34.00 kr.“

Krabbe var eftir þetta í upphaldi hjá Jóni. Krabbe var hvatamaður að stofnun Ísaga. Jón eignaðist hlutabréf í fyrirtækinu á stofnfundi og var því einn að stofnendum þess (9).

V.F.Í.

„321. fundur, aðalfundur, var haldinn í Oddfellowhúsinu þann 4. marz 1954. Fundarstjóri var kjörinn Finnbogi Rútur Þorvaldsson [1891-1973] prófessor. Formaður flutti skýrslu stjórnarinnar. Í upphafi ræðu sinnar baðst hann afsökunar á því að ekki reyndist kleift að halda aðalfundinn fyrir en 32. febrúar, en lög félagsins mæla svo fyrir að hann skuli haldinn í febrúar“ (30). Þetta má lesa í fundargerðabók Verkfræðingafélags Íslands. Næst rekur formaður gerðir stjórnar og er eftirfarandi þar á meðal. „Félagsmenn voru á síðasta aðalfundi alls 169 talsins; 3 heiðursfélagar og 166 gjaldskyldir. Síðan hafa bætt við á tímabilinu 24 félagar, þar af 22 verkfræðingar“ (30). Þá eru verkfræðingarnir nefndir. „Ennfremur Sigurður Þórarinsson [1912-1983] jarðfræðingur og **Jón J. Víðis** sem stjórn V.F.Í. bauð með bréfi að gerast meðlimur vegna langrar þjónustu hjá Vegagerð ríkisins og jafnframt vegna mikilsverðs starfs í þágu félagsins við umsjón og afgreiðslu tímaritsins í 38 ár“ (30, 17). Þótt Jón hafi þannig ekki haft leyfi ráðuneytisins til að kalla sig verkfræðing gegndi hann starfi umdæmisverkfræðings frá árinu 1956. Þegar Sigurður Jóhannsson varð vegamálastjóri, árið 1956, skipti hann landinu í fjórðunga. Í hlut Jóns féll Vesturland og Vestfirðir. Hann taldi þá að 52% þjóðvega féllu innan síns svæðis (1). Snæbjörn Jónasson fv. vegamálastjóri telur að mönnum hafi þá verið fengin svæðin sem þeir voru hagvanastir í (28). Árið 1964 var umdæmum fjölgað og var Jón á Vestfjörðum eftir það. Sjálfur kallaði Jón sig ýmist landmælingamann eða mælingamann.

Dýptarmælingar fyrir Vita- og hafnamálastofnun

Á árum fyrri heimsstyrjaldar var hér á landi danskur verkfræðingur að nafni **N.P. Kirk**. Hann stjórnaði hafnarframkvæmdum í Reykjavík. Árið 1921 birtist grein í tímariti verkfræðinga eftir Th. Krabbe um „Hafnarrannsóknir framkvæmdar á árunum 1917-1921 af verkfræðingunum N.P. Kirk og Th. Krabbe, samkvæmt þingsályktun 12. ágúst 1915“. Þar segir m.a.:

Mælingar á hafnarstöðum og lendingum

„Í fjöldamörg ár hafa stöðugt komið beiðnir til ráðuneytisins, frá ýmsum stöðum á landinu, um rannsóknir á hafnarstöðum og lendingum“. Síðar segir: „... á árunum 1916-1917 fengu menn augastað á yfirverkfræðingnum [við hafnargerð Reykjavíkur] N.P. Kirk til þessa starfa, enda var hann bæði duglegur og reyndur verkfræðingur, og nú eftir nokkurra ára dvöl hjer orðinn gagnkunnugur íslenskum staðháttum og atvinnuvegum, og hafði mikinn áhuga á framförum landsins. Eftir að samningar milli [atvinnu- og samgöngumála]ráðuneytisins og Kirk verkfræðings, um framkvæmd rannsóknanna, voru gerðir, tók hann að sjer starfið í samráði við etatsráð Monberg og bjó sig þegar í stað til að hefja þau ferðalög, er nauðsynleg væru, vorið 1918. Svo sem sjá má á skýrslu hans, var hann alt sumarið 1918 á þessum ferðum og hjelt áfram 1919 rannsókn þeirra staða, er eftir voru. Seint í september 1919 lauk hann rannsókn á þeim stöðum, er til tals höfðu komið, og hjelt til Kaupmannahafnar til þess að semja álit sitt, en skömmu eftir að hann kom til Kaupmannahafnar, dó hann skyndilega. - Samhliða ferðum og rannsóknnum Kirk verkfræðings, var ráðinn sjerstakur mælingamaður, **cand. phil. Jón Víðis**, er framkvæmdi nákvæmar mælingar og að nokkru leyti botnborun og aðrar rannsóknir, undir minni umsjá og að tilvísun Kirk verkfræðings, á þeim stöðum, þar sem sjerstök ástæða virtist til þess. Nokkrar mælingar gerði þó Axel Petersen verkfræðingur. Nú er því til allstórt safn af nákvæmum uppdráttum með dýptarmælingum af miklum hluta af helstu veiðistöðvunum“ (33). Greinin er nokkru lengri. - Í apríl 1919 var Jón farinn að starfa hjá Th. Krabbe. Fram kemur í dagbók Jóns að Kirk lítur inn til þeirra Krabbe 22. apríl „og sagði hvað hann vildi gera láta“ (44).

Fljótlega eftir að Hannes Hafstein varð ráðherra árið 1904 urðu verkfræðingar landsins tveir. **Jón Þorláksson** gerðist landsverkfræðingur 1905. Aðalverkefni hans voru vegalagning og brúagerð. Árið 1906 gerðist Th. Krabbe landsverkfræðingur og féll í hans hlut allt annað en vegagerð, þmt. vita- og hafnamál. Þegar þarna var komið sögu hafði landið verið að heita má vegalaust í þúsund ár. Menn höfðu riðið eða gengið það sem fara þurfti. Vegaspottar höfðu verið ruddir á stöku stað, en þeir voru einungis göngu- eða reiðvegir og óhæfir fyrir vagna. Þegar enskur kaupmaður, Coghill að nafni, var spurður að því hvað Íslendinga vanhagaði helst um svaraði hann: „Um þrennt, vegi, vegi, og aftur vegi!“ (38). Árið 1917 eða 1918 tók **Geir G. Zoëga** (1885-1959) við af Jóni Þorlákssyni. Starfsheitum er þá breytt og Zoëga varð vegamálastjóri, en Krabbe vitamálastjóri. Talað var um vita- og hafnamálastjóra um 1960, en það er ekki fyrr en 1995 að stofnunin fær nafnið Vita- og hafnamálastofnun skv. lögum.

Hafnamælingar

Jón Víðis réðist til Thorvald Krabbe árið 1918 og starfaði við hafnamælingar til ársins 1922. „Laugardagur 27. júlí 1918. Undanfarna daga hefði jeg verið að útbúa verkfæri er jeg á að nota

við hafnarmælingu í **Höfnum**, lóðlínu og lengdarlínu. - *Jeg fer í dag suður í bifreið, en dót mitt verður sent á m.b. Óskari sem fer eftir helgi. Jeg kemst aðeins til Njarðvíkur í bifreiðinni en verð að fá hesta þar, hefi nokkuð dót meðferðis*“ (44). Jón kemst til Hafna um kvöldið og tekur föður sinn og systur með. Þau fylgja bílnum aftur heim um kvöldið. Daginn eftir „*verifiera jeg hornspegil minn. Þá fór jeg að athuga línustæði og staði fyrir vatnsbrettin tvö. Tvö þurfa þau að vera sökum þess að í mynni Ósabotna er svo mikið um sker og flúðir að innanvið verður aldrei fjara - flóðaldan mætir þar útstraumnum þegar tekur að falla að*“. Þann 29. júlí nefnir Jón fyrsta aðstoðarmann sinn, „*unglingspilt Jón J. Thoroddsen frænda frú Hildar og uppeldisson þeirra hjóna*“. Þau hjón eru Ketill Ketilsson bóndi í Kotvogi, efnaður vel, og kona hans Hildur Thorarensen. Jón hélt alla tíð þeirri aðferð að leigja aðstoðarmenn á staðnum ef hann hafði þá ekki nóga með sér. Heimamönnum líkaði þessi aðferð vel. „*En ikke ringe Del af Arbejderne rekrutteres blandt den skolesøgende Ungdom, som har godt af det fri, sunde Liv i Naturen efter Vinterens Studier og som derved samtidig opnaar en ofte stærkt tiltrængt økonomisk Støtte til den kommende Vinters Studier*“ (Th. Krabbe). Þann 2. ágúst hringir Th. Krabbe til að fregna hvernig nýja mælingamanninum reiðir af. Jón er óheppinn með veður í þessari fyrstu mælingu sinni. Það er „*landsynningsrok og regn*“ flest alla daga. Þann 24. okt. segir „*Heim kom jeg til Rvíkur úr mínum fyrsta mælingaleiðangri seint um kvöld í myrkri, mamma var að gera slátur*“. Jón færði henni 40 kg af fiski „*er jeg keypti í Gerðum*“. Þessi kortagerð tók langan tíma. Hvorugtveggja var að veður var afar rysjótt og að þetta var fyrsta mæling Jóns. Seinna gerði Jón kort af höfnum á innan við tveimur vikum. Kortunum fylgir einatt fremsta húsaröð við sjóinn.

„*25. okt. Jeg gekk niður á skrifstofu og talaði við Th. Krabbe, þar er G. Heiðdal aðstoðarmaður, hann heilsaði mjer mjög hlýlega. 26. okt. Í dag kom jeg í fyrsta sinn á vitamálaskrifstofuna til að vinna þar. G. Hlíðdal hjálpaði mjer til að koma borði mínu fyrir o.fl. - byrja að draga sjávarhæðarlínur upp*“ (44).

Sjávarmælingarnar kröfðust þess að maður í báti réri eftir ákveðnum miðum frá landi og tæki dýpi með lóði á vissu millibili. Uþb. 27 mið voru notuð af lendingunni á Skagaströnd árið 1919 með 20 til 75 mælipunktum hvert. Á teikningunni stendur „*Skagaströnd. Gert af Jóni J. Víðis (mælt 1. til 6. ágúst 1919.). Mælingin er miðuð við 0, sem er fjöruborð er liggur 7,93 metrum undir pallinum á vesturtröppum kaupfélagsins (norðurbrún upp við húsið.). - Flóðfar er hjer um bil +1,6 m.*“ (1).

Í júní 1919 mælir Jón í **Grindavík**. „*Mæli á sjó og lýk sjómælingu. Súgur mikill. Sjómannahetjurnar dauðhræddar!! - í lendingum vegna soga, en alt gekk þó slysalaust, en við auðvitað blautir*“. Ekki var gefist upp við svo búið því seinna um sumarið er hann staddur á Norðurlandi. „*Aftakaregn af og til um daginn, fyrripartinn. - Mældi utan hafnar frá ströndinni, þar var svo mikill súgur að ólendandi var, en Pjetur Sveinsson var í landi og færði línuendan og veifurnar. Jeg hafði regnhlíf í bátinum!*“ Um vorið hafði Jón þó búið sig vel fyrir sumarið því hann „*Keypti Gumistígvél hjá Lárusi á kr. 23.00*“ (44).

Sjósmælingakort Jóns eru ennþá til hjá Vita- og hafnamálastofnun (1) þótt einhver séu glötuð (34), a.m.k. þeirri stofnun. Sjókortin eru oftast í mælikvarðanum 1:2000, teiknuð á þykkan pappír og lituð að nokkru leyti. Sum þeirra eru afar falleg og hefur starfsfólk látið innramma nokkur þeirra og hengt þau til prýði á veggum í herbergjum sínum og í fundarsal. Þau eru nákvæmlega unnin, rétt eins og Th. Krabbe bendir á í tilvitnun hér að ofan, og reynast

hárnákvæm þegar þau eru í dag borin saman við ný kort (34). Til er kladdi hjá Vita- og hafnamálastofnun með upptalningu á kortum embættisins (34).

Mælingar fyrir Skipulagsnefnd ríkisins

Eins og áður segir gerðist **Geir G. Zoëga** vegamálastjóri árið 1918, en hafði árið 1917 gegnt embætti aðstoðamanns Th. Krabbe landsverkfræðings. Jón Víðis réðst til starfa hjá Zoëga árið 1922 þegar verki hans við hafnamælingar lauk. Að vísu ekki strax við vegamælingar, heldur við mælingar og kortagerð af skipulagsskyldum stöðum fyrir skipulagsnefnd kauptúna og sjávarþorpa. Í henni sátu á þessum árum Geir G. Zoëga vegamálastjóri (árin 1918-1956), Guðmundur Hannesson (1866-1946) prófessor, og Guðjón Samúelsson (1887-1950) arkitekt og húsameistari ríkisins (árin 1919-1950). Jón Víðis þekkti þessa menn vel. Árið 1934 leysti Emil Jónsson (1902-1986) verkfræðingur og vitamálastjóri (árin 1937-1944 & 1949-1957) Guðmund af í skipulagsnefnd. Lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa voru samþykkt árið 1921 og giltu til ársins 1964 með umtalsverðum breytingum árið 1938, sem jafnframt tákna endalok þessa tímabils. Lögin náðu með undantekningum einnig til minni staða, en annars til staða með 500 íbúa eða fleiri. Þeir voru 16 (51). Sem dæmi um minni staði má nefna Laugarvatn og Reykholt. Með breytingunum 1938 var Hörður Bjarnason ráðinn skipulagsstjóri og Zóphónías Pálsson árið 1954.

Mælingar af skipulagsskyldum stöðum

Jón kortlagði flest kauptún og alla kaupstaði landsins nema Reykjavík og Vestmannaeyjar og „var það ákaflega mikið nákvæmnisverk og bindandi starf, það er óhætt að segja það“ (40). Um bæjamælingar sínar í 20 ár hefur Jón annars þetta að segja: „Þegar ég kom inn í ókunnugan bæ og sá allan þann húsafjölda, og allt það sem ég vissi að ætti að mæla upp, þá alveg blöskraði mér. Ég átti að mæla upp hvert einasta hús, hverja einustu götu, hverja einustu girðingu, hvern einasta símastaur, hvert einasta niðurfall í götunum ...“ (40).

Sumarið 1932 mældi Jón **Sauðárkróksbæ**. Hann fór ásamt Geir G. Zoëga og fleirum í bíl austur í Biskupstungur. Þaðan riðu þeir norður í Skagafjörð með viðkomu í Hvítárvatnsskála og komu að Mælifelli á fjórða degi. Þá var bíllinn kominn þangað og hafði verið farið með hann hringinn. Zoëga notaði bílinn fyrir norðan, en Jóni var ekið út á Sauðárkrók. Í þessari ferð höfðu þeir með sér mat í niðursuðudósum, tilbúna steik og súputeninga sem Zoëga lagaði uxahalasúpu úr.

Kort Jóns frá þessum tíma eru öll til hjá Skipulagi ríkisins í góðri umhirðu (1), enda er ennþá gripið til þeirra þegar önnur gögn hrökkva ekki til (10). Þau eru í mælikvarðanum 1:500 eins og kveðið var á um í lögum, en skipulagskortin 1:2000. Zóphónías Pálsson vann nokkru seinna sem mælingamaður í áratug og bætti inn á kortin. Hann segir Jón hafa unnið nokkuð að **skipulagsmálum** að vetrinum. Það kemur reyndar fram í bók Páls Línal *Bæirnir byggjast* að Jón hefur víða unnið að „uppkasti að fullkomnum skipulagsuppdrætti“ og stundum gefið færi á fleiri en einum valkosti. Guðmundur Hannesson kemur iðulega á staðina til að glöggva sig á aðstæðum fyrir skipulag. Áhuga Guðmundar á skipulagsmálum virðast engin takmörk sett. Þó kemur víða fram í bók Páls að skipulagsnefndin annar ekki eftirspurn, enda tóku hreppsnefndarmenn skipulagslögnum greinilega mjög vel þótt stundum hafi verið ágreiningur um greiðslur (51). Geir Agnar Zoëga, sonur Geirs vegamálastjóra, segir um 1:500 kortin að „telja megi

tröppurnar á þessum teikningum“ og að „ætlast hafi verið til þess að mæla mætti vegalengdir á kortinu“ (9). Þau eru teiknuð með svörtu tússi á léreft sem í dag er drapplitað og gefur frá sér súran þef. Mörg kortanna eru falleg og hafa starfsmenn látið innramma þau, líkt og hjá Vita- og hafnamálastofnun, og hengt á vegg stofnunarinnar til þýði (1). Yfirlit yfir kortin er að finna í ársskýrslu Skipulags ríkisins fyrir 1988 (52). Jón hafði vinnuástöðu til þessa starfs hjá vegmálastjóra, en samkvæmt lögum greiddi ríkið fyrir helming vinnunnar og viðkomandi sveitarfélag hinn helminginn (9, 51).

Mælingar fyrir Vegagerð ríkisins

Eftir að embætti skipulagsstjóra var stofnað 1938 starfaði Jón nær eingöngu að vegamælingum. Vegamálastofnanir flutti heiman frá Zoëga vegamálastjóra í Arnarhvol árið 1930, en þegar dómsmálaráðuneytið gerðist of frekt til plássins árið 1954 fluttist hún á Laugaveg 114 og snéri bæði að Snorrabraut og að Laugavegi. Áhaldahúsið hafði portið á bakvið og neðstu hæðina þeim megin. Árið 1964 flutti skrifstofan síðan í núverandi húsnæði við Borgartún.

Af vegum þeim sem Jón mældi á fyrri árum sínum sem vegamælingamaður má nefna Sogsveg, Þrengslaveg (fyrsta mæling 1929) og Vatnsskarðsveg ásamt vegi um Fróðárheiði, um Búlandshöfða og um Skógarströnd (32, 9). Og verður nú sagt frá seinni mælingum.

Vestfirðir

Þegar Jón Víðis varð sjötugur var þess farið á leit við hann að hann héldi áfram störfum, en þá stóð yfir mikið átak í samgöngubótum á Vestfjörðum og gekk undir nafninu Vestfjarðaáætlun. Þar vó vegagerð þungt, enda margt eftir ógert þar og stór hluti vega enn ruðningsvegir, eða vegir lagðir með handverkfærum, börum, og í besta falli hestvögnum. Jón mældi því fram til ársins 1969 að hann varð 75 ára og var allan tímann heilsuhraustur. Má segja að **vegir Jóns um Vestfirði** frá þessum árum og fyrr hafi markað tímamót í vegagerð hérlendis. Jón var framsýnn og þetta voru bjartsýnisár. Allt virtist stækka og verða meira og það átti jafnt við um Vestfirði og aðra staði hér á landi. Vegirnir hans voru á þessum árum lagðir 8 m breiðir og í fallegum bogum um landið og yfir heiðar. Nú voru fylltar upp dældir sem áður hefði verið sneitt fram hjá og ár brúaðar af myndarskap. Líklega hefur enginn landshluti haft betri vegi en Vestfirðir árið 1969. Nefna má vegina yfir Dynjandisheiði (1959), Kleifaheiði, Hrafnseyrarheiði, Mikladal, Hálfán (1965), Gemlufallsheiði (1966), Breiðadalsheiði (1964), veginn um Kerlingarfjörð, Kjálkafjörð og fyrir Hjarðarnes (1965-1966) og veginn um Djúpið, en hann var kominn langleiðina inn í botn Skötufjarðar, innanfrá, árið 1969. „*Alla þá fjallvegi sem nú eru lagðir á Vestfjörðum nema Þorskafjarðarheiði hef ég ákveðið og mælt fyrir*“ segir Jón í blaðaviðtali 1972 (40). Á þessum árum mátti sjá allt að 8 jarðýtur (22 t) vinna saman og má rétt ímynda sér atganginn. Jarðýtur reyndust einkar heppilegar til vegagerðar hér á landi og voru vegagerðarmenn fljótir að átta sig á því eftir að menn komust upp á bragðið. Vélarnar hentuðu einkar vel til að gera sneiðinga í skriður, en þannig háttar víða hér á landi. Forvitnilegt er að heyra hvað Árni G. Eylands hefur að segja um jarðýtur árið 1950.

Fyrstu jarðýturnar

„Notkun beltatraktora með ýtum hefur reynzt svo **mikilsverð nýjung** hér á landi, að fátítt er. Jarðýturnar hafa á fáum árum gerbreytt aðstöðu og getu við vegagerð og framkvæmd margs konar mannvirkja. Þó að skammt sé um liðið síðan fyrstu vélarnar af þessari gerð komu til landsins, er þegar svo blandað málum um tilkomu þeirra, að í hugum flestra eru þær taldar til þess, er af stríði og herbúnaði flaut. En svo er ekki; fyrstu jarðýturnar komu á vegum friðar og ræktunar sem búvélar handa bændum, sem eðlileg og nauðsynleg nýjung í viðleitni þeirra til þess að rækta landið á hraðvirkan hátt og með miklum átökum.

Árið 1941 eru fyrstu skurðgröfurnar, sem ætlaðar eru til að vinna að framræslu vegna túnræktar, pantaðar, og koma til landsins vorið 1942. Er farið var að vinna með fyrstu gröfunni að framræslu í Garðaflóa við Akranes, kom fljótt til greina, með hverjum hætti vélaafl yrði notað til þess að dreifa hinum miklu ruðningum, sem upp úr skurðunum komu. Afréð Verkfæranefnd þá að kaupa beltatraktor með jarðýtu til þess að vinna þetta verk. Voru þá pantaðar tvær vélar af gerðinni International TD 9 með Bucyrus Erie jarðýtu 10' breiðri skástæðri (Bullgrader) með vökvalyftu. En þær komu ekki til landsins fyrr en um mitt sumar 1943. Aðra vélina tók Verkfæranefnd til sinna þarfa og tilrauna á vegum Vélasjóðs, en hin var seld Sigfúsi Öfjörð í Norðurkoti í Flóa. Var hugmynd Sigfúsar að nota ýtuna til þess að hefla þúfur af áveituengjum í Flóanum. Það reyndist vel framkvæmanlegt, en brátt kom í ljós, að önnur verkefni og álitlegri biðu ýtunnar við ræktun og vegagerðir.

Ýta Vélasjóðs tók til starfa í Garðaflóa 14. ágúst. Kom þegar í ljós, að vinnubrögð hennar voru hin beztu, er á varð kosið, bæði við að dreifa ruðningum og við að jafna þá sem ræktunarvegi. Um haustið **1943** var unnið með vélinni að vegagerð á Skorholtsmelum í Leirár- og Melasveit. Var lagður þar **fyrsti vegarspottinn**, sem gerður var með jarðýtu af íslenskum mönnum hér á landi. Sumarið 1944 vann þessi sama jarðýta að því að lagfæra farveg Hjaltadalsár í Skagafirði til bjargar Hólaengi og var síðar seld Hólaskóla.

Þannig losnaði skriðan. Kapphlaup varð um að fá beltatraktora með jarðýtum, og fengu langtum færri en vildu; hefur svo verið til þessa [1949]. Á það jafnt við um vélar til ræktunarframkvæmda, vegagerðar og margvíslegra framkvæmda annarra. Árin 1943-'46 flytur SÍS inn 41 slíka vél og 33 1947-'48, og jafnframt því fara önnur fyrirtæki að flytja inn beltatraktora með ýtum. Auk þess eignast landsmenn töluvert af slíkum vélum frá Bandaríkjaher að stríðinu loknu. Þessi nýjung, sem stofnað var til í þarfir landbúnaðarins, varð fyrr en nokkrum gat til hugar komið orðin svo að segja óskarad fleiri atvinnuvega þjóðarinnar við ótrúlega margar framkvæmdir“ (59).

Eirík Eylands, sonur Árna Eylands, segir að vegurinn sem lagður var á Skorholtsmelum sumarið 1943 hafi verið um 500 m langur og legið milli Skorholts og Geldingaár. Þetta var **tilrauna-verkefni** Vegagerðarinnar. Hannes Arnórsson mun hafa mælt fyrir veginum (64), en Jón J. Víðis fylgdist með árangrinum og var fljótur að tileinka sér nýjungarnar (63). Eirík vann sjálfur á ýtunni við þetta tækifæri og hafði reyndar einnig verið á henni í Garðaflóa fyrr um sumarið (62). Eirík telur að vegurinn yfir Vatnsskarð fyrir norðan hafi verið fyrsta stóra verkefnið sem unnið var með jarðýtum og hafi menn þá verið að fóta sig áfram með hina nýju tækni. Jón minntist þessa reyndar gjarnan þegar ekið var um Vatnsskarð (1).

Vélin sem vann fyrir Vegagerðina 1943 var í eigu Verkfæranefndar (59). „Vegagerð ríkisins fær fyrstu skurðgröfu sína búna mokstursskóflu 1943 og **fyrstu jarðýtuna** 1944, hvort tveggja

fyrst og fremst að fordæmi Verkfæranefndar. Er auðvelt að upplýsa það greinilega, svo að ekkert fer þar á milli mála“ (61). Annars staðar kemur fram að Árni telur Vegagerðina hafa eignast þrjár ýtur árið 1944 (64).

Aftur um fyrstu jarðýturnar

Th. Krabbe segir á örlítið annan hátt frá fyrstu ýtunum í hinu stóra ritverki sínu frá árinu 1946. Hann var þá kominn til Kaupmannahafnar og tengslin rofin milli landanna vegna stríðsins. Krabbe hafði því ekki nákvæmar heimildir og ber því að líta á frásögn Árna G. Eylands sem hina réttu. Bók Krabbe er vel þekkt meðal vegagerðarmanna og er því rétt að birta kaflann um fyrstu ýturnar úr henni. „Indtil 1943 havde Direktoratet disponeret over 19 Vejrhøvle, hvoraf dog de 7 var stærkt slidte. Men i August det Aar kom der 3 Stk. 10 ts Bulldozer's fra Amerika, som Tillæg til de 6 ældre af samme Type, som havde været i Brug i nogle Aar. I Oktober 45 kom yderligere 3 Bull-dozer's og 4 Gravemaskiner til Jordarbejde, og saa manglede endnu 6 Gravemaskiner, 13 Bull-dozer's samt 3 kombinerede Bulldozer's og Gravemaskiner, som alle ventes i Løbet af Vinterern tillige med 2 engelske Blandemaskiner till Tjærebeton“ (60). Krabbe bendir á að þegar stríðið byrjar og stríðsframkvæmdirnar hefjast hækki laun og vöntun verði á vinnuafli. Því verður þessi þennsla á vélakaupum landsmanna.

Aðstoðarmenn

Jón hafði að jafnaði tvo aðstoðarmenn við mælingarnar og voru ungir systrasynir og systradætrasynir hans með honum hver á fætur öðrum. Þetta voru Sigurður Haukur Sigurðsson kennari (1938-1946), Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitekt (1944-1957), Jakob Hálfðanarson tæknifræðingur (1956-1965), Már Viðar Músson sálfræðingur (1962-1969), Jón Grétar Hálfðanarson eðlisfræðingur (1964-1967) og Nikulás Úlfar Músson arkitekt (1967-1972) auk nokkurra sem störfuðu um skemmri tíma. Einnig störfuðu með Jóni margir fleiri piltar, skyldir sem óskyldir. Nefna má Jóhann Skaptason sýslumann (1925-1927), Þorvarð Örnólfsson lögfræðing, bræðurna Geir Agnar fv. frkvstj. Ísaga (1930-1936) og Gunnar endurskoðanda Zoëga, Geir U. Fenger verslunarmann, Svan Sveinsson lækni og bræðurna Áka lögfræðing og þingmann og Ásgeir málarameistara Jakobssyni.

Starfið og allt sem því fylgdi var **ómetanlegur skóli** fyrir piltana og markaði viðhorf og lífsstarf margra þeirra. Til marks um það sagði Jón Grétar Hálfðanarson, einn mælingamanna, þannig frá þegar Verkfræðingafélag Íslands sæmdi hann heiðursmerki fyrir störf sín árið 1989: „Þó heiður eins og mér er veittur hér í kvöld sé mikilsverður og sé mér mikil hvatning, þá er það hverjum manni enn mikilvægara að vera sjálfur sáttur við líf sitt og starf, - að vera sjálfur ánægður að kvöldi með dagsverkið, óháð hrósi og álitum annarra. Þessa lífsspeki lærði ég af Jóni Víðis, landmælingamanni, móðurbróður mínum“ (31). Eins og fram hefur komið eru tveir aðstoðarmanna Jóns arkitektar, þeir Þorvaldur S. og Nikulás Úlfar, en Jakob Jón er vegtækni-fræðingur og starfar enn hjá Vegagerðinni. Það eru vafalaust áhrif sem rekja má til Jóns Víðis. Ekki má skiljast svo við aðstoðarmenn að þess sé eigi getið að Haukur mældi fyrir Vegagerðina í 50 ár, eða frá 1938 til 1987. Þá hélt Már Viðar áfram að mæla í nokkur ár eftir að Jón Víðis hætti störfum.

Geir U. Fenger er ákaflega hlýtt til Jóns. „Jón lét okkur strákana teikna gróðurfar inn á Íslandskort á kvöldin til að hafa ofan af fyrir okkur. Ég man eftir sumrinu þegar við mældum

upp Hvammstanga. Sunnudag einn hjólaði Jón Víðis með okkur í Borgarvirki. Það var stórkostleg ferð. Hann gerði þetta fyrir okkur strákana og gerði það með reisn. Ég kom að Borgarvirki í fyrra og stórkostlegar minningar rifjuðust upp“ (25).

Þegar Jón Víðis hóf störf hjá Vegagerðinni árið 1922 var hún til húsa á Túngötu 20, heima hjá Geir G. Zoëga. Geir Agnar Zoëga var þá aðeins 3ja ára, en man eftir sér hlaupandi inná skrifstofu til Jóns frá þeim tíma. Hann segir Jón ætíð hafa verið góðan vin sinn. Það var einmitt frá Túngötu 20 sem Sprengisandsferð Jóns og féлага hófst árið 1933. Þaðan lá leiðin upp Bankastræti og vakti ökuferðin athygli bæjarbúa, ekki síst hin stóra regn- og sólhlíf Jóns sem margir þekkjja. En það er önnur saga. Hitt má koma fram hér að Jóni var alla tíð einstaklega hlýtt til Geirs G. Zoëga. Þeir þéruðust ætíð eins og þá var siður (9, 56).

Geir Agnar segir frá því að Geir faðir sinn hafi hvatt Jón til að ferðast á sunnudögum. Hann man eftir því er þeir mælingamenn riðu um sveitir sem þeir áttu annars ekki erindi um. Jón hélt þessu við alla tíð þótt ekki yrði það á hverjum sunnudegi. Hann hafði óseðjandi áhuga á landinu og allir aðstoðarmenn hans geta sagt sögur af könnunarferðum af þessu tagi. Jón skrifar föður sínum frá Þingeyri 26. ágúst 1936. Þar segir m.a.: „*Goðafoss kemur hjer í nótt kl. 12 á suður leið og með honum sendi jeg böggul af óhreinum þvotti. Í bögglinum er líka dós með bláberjum. Við fórum í berjamó á sunnudaginn var, hjer inn í fjörð, fórum á mótorbáti klukkutímaferð, með fjölskyldu oddvitans hjer (sonur hans aðstoðar okkur við mælinguna) og fjölskyldu kaupmanns eins. Annars var þarna krökkt af fólki í skógarbrekkunum*“ (53). Geir Agnar var einnig með í berjaferðinni.

Það gefur auga leið að stundum var gantast á ferðalögunum. Jón tók það snemma í sig að neyta ekki smjörlíkis sem viðbits. Á árunum eftir seinna stríð var smjör skammtað og stundum brugðið á það ráð að setja smjörlíki á brauð. Eitt sinn sem oft var þeim Jóni, Sigurði Hauki og Þorvaldi S. boðið til matar á sveitabæ og var smjörlíki á borðum. Haukur og Þorvaldur settu smjörlíki á rúgbrauðið, en Jón borðaði sitt þurrt. Þegar út í bíl kom segir Haukur: „Mikið var gott smjör á þessum bæ“. „Já, það var eitthvað svo mikið rjómaþagð af því“, bætir Þorvaldur við. Það er ekkert sem heitir, Jón hrekkur við og segir hátt og gnellt: „*Ha, hvað segið þið, var þetta smjör?*“. Frændur bita höfuðið af skömminni og bæta við: „Já, já þetta fina smjör“ (11, 12).

Leitin að hentugu vegstæði

Vegamælingarnar fóru þannig fram að byrjað var á því að ganga um væntanlegt vegstæði með staðkunnugum og vegaverkstjóranum. Nær ætíð var leitað til bænda og stundum til mjólkurbílstjóra, en þeir gátu sagt til um snjóalög. Við erfiðar aðstæður gat þurft að fara æði margar ferðir til að finna hentugt vegstæði (35) og var þá stundum riðið. Þetta átti við um Vestfjarðahálendið eins og Jón kallaði leiðina úr Vatnsfirði yfir í Arnarfjörð oftast. Sú leið liggur upp Peningsdal, um Hornatær, fyrir botn Geirþjófsfjarðar, um Dynjandisheiði og niður í Dynjandisvog. Það lá ekki alltaf ljóst fyrir hvar skyldi fara með vegi. Ýmislegt var rætt og ritað um vegstæði á Vestfjörðum. Gísli Jónsson (1889-1970) alþingismaður fékk þá hugmynd eftir að hafa flogið yfir Vestfjarðahálendið að ekki þyrfti annað en fara yfir það með veghefli og síðan mætti gera spotta ofaní firðina (1). En reyndin varð önnur þegar til kastanna kom. Þegar vegurinn yfir Dynjandisheiði var tilbúinn árið 1959 þótti vel hafa tekist til með vegstæði. Vegurinn liggur í fallegum bogum yfir heiðina. Hann var einnig sérkennilega rauður á litinn, en ofaníburður var sóttur í botnlög stöðuvatns í Vatnahvilt á heiðinni. Eftir þá uppgötvun

fundust við leit gamlir vatnsbotnar uppi á fleiri heiðum fyrir vestan. Þótti gott að þurfa ekki að aka með ofaniburðinn upp brekkurnar.

Um veginn yfir Vestfjarðahálendið hafði Sigurður Jóhannsson vegamálastjóri þetta að segja: „Jón var teiknari af guðs náð og gat á skammri stund rissað landslag eftir minni þegar rætt var um legu vegar. Skýrslur sínar og áætlanir prýddi hann oft slíkum teikningum sem sýndu legu vegar í landslaginu og minnst ég þess ekki að hafa séð aðra mælingamenn eða verkfræðinga leika slíkt eftir. *Næmleiki Jóns fyrir línunum og formi* gerði honum auðvelt að átta sig fljótt á því hvar veglína færi vel í landslagi og bera margir vegir þess glögg merki eins og t.d. Vestfjarðavegurinn um Dynjandisheiði“ (22).

Með Dynjandisheiði var *síðasta farartálmanum* á milli höfuðborgarinnar og Ísafjarðar rutt úr vegi. Ánægju manna með nýja veginn er vel lýst í einlægu ljóði Guðmundar Inga Kristjánssonar skálds á Kirkjubóli í Bjarnadal í Öndarfirði (50). Kvæðið var flutt við vígslu vegarins sem jafnframt var vígsla vegasambands milli landshluta. Vígslan fór fram í vinnubúðum vegagerðarmanna sunnarlega á heiðinni. Jón Víðis og Sigurður Jóhannsson vegamálastjóri voru viðstaddir. Verkstjórar voru Þorsteinn Ólafsson sem vann að norðan og Magnús Ólafsson (65) í Vestur-Botni sem vann að sunnan. Jón nefndi staðinn sem vinnuflokkarnir mættust á Þröskuld.

Vestfjarðavegur

Vegir hækka, vegir lengjast,
vegum nýjum héruð tengjast.
Réttir ungur aðra hönd
Ísafjörður Barðaströnd.

Þar sem Mjólka magn sitt breiðir
mönnnum opnast nýjar leiðir,
yngist sál og auðgast jörð
eftir nýja vegagjörð.

Hér er brautin byggð af snilli,
bræðravegur sýslna milli.
Stendur opin auð og greið
Ísfirðingum suðurleið.

Þeir sem luktust áður inni
aka nú í gleði sinni
þar sem urð og eggjagrjót
áður þreyttu sáran fót.

Hér er furðu fagur vegur
ferðamönnum ævinlegur
þar sem áður enga slóð
útigönguklaufin tróð.

Vel sé þeim sem verkin unnu,
vegarúnir sínar kunnu,
lyftu byggðum okkar af
einangrunar galdrastaf.

Nú skal fagna nýjum vegi,
nýrri sókn með hverjum degi,
láta vesturfirði fá
frama þann sem völ er á.

Guðmundur Ingi Kristjánsson

Mælingarnar

Þar sem enginn vegur var fyrir, eða aðeins ruðningsvegur, þurfti að leita víða að hentugu vegstæði. Svo dæmi sé tekið var leitað í nokkur sumur áður en ákveðið var að fara yfir Dynjandisheiði, en tíminn notaður á meðan til að leggja vegi í byggð. Þegar leið fór að taka á sig mynd var litlum **trétittum** (Viðistittum) sem blaði hafði verið stungið í endann á komið fyrir á hæstu þúfum svo þeir sæjust vel. Tittirnir voru færðir til þangað til komin var líkleg veglína. Á þessu stigi komu handhallamælarnir sér vel þegar farið var bratt, t.d. í sneiðing. Reynt var til þrautar að hafa ekki meiri halla á vegi en sem nam einum á móti tíu (1:10 eða 10%). Í einstaka tilfellum varð það gott að heita þótt brattinn væri allt að 1:8 (12%). Í Austmannsfalli í Dagverðardal varð örstutt brekka 1:6 (15-16%), en bílstjórar þungra flutningabíla kusu það heldur en einn sneiðinginn í viðbót með tilheyrandi beygjum sem drógu úr hraða bílanna. Þetta viðhorf þeirra átti bæði við sumar- og vetrarfærð, en gat ekki gengið í löngum brekkum.

Síðan var línan mæld þannig að **tréhælum** (þollum á Vestfjörðum) var stungið í jörðu með 20 m millibili. Þrír menn gengu línuna með rauðar og hvítar mælingastikur. Jón gekk fremstur með númeraða hælana í fanginu. Á milli hans og næsta manns var 20 m snúra strengd. Þriðji maður, sá yngsti, stóð síðan 20 m aftar með sína stiku við næst síðasta hæl. Þannig gat Jón fundið beina línu með því að bera hinar tvær stikurnar saman. Síðan var notuð fráviksaðferð í beygjum og ef frávikði passaði ekki varð að byrja beygjuna uppá nýtt. 1 m frávik gaf beygju með 400 m radíus. Reynt var að hafa beygjur ekki krappari en það þótt landslag yrði að sjálfsögðu oft að ráða. Algengt var að gera beygjur með 50 cm frávik (800 m radíus), en þær þótti gott að aka.

Þá var línan gengin og **hallamæld**. Vegavinnuflokkurinn var stundum kominn á staðinn og var þá fenginn fjórði maður að láni úr flokknum. Í löngum mælingum hélt Jón áfram að setja út línuna með nýja aðstoðarmanninum og vegaverkstjóranum, en frændurnir hallamældu á eftir. Yngsti frændinn var þá stangarmaður. Lesið var af stönginni á 1 cm eða 5 cm bilum.

Að lokum gekk Jón línuna með vegaverkstjóranum og gjarnan ýtumanni. Þeir ákváðu **veghæðina** á staðnum með því að staldra við hæla og ákveða í sameiningu hvaða veghæð væri eðlilegust á þeim stað, hver hún mætti vera mest og hver minnst. Þessar upplýsingar komu síðan að góðu gagni við teikningu veglínunnar á mælingablöðin, en sú vinna fór yfirleitt fram á borðinu í matarskúrnum að kvöldi. Hæðaseðlar, með hæð vegar frá jörðu við hæl, voru að lokum afhentir vegaverkstjóra. Vegaverkstjórnarnir settu síðan út hæðirnar með vegstikum. Á áratugunum eftir stríð komust 300 m fyrir á hallamælingablöðunum og það sama á hæðaseðlana.

Ef ekki átti að nota mælinguna (línuna) strax var gengið frá hælunum fyrir veturinn. Í mýrum var stungið torf með stunguspaða í línunni framan við hælinn og lagt á hvolf yfir hælinn. Þessa hæla mátti finna eftir áratugi. Ef náðist í steina var þeim raðað kringum hælinn. Þá mátti finna gatið þótt hælinn hyrfi. Á hundrað metra bilum var skorið númer í hælana því blýants-stafir

vildu mást út. Urðu margir mælingamenn flinkir í útskurði og enginn mælingamaður var til sem ekki hafði hníf í vasanum. Var þá t.d. skorið 5,9 og táknaði 5 km og 900 m. Næsti skorni hæll hafði 6,0 o.s.frv. (1, 11, 12, 13, 16, 29, 31). Mælingamenn muna að allir hælur fundust á Laxárdalsheiði eftir meira en tvo áratugi (12). Árið 1974 var mæld lína yfir Fljótsheiði, en fé fékkst ekki svo leggja mætti veginn. Í maí 1995 mátti enn ganga að hælunum vísun og lesa á þá útskornu (1).

Annars konar vegagerð

Vert er að minnast sérkennilegrar vegagerðar af öðru tagi. Íslendingar þekkja ruðningsvegin, þennan sem liggur lægra en landið. Hann er nú einkum að finna í óbyggðum og mörkuðu hjólför frumherjanna gjarnan fyrstu sporin. En til að koma **Ströndum** norðan Bjarnarfjarðar í vegasamband fyrir takmarkað fé ákvað Jón að láta ryðja veg norður Bala, um Spenu og Selagónu, fyrir Byrgisvíkurfjall og Veiðileysukleif, um Veiðileysufjörð, Kúvíkurháls, og inn að Djúpuvík. Þaðan lá nær tilbúinn vegur að Eyri í Ingólfsfirði. Þeim sem að verkinu komu er minnisstætt þrekvirki Baldurs ýtumanns Sigurðssonar frá Klúku þegar hann lagði veg um Veiðileysukleif sem þótti ófær. Leiðin var brúuð trébrúm sem gerðar voru að mestu leyti úr rekaviði af svæðinu og byggðar af hagleiksmönnum úr hópi vegagerðarmanna (35). Brýrnar standa á grjótkláfum beggja vegna árinna (39). Vegaverkstjórar voru Þorsteinn Ólafsson kennari og Ásgeir Kristmundsson frá Grundarfirði. Þetta var á árunum 1962-1964. Svo mikill var hugur í mönnum á þessum árum að Jón fékk bóndason í Ófeigsfirði til að flytja sig og sína menn ásamt Þorsteini alla leið að Dröngum. Þar var þeginn næturgreiði af Kristni bónda, Önnu konu hans og börnum þeirra. Frá Dröngum var gengið næsta dag alla leið í Ófeigsfjörð og vegstæði kannað. Komið var myrkur þegar í Ófeigsfjörð var komið, en þar beið göngumanna einhver fjölbreyttasta máltíð sem menn muna. Þar var selkjöt á borðum, alla vega framreitt, alls lags fuglar og kjöt af búsmalanum (1, 29). Seinna fluttu Kristinn og Anna að Seljanesi við Ingólfsfjörð. Mælingamönnum er enn í fersku minni hrefnusteik sem þeim var boðin þar og var hreinasta afbragð (1, 12, 13). Kristinn hafði sjálfur veitt hrefnuna.

Aðbúnaður

Langoftast var **tjaldað** í stóru, þungu og botnlausu vegagerðartjaldi. Sofið var á beddum sem þykkar bólstraðar dýnur voru lagðar á. Segldúkur var hafður á jörðinni á milli þeirra. Beddana mátti leggja saman í flutningum milli staða. Jón var mjög nákvæmur með sitt rúm og hafði sérstakar kúnstir frammi við það. Hann lyfti höfðalaginu nokkuð hátt upp og sömuleiðis fótunum. Þannig svaf hann í boga og alltaf á bakinu. Jón hafði sinn sængurfatnað með á ferðalögum, en aðstoðarmenn ýmist sængur eða svefnpoka (1, 11, 16). Jón kunnir ekki við vegavinnuskúrana nema mælingamenn hefðu skúr fyrir sig. Þá mátti ráða háttatíma, fótaferðartíma og hitastigi.

Verkaskipting var viðhöfð þegar tjald var tekið upp að morgni. Pakkaði hver fyrir sig, en síðan kom það í hlut bílstjóra að raða í bílinn og mátti engu skeika, enda farangur mikill og pláss aldrei meira en rétt nóg. Yngri aðstoðarmaðurinn rétti kofort og pinkla. Þá var Jón laus og frekar en hafast ekkert að gekk hann af stað „*til að flýta fyrir*“ (1, 16).

Stundum var **gist á sveitabæjum** og oft var greiði þeginn. Urðu mælingamenn oft fegnir að koma í hús að ræða við fólk og fá lagaðan mat eftir langar útiverur. Jón vildi alltaf borga fyrir sig og sína menn, en oft gekk illa að fá heimafólk til að taka við greiðslu. Þá greip Jón gjarnan

til þess ráðs að stinga peningi að börnum ef þau voru á heimilinu, en bók að húsráðendum. Þannig eignuðust margir ferðasögu Ebeneser Henderson.

Löguð og framborin máltíð gat af skiljanlegum ástæðum verið langt undan. Stundum leiddi það til þess að menn voru svangir, því vinnan gekk fyrir öllu. Þegar þannig háttaði var borðað vel um tíuleytið að morgni, en nesti tekið með á gönguna til að borða um daginn. Kvöldverður var þá snæddur um átta- eða níuleytið á kvöldin. Jón hafði alltaf **matarkassa** með á ferðum auk gaseldavélar. Í kassanum var þurrkaður og niðursoðinn matur. Þannig var oft löguð ágæt máltíð úr fiskibolludós og kartöfludufti, eftir að það fékkst. Sósa var þá löguð úr soðinu og tómatsúpudufti. Urðu sumir aðstoðarmenn skollans ári glúrnir við þessa matargerð. Þegar Einar Magnússon rektor lýsti í útvarpi um miðjan sjöunda áratuginn ferðalagi því sem hann og Jón fóru ásamt fleirum yfir Sprengisand, fyrstir manna á bílum, sagði hann frá þessari aðferð við matargerð. Hann kvað sannað að þeir sem hefðu lagað mat fyrir vegagerðarmenn við þessar frumstæðu aðstæður yrðu gæfumenn í lífinu (1, 19, 56). Eitt sinn er ungur frændi spurði að því á langri göngu hvort ekki kæmi bráðum að mat, benti Jón honum á að gott væri að venja sig á að „*verða ekki þyrstur fyrr en kæmi að næsta læk*“ (1).

Þegar áð var nálægt vegavinnuflokki var borðað í mötuneyti í **eldhússkúrnum**. Jón var ekki alltaf vinsæll hjá ráðskonum því hann kom nánast alltaf of seint í mat. Til er saga af því að er Jón mætti með sína menn of seint í matinn, sem endranær og ráðskona gerði sig líklega til að skammast, hafi Jón sagt við hana: „*Viltu ekki heldur koma út að kíkja á tunglið?*“ Hafði Jón þá stillt apparatið þannig fyrir utan að þegar litið var í það sást máninn í tuttugufaldri stækkun (31).

Jón hóf sjaldan vinnu fyrir kl. 9 að morgni, en vann hins vegar **fram í myrkur**. Mælingamenn höfðu iðulega ekki undan að vinna fyrir jarðýturnar. Og þá var unnið 14-16 tíma á dag, en aldrei skrifaðir fleiri en 10 tímar. Aðstoðarmaður spurði hví greiddir væru færri tímar en unnir væru og fékk það svar að hann væri að vinna fyrir föðurlandið (1). Jón tók snemma upp á því fyrirkomulagi að vinna lengi frameftir. Zoëga vegamálastjóri hafði sama hátt á. Þegar aðrir voru farnir heim voru þeir eftir Zoëga og Jón. Þannig fengu þeir meira næði til að sinna því sem beið þeirra. Þeirra vinnu lauk ekki fyrr en bunkinn á borðum þeirra tæmdist. Jón og Zoëga náðu vel saman þarna og þurfti Jón að leysa úr mörgu fyrir Zoëga, enda vel til þess fallinn og ekki aðrir á staðnum til þess (9). Unnið var nær alla daga. Stöku sinnum brugðu menn þó undir sig betri fætinum hluta úr sunnudegi og þáðu matarboð, skoðuðu sig um, eða tíndu krækiber sem send voru suður til fjölskyldnanna til sultugerðar. Úthald gat verið mánuður, var lengra fyrstu áratuginna, en styttist þegar bílar og vegir löguðust.

Í rigningu voru notaðar **olíukápur** áður en rafsaumaðar gúmmíkápur komu til sögunnar. Vildu þær leka á saumunum. Heldur hægði á mönnum í regnfötunum því þau hleyptu ekki út raka svo menn urðu blautir innanfrá. Jón gerði sjálfur **skálmar** úr vatnsheldu efni með hönkum úr sama efni að framan og aftan sem buxnabeltið var þrætt í gegnum. Jón skrifaði foreldrum sínum 5. júlí 1916 úr tjaldi við Bergá hjá Hólum í Nesjasveit: „*Eg bað Siggu að kaupa mér efni í skálmar, úr lérefsti, eg ætla að bera í þær svart, Sigga saumar, þá þarf eg líka að fá áburðardósina, sé nokkuð eftir, annars nýja*“. Þann 18. ágúst er Jón staddur á Akureyri og skrifar þá: „*Líst vel á skálmarnar, nema of þykkt í þeim. - Nonni*“ (53). Þessar skálmar voru svolítið púkó og gekk ekki of vel að fá yngri mennina til að klæðast þeim í byrjun.

Skófatnaður var af ýmsu tagi. Jón átti leðurgönguskó, en þeir voru dýrir og menn áttu þá yfirleitt ekki, heldur gengu í götuskóm eða strigaskóm, þegar þeir fóru að fást. Stígvél voru mikið notuð og tékknesku gúmmíklössarnir sem þóttu léttari til gangs. Jón gekk ýmist í brúnum fötum, en

hann lét sauma sér tvenn slík eftir að hann komst yfir stranga af efni á skömmtunarárunum eftir stríð, eða í sportfötum sem voru hnébuxur, götuleðurskór, sportsokkar, skyrta, bindi og léttur jakki við. Það varð mikill léttir fyrir mælingamenn þegar léttar vattfóðraðar nælonúlpur komu í búdir uppúr 1960 og hægt var að leggja þeim þungu og ekki að öllu leyti hlýju Álafossúlpum. Það kom fyrir að aðstoðarmenn kveinkuðu sér vegna kulda á höndum og nefndu vettlinga. Jón sagði þá „*þetta venst*“. Sjálfur sást hann aldrei með vettlinga eða hanska, enda handheitur vel og skrifaði úti eftir að aðrir voru krókloppnir. Þetta er góður eiginleiki mælingamanns, enda þarf hann að skrifa úti í misjöfnu veðri (1, 16, 31).

Farartæki og ferðalög

Fyrstu áratugin notaðist Jón við hesta og almenningsfarartæki, svo sem rútur og skip, á ferðum sínum. Þá var einnig gengið mikið. Þegar bílar fóru að koma var iðulega þegið far með þeim sem á annað borð voru á ferðinni. Þetta fyrirkomulag hefur líklega gengið bærilega á meðan Jón vann við kortagerð af höfnum og bæjum, enda verið lengi á sama stað (9). Um vegamælingarnar gegndi öðru máli. Nokkru fyrir stríðslok eignaðist Vegagerðin nokkra **Willis** herjeppa með blæjum. Jón fékk slíkan til umráða. Þetta voru að sjálfsögðu afar heppileg farartæki fyrir íslenskar aðstæður eins og þær voru þá. Hinu tekst hvorki að leyna né gleyma, að bíllinn sá vildi fyllast af ryki (11). Árið 1946 var jeppinn yfirbyggður, en hann var þröngur og kerru þurfti fyrir farangurinn (58). Árið 1956 komst Jón yfir innflutningsleyfi fyrir **Rússajepa**. Það voru skömmtunarár og fékk ekki hver sem vildi. Vegagerðin sótti einnig um leyfi fyrir jeppanum, en fékk ekki. Jón keypti bílinn og seldi síðan Vegagerðinni fyrir sömu upphæð. Innflutningsleyfi gengu kaupum og sölum á svörtum markaði á þessum tíma. Jeppinn var yfirbyggður hér og var af gerð sem menn þekkja enn þann dag í dag. Þessi bíll var góður ferðabíll og hentaði íslenskum vegum einkar vel vegna þess hve þýður hann var og rúmgóður. Bílar þessir biluðu ekki mikið fremur en Willisinn, ef rétt var á haldið, enda gerðir fyrir hernað.

Árið 1964 voru frjálsari tímar. Vegagerðin keypti nokkra lengda Willis jeppa sem voru heldur leiðinlegir í akstri. Fjaðrabúnaðurinn réði ekki við lenginguna. Jón og aðstoðarmenn hans kusu heldur **Volvo Lapplander** eftir prufutúr. Hann hentaði vel fyrir mælingamenn, enda kraftmikill og rúmgóður. Aftursæti vantaði þó í bílinn og var nú gripið til þess ráðs að setja aftursætið úr Willis jeppanum í Volvoinn handa yngri aðstoðarmanninum. Í einstaka tilvikum var sofið í Volvonum þegar veður eða aðstæður hentuðu ekki fyrir tjald (1, 16).

Jón tók ekki bílpróf fyrr en 1946 og var klaufi við akstur. Eldri aðstoðarmaður hans varð því að hafa bílpróf. Það kom þó fyrir að Jón ók sjálfur, enda aðstoðarmaðurinn ekki alltaf við hendina. Farþegum líkaði ekki alls kostar ökulag Jóns þótt það hefði ekki alvarlegar afleiðingar í för með sér, enda ók Jón jafnan lúshægt. Þekkt er enn hversu vel Jón gaf Rússanum inn og var lengi að sleppa kúplingunni. Varð af því mikill hávaði. (1, 16).

Hvenær sem ekið var lengri vegalengdir var staðan tekin á kílómetramælinum við vegamót og aðra áfangastaði. Upplýsingar sem þannig söfnuðust voru síðan notaðar í fyrsta **vegalengdakortið** sem kom út á Íslandi og Vegagerðin gaf út árið 1960. Kunningi Jóns, Ágúst Böðvarsson (1906) landmælingamaður og forstöðumaður Landmælinga Íslands, hélt síðan áfram útgáfu þeirra korta. Ágúst vann eins og Jón Víðis undir handarjaðri Zoëga vegamálastjóra við kortagerðina þar til Landmælingar Íslands voru stofnaðar árið 1956, „en þær eru mitt barn“ segir Ágúst (4). Zoëga var forseti Ferðafélags Íslands og gaf félaginu 1:750.000 kortið, sem það gaf lengi út. Ágúst hafði unnið að því eftir stríð og á grunni þess var vegalengdakortið gert.

Við skráningu vegalengda í bílnum krækti Jón litla fingri hægri handar undir bókina sem hann skrifaði í til að halda henni kyrrri, en þekktur var sá hæfileiki Jóns að geta með góðu móti teiknað, skrifað dagbók og skráð vegalengdir á meðan jeppinn var á ferð. Þannig þræddi hann einnig saumnálar þegar hann notaði ferðalagið til að gera við fót sín (1, 12, 29).

Bílarnir vildu **bila** eins og gengur og urðu menn þá að bjarga sér. Skrönglast var yfir Dynjandisheiði áður en vegurinn þar yfir var tilbúinn árið 1959. Þá gerðist það að afturdrifið brotnaði í Rússanum. Ekki var um annað að ræða en að taka það úr sambandi og halda áfram á framdrifinu. Á bakaleiðinni var bíllinn dreginn af jarðýtu yfir heiðina. Þá voru nælonkaðlar nýkomnir og var einn slíkur við hendina, en sem kunnugt er teygist nælonið við átök. Ýtan með Rússann hélt sínu striki jafnt og þétt, en Rússinn hægði á ferðinni við hverja þúfu og skaust síðan áfram þegar kaðallinn hafði teygst nóg. Jakob sat þá undir stýri og kvaðst ekki hafa lent í því verra. Jón gekk á eftir (16).

Það var eitt sinn að **viftureim** fór í sundur við Hnausakvísl, en þaðan eru um 20 km ófarnir til Blönduóss og fáir á ferðinni. Nú voru góð ráð dýr. Þar sem menn stumruðu yfir bílnum tóku þeir eftir því að Jón var sestur á þúfu utan við veg með hörtvinna og saumnál og hafði hafist handa við að sauma saman reimina. Og viðgerðin hélt til Blönduóss (12). Þetta þótti mönnum dæmigert fyrir ráðsnilld Jóns og þrautseigju. Oft sprakk og kom þá fyrir að bæta þyrfti á staðnum. Eitt sinni fór heddpakking uppi á **Þingmannaheiði**. Mælingamenn komu skila-boðum áleiðis, fengu pakkingu senda og gerðu við á staðnum (29, 68).

Ég óska þess drottinn, ef á ég mér sál,
sem ætlarðu að tyfta í reiði.
Þá steipt 'enni ofaní bik eða bál,
en bar' ekki á Þingmannaheiði.

Þorsteinn Erlingsson.

Sagðar sögur

Það þarf varla að taka það fram að talsverður tími fór í akstur. Árið 1962 náði umdæmi Jóns frá Hvalfirði til Húnavatnssýslna. Í bílnum var mikið rætt og **sagðar sögur**. Stundum var sungið eða lesið upp úr ljóðabókum. Þá fór Jón með ljóð eftir uppáhalds ljóðskáld sín, en í þeim hópi var Davíð Stefánsson. Jón hafði lengi þann hátt á, að hann bauð þeim sem komu upp í bílinn, að velja sér síðu í ljóðabókinni. Síðan var bókin opnuð og lesið ljóðið sem á þeirri síðu var. Urðu sumir vandræðalegir, en aðrir kunnu vel að meta. Er ekki á aðra hallað þótt nefndir séu til sögunnar þeir Kristleifur Jónsson (1898-1978) og Bragi Thoroddsen vegaverkstjórar sem áhugamenn um ljóð og sögur (14, 15). Það var ætíð tilhlökkunarefni að koma til búða þeirra eftir löng ferðalög, hlusta á þá segja sögur og njóta veitinga eiginkvenna þeirra Sigríðar og Þórdísar sem gegndu starfi matráðskvenna. Þegar Jón var með mælingaflokk sinn í búðum vegavinnumanna sagði hann sögur í matarskúrnum. Hann hafði orðið mest allan tímann og verkamenn, verkstjóri og ráðskona hlustuðu á sögurnar. Sama var uppi á teningnum þegar mælingamenn þáðu heimboð á bæi. Sögurnar voru gjarnan af ferðalögum og öðrum atburðum úr lífi Jóns, alveg frá því hann var í sumarvinnu á námsárum sínum. Jón var feikn minnugur og sagði sögur af mikilli nákvæmni og alltaf þannig að unun var á að hlýða. Jón hefur líklega litið af og til í dagbækur sínar, enda fylgdi ártalið alltaf sögunni og oft dagsetning. Þegar

mælingamenn höfðu komið sér fyrir á svefnstað var kvöldsagan lesin. Mennt skiptust á um að lesa ferðasögur, íslenskar eða útlendar skáldsögur, eða greinar úr dagblöðunum (1, 16, 31).

Um fáfarnar slóðir

Það var afar víða sem Jón og menn hans urðu **fyrstir** til að aka um vegleysur. Þekktust er ferð Jóns yfir Sprengisand árið 1933 á Gamla Ford.

*„Á árunum 1929 og 1930 setti ég mér það, að komast að því hvort hugsanlegt væri að fara mætti á bíl um **Sprengisand**, frá Suðurlandi norðurum. - Ég kynnti mér það sem ég náði í um Sprengisandsferðir og ræddi við ýmsa, en lítið varð á því að græða, fyrr en ég hitti Þórð bónda Flóventsson frá Svartárkoti í Bárðardal. Hann hafði tvívegis rekið fé um Sprengisand milli byggða, og hann hlóð, ásamt öðrum, vörður á nokkrum hluta leiðarinnar. Hann lýsti leiðinni greinilega og vissi nákvæmlega hve lengi hann væri milli áfanga. - Ekkert landabréf var til um þessar mundir af hálendinu, nema Björns Gunnlaugssonar og Þorvalds Thoroddsen. Ég dró upp leiðina milli byggða, eftir korti Þorvalds og færði þar inná upplýsingarnar frá Þórði, svo að þær glötuðust ekki. Þetta kort er dagsett 12/10 1930. Sigurður Jónsson bílstjóri frá Laug hafði í september 1930 farið með okkur Einar Magnússon og Ásgeir Ásgeirsson frá Fróða á fjögurra manna fordbíl um vegleysur frá Gullfossi norður á Bláfellsháls og víðar um þær slóðir. Eftir samtöl mín við Þórð varð ég sannfærður um það að leiðin norður Sprengisand myndi síst vera örðugri en leiðin á Bláfellsháls, líklega væri hún í heild mun greiðfærari, og ég ákvað að freista að komast þessa leið í bíl, ef nokkur tók væru á því. - En árin liðu, og það var ekki fyr en í ágúst 1933 að förin var farin. Til hennar völdust auk mín Einar Magnússon og Valdimar Sveinbjörnsson menntaskólakennarar og Sigurður frá Laug var til í Sprengisandsævintýrið. Gamli fordbíllinn var dubbaður upp fyrir ferðina, fékk spánýjan gang og sitthvað fleira og eitthvað af varahlutum. - Við höfðum með okkur kortið sem ég gerði 1930, en auk þess ljósprentaðan uppdrátt af nyrðri hluta leiðarinnar, frá Tungnafellsjökli norður í byggð. Var það eftir próförk af landmælingakortum, sem þá voru að koma út. Kompás höfðum við meðferðis“. Um Sprengisandsferðina má lesa á www.marvidar.com (Sjá 56).*

Þannig háttaði til í Inn-Djúpi að vegur var lagður yfir Eyrarfjall milli Ísafjarðar og Mjóafjarðar, áður en hann kom með ströndinni þar sem eru Vatnsfjörður og Reykjanes. Mjóafjarðarmegin er Hörgshlíð. Þaðan vantaði árið 1963 veg að Keldum til að loka hringnum. Jakob Hálfdanarson ók Rússajeppanum á milli bæjanna og þurfti í mesta brattanum að setja keðjur á hjólin, enda þekktust jeppadekk ekki árið 1963. Jón og Már púkkuðu undir bílinn á stöku stað. Bóndinn á Keldum **tók fagnandi á móti mælingamönnum**, enda vegur í sjónmáli (1, 16). Flokkur Jóns varð fyrstur til að fara með bíl yfir Þingmannaheiði, Dynjandisheiði, og að öllum líkindum fyrir Jökul. Síðast töldu leiðina fóru þeir í jeppanum Jón Víðis, Sigurður Haukur, Þorvaldur S. og Gunnar Zoëga. Þeir ferðalanganna sem enn lifa muna vel eftir ferðalaginu yfir úfið hraunið (11, 12). Sá sem hér skrifar man eftir að hafa verið í fyrsta eða öðrum bílnum sem fór snarbratta leið yfir Hellisheiði eystri árið 1962. Einnig yfir Öxi, en einhverjir höfðu þvælst hana áður.

Starfslok

31. desember 1969 **skilaði Jón skipunarbréfi** sínu til vegamálastjóra eftir 52 ára starf hjá stofnuninni. Hann sinnti þó eftir það ýmsum verkefnum, svo sem að merkja brúamyndir sínar og skrifa sögu veganna. Hann vann að þessu þegar hann féll frá.

„... en orðstírr deyr aldri“

Minningargrein um Jón fylgir erindi úr Hávamálum: „Deyr fé, deyja frændr“ o.s.frv. (20). Þegar litið er á upptalningu af lífsstafi Jóns er ljóst að eftirmælin „... en orðstírr deyr aldri“ eru vel við hæfi. Fyrir eftirlifandi frændur og frænkur var hlutverk Jóns sem ættarhöfðingja hið mikilvægasta og verða störf hans sem hér hafa verið tíunduð varla aðskilin þar frá. Nú verða rakin nokkur önnur hlutverk Jóns.

Maður sem má treysta

Jón var félagi í **Oddfellowreglunni** frá 20. febrúar 1920 til dauðadags. Hann var í stúkunni Ingólfi nr. 1, en þar gegndi hann virðingarembætti siðameistara í áratugi eða á árunum 1926-1928 og 1934-1966 og var sæmdur orðu fyrir það starf sitt 14. jan. 1966. Þá var Jón bókari í Oddfellowbúðum og sat í stjórn sjóða. Stúkan Ingólfur gerði Jón að heiðursfélaga árið 1957 og Oddfellowbúðirnar sæmdu hann heiðursmerki Oddfellowreglunnar og gullmerki Búðanna, „en víst er þó að br. Jón metur meir hin hlýju handtök og bróðurþel er honum hefur mætt á langri göngu hans í Reglunni og ánægju þá er hann hefur haft af starfi sínu og samskiptum við bræður. Er br. Jón var spurður að því hvað góðan Oddfellowa mætti prýða var svar hans: „**Maður sem má treysta**“. En br. Jón J. Víðis hefur einmitt gefið sjálfum sér þá einkunn í starfi sínu innan Reglunnar og í lífi sínu, því honum hefur mátt treysta“ (40). Reglubræður eru þakklátir Jóni fyrir mikið starf hans fyrir regluna og víst er að hann var ákaflega vinsæll og vel liðinn af þeim sem kynntust honum þar. Jón hafði mikinn áhuga á störfum reglunnar og markmiðum (26). IOOF var það áhugamál Jóns sem hann gaf mest af tíma sínum og hafði mikla ánægju af (11). Hann sagði frændum sínum t.d. iðulega frá starfi danskra Oddfellowa að stofnun Laugarnesspítalans, en stúkan Ingólfur varð til í tengslum við það mál árið 1897. Ingólfur var enn eina stúkan, árið 1906, þegar hún beitti sér fyrir stofnun Vífilsstaðaspítala, en Guðmundur Björnsson (1864-1937) landlæknir sem var einn af stofnendum stúkunnar var mikill baráttumaður gegn berklum. Hann var einnig í stjórn Laugarnesspítala (41).

Jón teiknaði breytingar á gluggum suðurhliðar húss reglunnar við Vonarstræti árið 1950 (13), inventarium (8), fjölda merkja, fána, stimpla og skjalda fyrir stúkurnar. Jón teiknaði m.a. merki Ingólfs, en á því er mynd af stytta Einars Jónssonar, sem stendur í brönsi á Arnarhóli. Síðustu árin vann Jón að því að búa til spjöld með ljósmyndum af stofnendum stúkanna. Hann skrautritaði nöfn stúka og stofnenda og eru spjöldin áferðarfalleg.

Jón segir frá snemmbornum áhuga sínum á reglunni í Oddfellowblaðinu, á þann hátt sem nú verður sagður.

„Það er verið að jarða Oddfellowa“

„Ég minnst frá bernskuárunum jarðarfarar. Fyrst fóru menn er blésu í lúðra. Þeir voru 4 eða 6, en síðan kom löng fylking mjög alvarlegra manna er gengu tveir og tveir saman í takt, voru svartklæddir og allir með pípuhatta. Síðan kom líkvagninn og ökumaðurinn sat framaná og var svartklæddur. Á eftir líkvagninum var svo öll gatan full af fólki er fylgdi honum óskipulega. „Það er verið að jarða Oddfellowa“ sögðu krakkarnir. Einhvern tíma löngu seinna sagði eitt Reykjavíkurlað af skömmum sínum þannig frá jarðarför Oddfellowa: „Hinn látni fylgdi Oddfellowum til grafar“!“ (40).

Húsateikningar og kennsla

Auk vegamælinga öðlaðist Jón réttindi til að vinna að húsateikningum árið 1921 (23) og teiknaði eftir það flest hús sem Vegagerðin lét reisa, m.a. Borgartún 5, bygginguna niður portið og Sætún 6. Hann teiknaði einnig fjölda annarra bygginga í Reykjavík, t.d. eitt fyrsta steinsteypa fjölbýlishús borgarinnar, en það stendur við Barónsstíg á milli Eiríksgötu og Egilsgötu. Þá teiknaði Jón bogahúsið sem Myndlista- og handiðaskóli Íslands hefur lengi verið í að Skipholti 1. Samkvæmt teikningaskrá byggingarfulltrúans í Reykjavík sótti Jón um leyfi fyrir 46 nýbyggingum og breytingum á eldri húsum á árunum 1926-1957 (13).

Samhliða öðrum störfum **kenndi Jón teikningu** við Menntaskólann í Reykjavík á árunum 1919-1929. Þótti hann ágætur kennari og var vinsæll af nemendum. Zóphónías Pálsson var nemandi hans og segir Jón hafa verið lipran og þægilegan í umgengni. Hann hafi haldið uppi aga meðal nemenda án þess að þurfa nokkurn tíma að brýna raustina

Jón teiknaði mörg hús. Þykkur bunki teikninga liggur eftir hann, alveg frá því upb. 1930. Ég komst í þessar teikningar árið 2019. Í þessum efnum studdist Jón við erlend rit um byggingarlist, því enga beina skólamenntun hafði hann í faginu. Til eru úrklippubækur hans þar sem sjá má ýmsar áhugaverðar byggingar í útlöndum, aðallega Þýskalandi, Danmörku, Svíþjóð og svo N.Y. Hér fylgir listi yfir teikningar sem fundist hafa. Fleira er á listanum en hús. Húsin eru í Reykjavík, nema annars sé getið. Ekki er víst að þetta sé tæmandi listi. Þá er stundum óljóst hvort Jón teiknaði hús, eða hvort hann teiknaði breytingar á húsi.

Aðalstræti 14 á Þingeyri, 1936.

Áhaldahús Vegagerðarinnar á Patreksfirði (óvíst).

Áhaldahús Vegagerðarinnar í Borgarnesi (óvíst).

Barónsstígur 49-57, 1932.

Barónsstígur 55. Geymsluskúrar síðar.

Barónsstígur 57. Bílskúr síðar.

Barónsstígur 59. Bílskúrar og verslun síðar.

Barónsstígur 61-65.

Blönduós, viðbygging hótelsins, 1960.

Bollagata 4. Bílskúrar.

BORG, teningspill, mikið notað af Víðisum áður fyrr.

Borgartún 5 fyrir Vegagerðina.

Brunnstígur 3 í Keflavík, 1939.

Egilsgata 14.

Egilsgata 16. Breytingar 1944-5.

Egilsgata 18. Bílskúr. Óvíst hvort Jón teiknaði sjálft húsið.

Eiríksgata 15, 1932.

Eiríksgata 2. Líklega hæð ofaná.

Eiríksgata 4, 1933. Fjölskylduhús Víðisa. Hæð ofaná, 1936. Bílskúr m/geymslum 1937-1947.

Óvíst hvort Jón teiknaði upphaflega húsið.

Eiríksgata 6, 1933. Líklega hæð ofaná.

Fiskamyndir handa Bjarna Sæmundssyni fiskifræðingi. Ég get um þær í eftirmála.

Fjölnisvegur 15, 1947. Bílskúr.

Fjölnisvegur 7.

Fjölskyldugrafreitur Jóns Þveræings Jónssonar og Halldóru Sigurðardóttur í Fossvogskirkju-
garði.
Flatey á Breiðafirði, læknishús, 1936.
Freyjugata 43. Bílskúr.
Grenimelur 12, gamalt hús var að hluta til fyrir á jarðhæð. Eftir breytingar voru bílskúr og
blómabúð á jarðhæð og hæð ofaná.
Grenimelur 14, 1945.
Grjótanæs við Þingvallavatn. Bátaskýli.
Hella, gistihús Jóhanns Skaptasonar sýslumanns og Sigríðar Víðis Jónsdóttur í landi Hellu í
Vatnsfirði í Barðastrandarsýslu, 1951. Teikningar að stækkun hússins, sem ekki varð af, 1962.
Hjallavegur 31, 1941. Kjallari, en húsið sjálft flutt af Hvg. 78.
Hlutabréf. Jón teiknaði nokkur hlutabréf. Hlutabréf Ísaga teiknaði hann á sínum tíma.
Hringbraut 30, 1936.
Hringbraut 74-80, 1934. ?
Hverfisgata 40. Fjölskylduhús Víðisa. Innflutt Sveitser-hús. Breytingar, t.d. stór gluggi í austur,
þar sem enginn var áður, 1931.
Höfn í Hornafirði, 1945. Hús Ársæls Guðjónssonar.
Ísafjörður, slökkvistöðin og líklega fleiri slökkvistöðvar.
Kársnesbraut í Kópavogi, 1947. Hús Magnúsar Magnússonar o.fl. Tvíbýli á sömu hæð.
Leifsgata 4, 1941. Íbúðar- og verslunarhús. Bílskúr síðar.
Leifsgata 11-15, ca. 1937. Virðist notast við teikningu Björns Rögnvaldssonar. Tillaga um
hækkun 1946. Óvíst hvort af varð.
Leifsgata 32, 1934. Fleira teiknaði Jón líklega við Leifsgötu.
Merki Oddfellowreglunnar. Hver stúka hefur sitt merki. Jón teiknaði fjöldamörg þeirra.
Njálsgata 36, 1935.
Njálsgata 90.
Njálsgata 92, 1935.
Njálsgata 94.
Njálsgata 96.
Njálsgata 98, 1944. Ártalið gæti átt við bílskúra sem komu síðar, eftir að hús var risið.
Núpstún, 1934. Við veg 30, vestan Þjórsár.
Rauðarárstígur 26-30, 1944. Líklega bílskúrar síðar.
Reyðará í Lóni, 1931.
Selfoss, hús Jóns Ingvarssonar vegaverkstjóra, 1931. Virðist hafa verið minnkað.
Sjafnargata 7, hús Ásgeirs Ásgeirssonar.
Skaptahlíð í landi Skarðs í Dalsmynni í Suður-Þingeyjarsýslu, 1962. Sumarhús Jóhanns Skapta-
sonar sýslumanns og Sigríðar Víðis Jónsdóttur. Síðar eign Jóns Hálfðanarsonar.
Skiptaholt 1, Myndlista- og handíðaskólinn og framhald hússins í báðar áttir.
Skólahús á Höfn í Hornafirði, 1930.
Skúlagata 6, áhaldahús Vegagerðarinnar.
Smáhýsi af ýmsu tagi, 30 til 55 fm. Margar tillögur, 1932.
Snorrabraut 30.
Sólvallagata 28.
Sumarhús Guðmunds Ásbjörnssonar við Þingvallavatn, 1942.
Sumarhús Páls Hallbjörnssonar, 1948.
Stúdentaheimili, 1933. Stór bygging á Skólavörðuholti. Ekki byggt.
Stúdentshúfan eins og hún er nú. Útskriftarárgangur Jóns, vorið 1914, bar hana fyrst.

Svínhólar í Lóni, 1931. Íbúðarhús.
 Sæluhús Ferðafélags Íslands á Hveravöllum, 1970-1973. Stækkað hús frá 1938.
 Sæluhús Ferðafélags Íslands á Hvítárnesi.
 Sæluhús Ferðafélags Íslands í Kerlingarfjöllum, viðbætur við eldra hús, 1960 og 1973.
 Sæluhús Ferðafélags Íslands í Landmannalaugum, 1968-9, stækkað hús, sem var þar fyrir.
 Sæluhús Ferðafélags Íslands í Langadal í Þórsmörk, 1953. Viðbætur við eldra hús, 1964 og 1972. Óvíst er hvort Jón á teikninguna frá 1953.
 Sæluhús Ferðafélags Íslands í Þjófadölum.
 Sæluhús Ferðafélags Íslands við Hagavatn.
 Sæluhús Vegagerðarinnar að Fornihvammi. Líklega innréttingar eingöngu.
 Sæluhús Vegagerðarinnar á Fróðárheiði, ca. 1956-7. A-hús af minni gerð.
 Sæluhús Vegagerðarinnar á Þorskafjarðarheiði, 1956. A-hús af stærri gerð.
 Sæluhús Vegagerðarinnar í Kerlingarskarði, 1957. A-hús af minni gerð. Teikning Jóns af A-húsunum er dagsett 1956.
 Sætún 6 fyrir Vegagerðina.
 Tjarnargata 10a-10b, 1945. Hækkun húsanna.
 Túngata 20.
 Útsýnisskífurnar þarf einnig að teikna. Sjá umsögn um þær nokkrum síðum neðar.
 Vesturgata 6.
 Víðimelur 31, 1941. Bílskúr o.fl.
 Víðir. Sæluhús Jóns J. Víðis sjálfs. Nú sæluhús Víðisa. Reist á Árbæjarbletti 76 (erfðafestuland) í Árbæ árið 1941, ofaná sprengjuheldum kjallara, með sérstökum geymslum fyrir matvæli. Vatnslind neðar í brekkunni. Húsið var flutt í land Brandagils í Hrutafirði 1967. Síðan til Reykjavíkur 1997 þar sem það var gert upp. Flutt í land Fells í Mýrdal árið 1999, þar sem það stendur í skógrækt Skógræktarfélags Reykjavíkur. Þá fyrst fékk það nafnið Víðir.
 Vonarstræti 10, Oddfellowhúsið. Líklega teiknaði Jón eingöngu innviði (inventarium), en einnig amk. stóran glugga á 2. hæð. Ljóst er af teikningum að Jón teiknaði ýmsar innanhússbreytingar á löngum tíma. Litlu gluggarnir á þakinu eru ekki eftir Jón.
 Vörumerki, alls konar. Miðinn á Maltflöskunum er gott dæmi.
 Þórsgata 17, 1928. Fjölskylduhús Víðisa. Einnig uppdráttur frá 1960 vegna eignaskipta.
 Þverá í Laxárdal, tillaga að húsi á fjórða áratugnum. Það var aldrei byggt.
 Öldugata 17. (1,13,16).

Að kopiera

Jón kunnir þá aðferð að **ljósrita** teikningar (11). Í janúar 1919 segir „*Kopieraði 2 kort af Ríkissjóðslóðinni*“. Í mars sama ár segir „*Enti seinni ljóskopiu Hafnakortsins*“ (44). Jón segir reyndar oft frá kopieringum í dagbókum sínum, en hvernig fór hann að?

Ágúst Böðvarsson segir frá því að hann lærði að kopiera á Geodætisk Institut í Kaupmannahöfn árið 1936. Aðferðinni lýsir hann þannig að þeir kollegar hjá vegamálastjóra hafi byrjað daginn á því að leggja stein í vatn nokkra stund og leystust þá upp krómsambönd. Sú emulsion entist daginn, en varð síðan ónýtt. Autt blað var strokið með svampi sem dýft hafði verið í lausnina. Það blað var síðan sett í stóran államma sem einna helst líktist myndaramma með hörðum botni. Teikningin var lögð þar ofaná. Ramminn var síðan látinn standa úti í glugga í stundarfjórðung. Auðu fletir teikningarinnar urðu svartir á afritinu, en tússlínurnar urðu hvítar því ljósið náði ekki í lausnina á bak við þær. Þetta þurfti að gera tvisvar til að fá rétta mynd, en sú fyrri var að

sjálfsögðu negatíf. Afritið var að lokum skolað í vatni og þurrkað. Ágúst segir að negatífin hafi verið geymd og kunni að vera til ennþá.

Ágúst segir Jón hafa kunnað aðra aðferð áður „því annað hafi ekki verið til“. Sú aðferð hefur þó verið alveg sambærileg þeirri sem að ofan er lýst, nema hvað ammoníak var notað og líklega kalíum ferricyanide lausn til fixeringar. Sú aðferð skilaði negatífum bláum og er þaðan komið enska orðið yfir afrit, blueprint. Ágúst telur Jón hafa átt ramma úr blikki, líklega allt að 100x120 cm á stærð. Líklega voru teikningar stundum skrifaðar í spegilmynd og þurfti þá ekki að afrita tvisvar. Ágúst Böðvarsson segir spegilskrift hafa verið kennda við Geodætisk Institut og hafi tekið tvö ár að læra hana. Hún var notuð við lithografiska prentun fyrstu Íslandskortanna, en hvort sem menn trúu því eður ei voru örnefni þeirra handskrifuð af listaskrifurum, með spegilskrift eða spejlvendt. Við stækkun korta var sólarljósið einnig notað. Það var látið skína í gegnum linsu sem varpaði hluta kortsins á blaðið sem ljósritað var á og hafði verið meðhöndlað með kemikaliskri lausn. Síðan þurfti að færa linsuna svo hún næði yfir aðra hluta. Þetta var heldur seinleg vinna. Eftir að rafmagn kom var fyrst notað kolbogaljós til lýsingar (sjá 4).

Víðisferðir

Eins og áður er líst tóku frændur Jóns og frænkur iðulega þátt í athöfnum hans. Eftir að Jón festi erfðafestulend uppi við Elliðaár rétt fyrir stríð byggði hann þar hús með skotheldum kjallara til notkunar ef stríðið næði til Íslands. Hús þetta var mikið notað af ættingjum Jóns á sumrin þegar farið var þangað í sunnudagsferðir. Þarna ræktaði Jón kartöflur og auk þess allstóran trjágard. Dagsferðir voru einnig farnar lengra og þróuðust þannig eftir að almenningur fór að eignast bíla uppúr 1960 að þær voru auglýstar gegnum síma. Gjarnan var farin ein ferð að vori upp í Heiðmörk eða út á Reykjanes og gat orðið fjölmenn. Þessar ferðir eru reyndar farnar enn þann dag í dag og eru stundum yfir 20 bílar með í för. Kallast þær Víðisferðir.

Drengskaparmaður

Í minningargrein segir Einar Magnússon landfræðingur og rektor M.R. m.a.um Jón að „hann hafi alla ævi sína verið sá sami góði félagi sem hann kynntist fyrst á ferðalögum meira en hálfri öld áður, ósérhlífinn og velvinnandi, ákaflega reglusamur, hjálpsamur og hjartahlýr, góðlyndur, glaðlyndur og gegnheiðarlegur **drengskaparmaður í hvívetna**“ (19). Allir sem þekktu Jón geta tekið undir þetta. Jón var vissulega óvenjulegur maður. En vegna þess hve Jón lifði lengi og átti fjölbreytta ævi virðast yngri menn eiga erfitt með að átta sig á öllum hliðum hans. Hann var fróður um forfeður sína og sýndi þeim jafnmikla ræktarsemi og hann sýndi ættingjum sínum jafnaltra og afkomendum þeirra síðan. Hann var einstaklega fróður og áhugasamur um mörg mál. Það sýndi sig ekki síst í söfnun hans og hirðusemi. Þegar hann lést átti hann enn allar einkunnarbækur úr barnaskóla. „Allt sem Jón gerði var vel gert og gott“ segir Jónas B. Jónsson fv. fræðslustjóri, en þeir voru saman í Oddfellowreglunni. Jón var síðameistari þegar Jónas gekk í regluna og „vann það verk af einstakri vandvirkni“ (8).

Jón reykti pípu stuttan tíma um miðja ævina. Frændur Jóns muna varla eftir því að hann hafi bragðað vín. Þó eru enn til staup sem Jón keypti fyrir sjötugsafmæli sitt, en við það tækifæri bauð hann Oddfellowum upp á sjerrí. Til gamans má geta um viðhorf Jóns til vindrykkju frá árinu 1915, en þá er hann 21 árs. Hann skrifar 1. nóvember það ár: „*Hitti J. Sv. blindfullan niðri*

á gatnamótum Austurstrætis og Aðalstrætis“. Tveimur dögum síðar, eða 3. nóvember skrifar Jón: „Sagði J. S. sögu af sjálfum honum“ (44). Bragi Thoroddsen vegaverkstjóri segir frá því er Geir G. Zoëga vegamálastjóri var staddur fyrir vestan síðasta sumar sitt í embætti. Þeir voru saman í bíl Bragi, Magnús í Botni, Jón og Zoëga. Þegar þeir voru staddir efst á Þingmannaheiði biður Zoëga bílstjóra um að nema staðar. Þá tók hann upp viskíflösku og silfurstaup og segist telja stað og stund til að skála. Bragi þáði, en Magnús ekki (65). Þegar kom að Jóni tók Zoëga tappann, hellti örlitlu í hann og rétti Jóni. Jón drakk það sem í tappanum var og hafði þar með innsiglað margra ára vináttu þeirra. Braga Thoroddsen er annars hugleikin margræð lund Jóns. Hann segir frá því að kvöld eitt hafi hann brugðið sér frá tjöldum ásamt öðrum vegavinnu- mönnum til að gleðjast með Bjarna ýtumanni frá Hænuvík á afmælisdegi hans. Bragi skilar sér heim í búðir seint um síðir og er þá kenndur. Hann komst þá að því að Jón var mættur á staðinn með sína menn, en kærði sig ekki um að hitta hann þannig á sig kominn. Taldi víst að Jóni líkaði ekki að sjá vín á verkstjóranum, þótt tilefni hafi verið fyrir hendi. Læddist hann inn í tjaldið sitt og bað menn skila því til Jóns og hann myndi hitta hann að morgni. Fyrr en varði var Jón kominn inn í tjald til Braga og sestur á hitt rúmið. Bragi sagðist þá hafa sagt Jóni eins og var að hann hefði lítið við hann að tala nú og spurt hvort erindið mætti ekki bíða til morguns. Þá sagði Jón: „Þegar ég ræði við þig á þessum tíma er ég privatmaður. Við getum talað um allt annað núna en á morgun“. Þetta er aðeins eitt dæmi um það, segir Bragi, hvernig Jón gat sífellt komið á óvart (14). Af Braga og Þórdísi er það annars að segja að þau eignuðust ferðasögu Ebeneser Henderson og börnin þeirra sex dálitla peningaupphæð endrum og eins frá mælinga- mönnum.

Jóni hefur verið lýst hér á þann veg að hann hafi verið hrókur alls fagnaðar þegar þannig lá á. Hann var virðulegur og það var borin **virðing** fyrir honum. Hann var manna fróðastur og mundi betur en aðrir. Þá var hann ágætlega vel að sér á mörgum sviðum og sögumaður góður og því var vonlegt að á honum bæri þar sem hann var. Jón var alþýðlegur maður og kunni best við sig innan um fróða menn úr alþýðustétt. Í mælingaferðum sínum hafði Jón mikið samneyti við vegaverkstjóra og aðra vegagerðarmenn og kunni vel við sig í þeirra hópi. Í krafti embættis síns hittu hann einnig oddvita, hreppstjóra, sýslumenn og aðra frammámenn í byggðunum sem heyrðu undir umdæmi hans. Þau samskipti voru einnig alveg vandræðalaus og hallaði aldrei á Jón í þeim.

Í framkomu sinni við hærra setta menn var Jón hins vegar varfærnari. Eitt sinn sem oftur voru mælingamenn staddir við símstöðina á Króksfjarðarnesi. Komið var að því að Jóni myndist kominn tími til að gefa vegamálastjóra skýrslu um starfið og símaði suður. Hann hvarf inn í símaklefa, en ungur frændi sem úti stóð heyrði að Jón talaði hátt og mikið. Þegar þeir komu aftur út spurði frændinn hvort vegamálastjóri hefði ekki haft neitt að segja. „Ég talaði mikið svo hann kæmist síður að, því þá kynni hann að breyta áætlunum okkar og það viljum við ekki“ var svarið (1). Þrátt fyrir sjálfsbjargarviðleitni af þessu tagi var framkoma Jóns alltaf kórrétt.

Eitt sinn er tilefni gafst til að ræða hvort hrökkva skyldi eða stökkva í samskiptum við yfir- valdið, sagði Jón sögu af því er hann þurfti að láta í minni pokann fyrir þeim sem valdið hafði. Áður er vikið að því að foreldrar hans bjuggu víða um bæinn. Þau leigðu eitt sinn á Laugavegi 11 og var gengið inn í húsið bakatil, um port sem þar er enn. Jón, sem þarna var innan við fermingu, var þegar farinn að rækta og hafði komið sér upp beði með grænmeti og blómum í portinu. Eitt sinn kemur eigandi hússins ríðandi inn í portið með tvo til reiðar og er vart stiginn af baki er hestarnir fara að éta gróður Jóns að báðum ásjaandi. „Gerðirðu ekkert?“ „Nei, þetta var hans port“ (1).

Það sést á upptalningu aðstoðarmanna Jóns að langflestir þeirra hafa háskólapróf. Jón hvatti til þess og hafði, **eins og góður faðir**, iðulega áhrif á hvert skyldi stefna. Jón studdi ræktun lýðs og lands og aðferðir hans voru aldamótakynslóðarinnar sem stefndi uppá við í dögum nýrrar aldar. Jón sýnir strax á unglingsárum áhuga á velferð landsins og hér hefur verið vikið að ýmsu sem bendir í þá átt. Síðustu ár sín sem mælingamaður á Vestfjörðum var Jón orðinn gamall maður. Hann kom yngri mönnum þó sífellt á óvart með framfarasinuðum viðhorfum sínum, einkum í tæknimálum, en þar var kjarkur hans óbilandi. Beinir og breiðir vegir, góðar flug- og skipasamgöngur, og uppbygging landsins voru hans málefni. Viðhorf hans voru viðhorf mennta og framfara.

Jón var áhugamaður um bíla sem samgöngutækja. Þegar hefur verið bent á forystu hans við að koma fyrsta bílnum yfir Sprengisand og að vera fyrstur til að aka nýjar leiðir í byggð eða milli byggða. Aldrei var of hratt farið milli staða að mati Jóns, en frekar fundið að því ef of hægt gekk. Undrudust það margir yngri menn. Allt frá því að Jón var í sumarvinnu sem unglingur og þar til hann fékk bíl til eigin ráðstöfunar ferðaðist hann upp á gamla mátann, en heyrðist ekki sakna hans eftir að bílar komu til sögunnar. Áður kom Jón við hjá ættingjum sínum á leið milli landshluta til að rækta frændsemina, þiggja greiða eða skiptast á fréttum. Sá siður hefur lagst af, en hvaða þýðingu hefur það fyrir ferðalanginn að stíga af baki hestsins og inn í bíl? Th. Krabbe veltir því sjónarmiði fyrir sér á einkar skemmtilegan hátt í bók sinni „Islands tekniske udvikling“ og gætu þær vangaveltur eins verið Jóns.

Livets store Oplevelser

„En anden Side af Sagen er den, at Island har maattet betale det kulturelle Fremskridt, som Vejene ganske utvivlsomt er for Landet, med Opgivelsen af den gamle Rejsemaade paa Hesteryg, som ejede en **ganske overordentlig Charme** og gjorde et meget stærkt Indtryk paa alle Fremmede. Ikke blot selve Ridningen og Samlivet med de prægtige Heste, men ogsaa det fri Liv i Naturen var noget som maatte tiltale enhver rejsende. Og det var den intensive Berøring, som man kom i med Befolkningen, hvorved man lærte denne, dens Levevis og Livsvilkaar at kende, og det stærke og levende Indtryk, som man fik af Landets storslaaede Natur. Nu er Rejselivet i høj Grad motoriseret: man lukkes inde i Bilerne og giver sig Chaufføren i Vold, kontrollerer Farten, men faar et forholdsvis ringe Indtryk af selve Naturen, hvis man da ikke paa Forhaand er fortrolig med den. Man standser et Par Gange for at fylde Benzin paa Tanken og en Kop Kaffe paa sig selv og suser videre til sit Bestemmelsessted, uden at tale med andre end sine tilfældige Medpassagerer. Ganske vist kommer man 5-10 Gange saa hurtigt frem, og det har ogsaa sin Charme, undertiden sin store Betydning, - men den gamle Rejsemaade havde sin store Værdi, som nu er Slut. De der har oplevet den, vil mindes den som en af Livets store Oplevelser, og vil savne den. Men den unge Generation, som er opvokset med Bilerne, vil nyde den ny Rejsemaade og dens Fordele, uden af savne den gamle, som de aldrig har kendt“ (60).

Menningarmiðstöð Þingeyinga

Fyrsta kaupfélag á landinu, Kaupfélag Þingeyinga, var stofnað árið 1882 að Þverá í Laxárdal, æskuheimili Jóns. Benedikt frá Auðnum, föðurbróðir Jóns, var einn af stofnendum kaupfélagsins. Hann var í fjögurra manna hóp sem hlaut nafnið „Frumherjar K.Þ. á baráttuárunum“ (2). Bróðir þeirra bræðra Benedikts og Jóns Þveræings var Snorri bóndi og hreppstjóri á Þverá

(27, 47). Þegar **Safnahúsið** var reist yfir Menningarmiðstöð Þingeyinga á Húsavík var stofnan að Þverá endurbyggð þar. **Jóhann Skaptason** segir frá því að „Halldóra [móðir Jóns hafi verið] á Þverá hinn 20. febrúar 1882, þegar Kaupfjélag Þingeyinga var stofnað þar í suðurstofunni og mundi vel eftir húsbúnaði öllum, sem þar var, því hún var eftirtektarsöm og minnug og tók vel eftir öllu í nýju heimkynnum. Jón Víðis, sonur hennar, teiknaði stofuna með húsgögnum, eftir hennar frásögn, og er gert ráð fyrir að búa eftirlíkingu stofunnar í Byggðasafninu í Húsavík [með] húsmunum samkvæmt þeirri teikningu“ (32). Safnahúsið var að mestu reist fyrir atbeina Jóhanns Skaptasonar (1904-1985) sýslumanns og mágs Jóns (11, 43). Áður en Jóhann lést höfðu Jóhann og **Sigríður Víðis** undirritað viljayfirlýsingu þess efnis að það þeirra sem lifði hitt skyldi arfleiða safnahúsið að öllum eigum sínum (31). Sigríður hélt það heit og gaf stærstan hluta eigna sinna til safnsins þegar eftir lát eiginmanns síns (48). Jón Víðis studdi byggingu safnahússins dyggilega og fylgdist vel með framgangi byggingarmála allt frá því að fyrsta nefnd var skipuð „til að gera tillögur um framkvæmdir“ (43) 18. apríl 1964 (32). Jón gaf hús sitt að Hverfisgötu 40 til byggingar safnahússins og líklega fleira. Endurgerð Þverárstofunnar í Safnahúsinu var greidd með gjöf Jóns (31).

Í Menningarmiðstöðinni er Byggðasafn Þingeyinga (minjasafn) sem fyrir er getið, en einnig Héraðsskjalasafn Suður-Þingeyinga og Húsavíkurkaupstaðar, Ljósmynda- og filmusafn, Listasafn (Myndlistarsafn), Náttúrugripasafn Suður-Þingeyinga og Sjóminjasafn. Þá hefur Bókasafn Suður-Þingeyinga aðstöðu í húsinu, en nafn Benedikts Jónssonar frá Auðnum, föðurbróður Jóns Víðis, mun lengi verða tengt við bókasafnið (45). Þá á Árbók Þingeyinga heima í Safnahúsinu. Í byggðasafninu eru varðveitt nokkur af húsgögnum Jóns, m.a. forlata skatthol sem hann notaði mikið og stóð eitt sinn á Þverá, en er nú í „suðurstofunni“. Mikið af húsgögnum Sigríðar Víðis og Jóhanns eru einnig í safninu.

Þegar byggingarnefnd skilaði fyrsta áfanga hússins fullbúnum á vígsludegi, 24. maí 1980, var það skuldlaust og fylgdu peningar með. Þeir mágar, Jóhann og Jón, fengu Þorvald S. Þorvaldsson arkitekt, einn mælingamanna, til að teikna Safnahúsið og innréttingar í það. Sonur Þorvalds, Jón Þór, teiknar nú stækkun safnsins.

Önnur áhugamál

Jón var **listasmiður** og smíðaði m.a. húsgögn handa sér sem hann teiknaði sjálfur. Í kjallaranum á Eiríksgötu 4 hafði Jón hefilbekk og öll þau verkfæri sem til þurfti. Þar smíðaði hann m.a. sleða handa börnunum í fjölskyldunni. Á sínum yngri árum teiknaði Jón húsgögn sem hann lét síðan smíða í harðvið og gaf systur sínum í brúðkaupsgjafir. Þann 25. nóv. 1914 spyrst Jón fyrir í trésmíðju um verð á skápi sem hann vildi láta gera eftir eigin teikningu.

Á stríðsárunum sátu þeir saman í herbergi í Arnarhvoli Jón, Ágúst Böðvarsson mælingamaður og Hannes Arnórsson (1898-1948) verkfræðingur. Þeir létu smíða handa sér **þvottavélar**, en hörgull var á slíkum tækjum í stríðinu. Þannig var að kona Ágústs varð slæm í höndum vegna þvotta og ekki var auðhlaupið í búð að kaupa þvottavél vegna stríðsástandsins. Ágúst fór og leit á þvottavél sem hann vissi af í Þrúðvangi og teiknaði hana lauslega upp. Síðan smíðaði hann sína vél að mestu sjálfur „eftir hendinni, en hún var simplari en vélar Jóns og Hannesar, sem voru faglegar í útliti. Ég sagði þeim frá þessu og þeir urðu spenntir. Þeir létu smíða sínar vélar í blikksmíðju á Ægisgötu, en ég gataði koparinn fyrir þá. Tromlan í vélunum fór fram og aftur tvo hringi í hvora átt. Í vélunum voru reimar sem fluttust til á snigli“ (4). Jón færði móður sinni vélina og var hún lengi í notkun.

Jón **ræktaði** kartöflur og rabbarbara, lengi vel í Kringlumýri þar sem nú eru umferðarþyngstu gatnamót í höfuðstaðnum, en síðar í Árbæjarbletti, skammt frá þar sem Árbæjarkirkja stendur nú. Þar leigði Jón erfðafestuland ásamt Auði systur sinni og fjölskyldu hennar. Mælingamenn komu iðulega við í trjágarðinum við Elliðaár á leið úr bænum og klipptu stiklinga sem þeir stungu niður á leiðinni, t.d. í Hvalfjarðarbotni. Árið 1966 varð Hrafseyrarheiði fyrir valinu, þegar mælingamenn fengu fjögur grenitré hjá Jochum M. Eggertssyni (Gesti) (1896-1966), bræðrasyni skáldsins að Skógum í Þorskafirði, og gróðursettu ofan við vorbeit sauðfjár, að því er þeir héldu. En trén lifðu ekki. Snemma á öldinni fékk Jón leyfi til að setja gróður í Tjarnarhólmann í Reykjavík. Hann fékk lánaðan bát og réri þangað með hvönnina sem þar hefur vaxið síðan (1). Í Mbl. 16. nóv. 1917 er grein sem heitir *Tjarnarhólminn* og er undirrituð *Borgari*. Þar er látin í ljós vanþóknun á ástandi hólmanns sem líti helst út eins og „stækkuð mynd af hrossataðshrúgu“ og óbeint mælst til þess að bæjarstjórnin láti málið til sín taka (36). Jón gerði það.

Jón byggði lítið hús í kartöflugarði sínum í Kringlumýri. Þar voru geymd verkfæri og þar var kaffi drukkið í vinnuferðum. Húsið flutti Jón síðan í Árbæinn, líklega rétt fyrir seinna stríð, og lét steypa undir það hæð sem var grafin í jörð. Skyldi kjallarinn notaður af Víðisfjölskyldunni ef til loftárása kæmi í Reykjavík. Árið 1967 flutti Jón húsið í land Brandagils í Hrutafirði, þar sem það þjónaði sem gistihús Víðisfjölskyldunnar í 30 ár. Árið 1997 fluttu frændur Jóns húsið í land Skógræktarfélags Reykjavíkur í landi Fells í Mýrdal. Húsið fékk þá nafnið **Víðir**, og gegnir hlutverki skjóls fyrir Víðisa sem rækta landið. Sjá sögu hússins í Árbæ, Brandagili og í Mýrdal á www.marvidar.com.

Þegar Jón var átræður var það ósk hans að gamlir mælingamenn og ættingjar fylgdu honum vestur að **Hellu** í Vatnsfirði til að girða þar landsvæði. Hugsun Jóns var að þarna skyldi ættinni helgað land til gróðursetningar í framtíðinni. Á þann veg kaus hann að halda hátíðleg þessi tímamót í lífi sínu. Á Hellu var áður lítið sæluhús sem systir hans og mágur notuðu á ferðum sínum þegar þau bjuggu á Patreksfirði (1936-1956). Mælingamenn hafa gist þar marga nóttina. Við Hellu er einnig gróðurreitur sem sýslumaður kom upp. Ræktunaráhugi þeirra mága hefur smitað af sér til fjölskyldunnar. Nefna má að Þorvaldur S. Þorvaldsson mælingamaður er formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur og Landgræðslusjóðs, og Herdís Þorvaldsdóttir systurdóttir Jóns var formaður Félags áhugamanna um umhverfismál - Lífs og lands í nokkur ár. Eitt helsta áhugamál þess félags er bann við lausagöngu búfjár (7).

Geir gamli Zoëga var áhugamaður um **ljósmyndun** og skildi mikið safn eftir sig á Vegamála-skrifstofunni (9). Þegar til stóð að gerður yrði flugvöllur á Kaldaðarnesmelum bað Geir Sigurð Hauk Sigurðsson mælingamann um að taka ljósmyndir af vettvangi (12). Hann segir svo frá að Geir hafi líkað myndirnar vel, enda Haukur góður ljósmyndari, og beðið hann um að halda áfram að taka myndir eins lengi og hann ynni hjá Vegagerðinni. Þannig fór að Haukur tók myndir af vegum, ræsum og brúm. Jón Víðis gerði það einnig í miklum mæli og varð ágætur ljósmyndari. Meðan á þessu stóð óku mælingamenn ekki framhjá brú án þess að hún væri fest á filmu. Ávallt var hafður maður með á myndinni til viðmiðunar. Þessar myndir eru nú til hjá Vegagerðinni, flokkaðar eftir sýslum og vel merktar. Jón framkallaði filmur sínar sjálfur framan af, en Sigurður Haukur síðustu áratugina (11). Í júní 1919 segir „Ágúst Brynjólfsson kendi mér að „kopiera“ og Páll Þormar að „fixera“ ljósmyndir!“ (44). Síðustu árin tók Jón talsvert af litskyggnum af eigin hugðarefnum á ferðalögunum og sýndi þær gjarnan í fjölskylduböðum á sýningarvél sem hann keypti sér. Aðstoðarmenn frá seinni árum eiga einnig nokkurt safn litskyggna (1).

Ferðafélag Íslands

Af því sem þegar er sagt má merkja að löng ferðalög hafa ekki vaxið Jóni J. Víðis í augum og af bréfinu sem vitnað er til fremst í þessari grein má lesa að áhugi hans á landinu hefur verið óvenju mikill. Það þarf því ekki að koma á óvart að Jón fann sér félagsskap í Ferðafélagi Íslands, en þar var hann félagi alla tíð. Hallgrímur Jónsson kennari segir um starf Jóns fyrir félagið að „Frá því að Ferðafélagið hófst fyrst handa um sæluhúsbyggingar á hálendi Íslands hefir Jón Víðis teiknað langflest slík hús Og þau eru orðin allmörg. Í því starfi liggur mikil vinna. En fyrir alla þá vinnu hefir Jón aldrei tekið eyrisvirði. Þau verk hefir hann ávallt gefið félaginu“ (21, 24). Hús þessi standa m.a. við Hvítárvatn, í Kerlingarfjöllum, við Hagavatn, á Hveravöllum og í Langadal í Þórsmörk. Haustið 1974 bauð Ferðafélag Íslands Jóni í Þórsmörkumferð og gekk hann þá á Valahnúk þótt átræður væri. Var það síðasta kveðja hans til íslenskra öræfa.

Þá vann Jón ötullega og „af sömu ósérplægni“ að gerð hringsjáa, eða **útsýnisskífa**, fyrir Ferðafélagið, og síðar fyrir aðra aðila. Voru þær reistar víða um land, jafnt í byggð sem óbyggð „þar sem útsýn er mikil og fögur“ (21). Á skífur hringsjáanna eru rist nöfn helstu kennileita í landslaginu í kring. Með því er ferðafólki gert auðveldara að átta sig á umhverfinu, fjær sem nær. Hringsjár Jóns Víðis eru 23 að tölu og eru hér taldar í þeirri röð sem þær voru reistar (síðara ártal). Fyrsta ártal vísar til dagsetningar Jóns á teikningunum. Sumar útsýnisskífur voru teiknaðar og reistar sama ár. Undirbúningur var þó undantekningarlítið nokkur, iðulega 1-2 ár. Þá segir hver pantaði verkið. Listinn er unninn árið 2016 í samvinnu við Jakob Hálfðanarson (29).

1. Valhúsaæð á Seltjarnarnesi 1935-1938. Ferðafélag Íslands.
2. Vífilsfell 1938-1940. Gerð upp 1990. Ferðafélag Íslands.
3. Hakið á Þingvöllum 1943-1944. Aftur 1966 eftir stuld. Ferðafélag Íslands.
4. Fróðhúsaþorg hjá Svignaskarði 1952-1953. Aftur 2001 eftir stuld. Ferðafélag Ísl.
5. Reykjalandur í Mosfellsbæ 1960. Oddur Ólafsson læknir.
6. Blönduós 1960. Á faraldsfæti 1995-2006. Lionsklúbbur Blönduóss.
7. Geirsalda á Kili 1960-1961 (eftir Geir G. Zoëga). Ferðafélag Íslands.
8. Geysir 1964-1965. Menntamálaráðuneyti.
9. Hjallaendi í Heiðmörk 1966-1967. Skógræktarfélag Reykjavíkur.
10. Húsavíkurfjall 1967. Ferðafélag Íslands/Húsavíkurseild.
11. Grímshóll á Vogastapa 1962-1968. Ferðafélag Íslands/Keflavíkurseild.
12. Sandafell við Dýrafjörð 1962-1969. Dýrfirðingafélagið/Sr. Stefán Eggertsson.
13. Víghóll á Digraneshálsi 1969-1970. Lista- og menningarsjóður Kópavogs.
14. Hrísaþöfði við Dalvík 1969-1970. Nýr stöpull gerður 2004. Lionsklúbbur Dalvíkur.
15. Norðurbrún á Fjarðarheiði 1970. Rótarýklúbbur Egilsstaða og Norðfjarðar.
16. Valahnúkur í Þórsmörk 1968-1970. Ferðafélag Íslands.
17. Ytri-Námakolla á Námafjalli 1971-1972. Ónýt 1994. Pétur Jónsson í Reynihlíð.
18. Sjónarsker á Skaftafellsheiði (í þjóðgarði) 1972-1973. Menntamálaráðuneyti.
19. Miðmorgunsalda við Veidivötn 1971-1973. Ferðafélag Íslands.
20. Torfholt við Laugarvatn 1974. Síðasta hringsjá Jóns. Lionsklúbbur Laugardals.
21. Kambabrún 1973-1975. Vegagerðin.
22. Helgafell á Þórnesi, nálægt Stykkishólmi 1973-1977. Rótarýklúbbur Stykkishólms.
23. Hamarinn í Hafnarfirði 1972-1977. Björn Árnason verkfræðingur.

Það er þolinmæðisvinna að teikna hringsjár og verður einungis gert við bestu veðurskilyrði og oft þarf að ganga langar vegalengdir með útbúnað á áfangastað. Jón hafði ávallt með sér einhvern ungan frænda sér til aðstoðar, stundum reyndar heilan barnaskara, einkum á þeim árum sem bílferðir uppí sveit buðust ekki jafn oft og seinna varð. Jón kallaði ávallt til staðkunnuga menn sem þekktu vel til örnefna. Fyrsti dagurinn fór venjulega í að horfa á umhverfið og ræða við heimamenn, en Jón dró fram teikniblokk og rissaði upp útsýnið. Síðan benti hann á blaðið og spurði hvað hinn eða þessi fjallakollurinn hét. Mælingin fór þannig fram að sérstakt teikniborð var sett upp á staðnum og á það lagt hringstrikað blað og á það kíkir. Hringina á blaðið teiknaði Jón með reglustiku eða horni sem hann hafði gatað víða með hnífsoddi sínum. Hann setti nagla, sem komið var fyrir á miðju borðinu og jafnframt varð miðja hringsjárinnar, í eitt gatið og blýantinn í annað gat utar, allt eftir því hvert þvermál hringsins skyldi verða og fór síðan með blýantinn allan hringinn. Fótur kíkisins var lagður að naglanum. Aðstoðarmaðurinn stillti kíkinn síðan á hábungu fjallanna eða á bæi, en Jón strikaði stefnuna eftir fæti kíkisins, frá nagla og út á rönd. Á strikið var örnefnið að lokum skrifað. Þegar heim kom var kortið, sem þarna hafði orðið til, hreinskrifað. Þessar ferðir voru gjarnan farnar á sunnudögum (1, 16). Jakob Hálfðanarson fv. mælingamaður heldur merki Jóns á lofti og teiknar nú útsýnisskífur.

Í tilefni aldarafmælis Jóns, árið 1994, lét Ferðafélag Íslands reisa **minnismarki** um hann á Þverfellshorni í sjálfri Esju, en það er í alfaraleið göngumanna. Merkið er hringsjá gerð af Jakobi Hálfðanarsyni og börnum hans Þórnýju og Jóni Víðis. Þorvaldur S. Þorvaldsson aðstoðaði við val á steini undir hringsjána og teiknaði útlit hans. „Hringsjain hvílir á bautasteini úr grágrýti. Að framan er borað hólfi fyrir gestabók og er merki F.Í. á lokinu. Eftir var til Esjugönguárs af þessu tilefni, hönnuð gestabók og sérstakt merki Esjugönguársins. Fjöldi þeirra sem gengu á Þverfellshorn og rituðu nöfn sín í gestabókina reyndist miklu meiri en búist hafði verið við eða alls 6.789 manns. Öllu þessu fólki var sent merkið“ (24).

Þann 11. júní var farið í **Víðisferð** upp í Kollafjörð og gengu þeir hraustustu á fjallið. Þar flutti Páll Sigurðsson forseti F.Í. stutta minningarræðu og vígði minnismarkið. Hann endurtók ræðuna niðri í skógarrjóðri við ræktunarstöðina, en þar var fjöldi skyldmenna saman kominn. Nokkrir vaskir Víðisar höfðu reyndar gengið upp á Þverfellshorn 2. janúar og flutti þáverandi forseti F.Í., Höskuldur Jónsson, tölu við það tækifæri. Slíkan orðstír gat Jón sér.

Jónssteinn

Þann 23. ágúst 2009 var Jónssteinn vígður í landi Þverár í Laxárdal, nánar tiltekið fyrir neðan veg, nálægt Laxá, þaðan sem vel sést bæði til Þverár og hólman **Víðis** í Laxá. Dagskrá fór þannig fram að fyrst fór fram athöfn í Þverárkirkju. Þar flutti sr. Þorgrímur Daníelsson stutt ávarp. Hann bauð fólk velkomið og sagði frá erindinu. Þá var sunginn sálmur. Að því loknu fluttu 9 lesarar minningarorð um Jón J. Víðis. Að lokum fluttu ættingjar, sem minnast vildu Jóns, ávörp. Þá var gengið niður að steini.

Þar signdi sr. Þorgrímur staðinn og vígsluvottar fóru með bæn. Þá helgaði sr. Þorgrímur staðinn: „Til minningar um Jón J. Víðis og störf hans er merki það sem við afhjúpum núna helgað. Staðurinn og merkið eru frátekin (helguð) handa þeim sem vilja minnast áhrifanna sem Jón varð fyrir hér í sveit og annars staðar, og mátt þann sem hann hafði á þjóðfélag og þegna þess með störfum sínum, skyldurækni og ættrækni.“ Síðan blessaði prestur staðinn og þá sem sækja hann

og vísaði öllu illu frá, í nútíð og framtíð. Þá gerði prestur krossmark yfir staðnum í nafni föður, sonar og heilags anda (Drottinleg blessun). Vígsluvottar voru 31 að tölu.

Eftir athöfnina við steininn bauð Áskell Þverárþóndi til messukaffis. Að því stóðu, auk Áskels, systur hans, Aðalbjörg og Hildur, ásamt Höllu, dóttur Aðalbjargar, og Jón Pétursson maður Hildar.

Sá sem hér heldur á penna átti hugmyndina að Jónssteini, safnaði fé til verksins, og stjórnaði því. Margir frændur og frænkur aðstoðuðu og er sumra getið hér. Mest var framlag Áskels Jónassonar, sem lét land undir steininn og kom honum fyrir. Lesa má nánar um Jónsstein og þátttakendur í vígslunni á www.marvidar.com. Á Jónssteini, sem er stuðlabergssteinn, stendur:

JÓN J. VÍÐIS

FÆDDIST Á
ÞVERÁ 1894

LÉST 1975

HANN VAR
ÆTTARHÖFÐINGI.

HANN MÆLDI
HAFNIR, BÆI
OG VEGI UM
LAND ALLT.

HANN TEIKNÆÐI
ÚTSÝNISSKÍFUR
OG HÚS.

REIST AF
FRÆNDFÓLKI,
INGÓLFSBRÆÐRUM
OG VEGAGERÐINNI
2009

„... hveims sér góðan getr“

Þegar Jón var á leið yfir Hringbraut við Laufásveg 21. desember 1974 varð hann fyrir bifreið og hlaut af því höfðuðáverka. Hann lést af völdum slyssins 6. janúar 1975, áttæður að aldri. Eftir stendur að „orðstírr deyr aldri góðan getr“.

Heimildir & Eftirmáli

1. Eigin dagbækur og minningar höfundar, Más Viðars Mátssonar (1949), en hann er systurdóttursonur Jóns, sonur Þóru, sem er dóttir Maríu Víðs Jónsdóttur. Mát var aðstoðarmaður Jóns Víðis í vegamælingum árin 1962-1969 og í einstaka ferðum árin 1959-1961. Hann var mælingamaður Vegagerðarinnar til ársins 1976 og síðar í Svíþjóð á árunum 1979-1984. Þá var Mát viðstaddur gerð margra útsýnisskífa Jóns.

Mát á afrit af kortinu af Skagaströnd og sagt er frá í kaflanum Hafnamælingar.

2. Sigurður á Yztafelli og samtíðarmenn eftir Jón Sigurðsson. Menningarsjóður. Reykjavík, 1965. Í bókinni er vel heppnuð mynd sem Jakob Hálfðanarson tók sumarið 1962 af Jóni, Jónasi frænda hans Snorrasyni og Mát Viðari Mátssyni fyrir framan Þverárbæinn í Laxárdal. Jakob stóð uppi á þaki Rússajæppans til að vinna upp hallann á hlaðinu og ná réttu sjónarhorni. Jón, Jakob og Mát voru þarna á leið að austan, en þar höfðu þeir mælt fyrir vegum í mánuð í fjarveru umdæmisverkfræðingsins þar.

Því má bæta við hér að Benedikt Jónsson (Bubbi) málari á Húsavík málaði Þverárbæinn og stendur hann þá norðan við bæinn og hefur kirkjuna í forgrunni. Jóhann Skaptason og Sigríður Víðis áttu slíka mynd. Hana eiga nú Jón Hálfðanarson og Kristín Steinsdóttir. Mát Viðar á sams konar mynd sem Bubbi gerði fyrir hann 1975.

3. Zóphónías Pálsson (1915) mælingaverkfræðingur og fv. skipulagsstjóri.

4. Ágúst Böðvarsson (1906) landmælingamaður og forstjóri Landmælinga Íslands 1959-1976. Tvö samtöl í júní 1995. Ágúst er frískur að ræða við, en orðinn harla sjóndapur. Annars sagðist hann ekki kunna við að ræða mikið sína hagi, „en þegar ég loka augunum er allt í besta lagi“.

Ljósritun hefur verið þekkt frá því Sir John Herschel fann hana upp árið 1840. Hann leysti ammonium ferric citrate í vatni. Jón kopieraði að hætti Johns. Aðferðin gerir ráð fyrir að afritið sé síðan baðað í potassium ferricyanide sem einnig var leyst í vatni. Að lokum er afritið skolað í vatni. Potassium er kalíum, og cyanide er eitt form efnasambanda sem sum hver eru eitruð, sbr. blásýra. Enda urðu afrit þessarar lausnar blá, sbr. blueprint. Einnig nefnt cyanotype. Þessi afrit voru iðulega notuð í negatífi og hafa frumritin þá líklega oftast verið spejlvendt. Vonandi eru negatíf til fyrir væntanlegt tækniminjasafn. Ekki fannst nein heimild um notkun króms í ljósritun sbr. sögu Ágústs, en króm var aftur notað í lithography, sbr. chromolithography. Króm getur gefið ýmsa liti, svo sem gult, grænt, rautt, brúnt (þekkt úr ljósmyndun), og blátt, sbr. ironblue. Hugsanlegt er að króm hafi verið notað í stað ammoníaks í áðurgreindri blöndu, og losað menn við lyktina.

Aðferð sú sem ljósritunarvélur notast við nú er xeroxaðferð og án lausna. Hún býr til negatíft afrit með dufti á rafmagnaða plötu (tromlu) sem síðan festist á blað sem núíð er við hana og er negatífið þar með úr sögunni. Myndin er fixeruð með hita. Þessi aðferð var fundin upp af Chester Carlson fyrir stríð og fékkst keypt í ljósritunarvélum frá 1950.

Bæði Ágúst og Jóhann Sigurbergsson starfsmaður landmælinga lýstu kopieringu. Jóhann sagði Ágúst Guðmundsson, núverandi forstjóra Landmælinga ríkisins, áhugamann um söfnun gamalla hluta, en þeir eru í kössum. Þar má etv. finna kopieringsramma. Ágúst segist hafa fært Þór Magnússyni þjóðminjaverði mæliborðsútbúnað sinn nema kíkinn sem hann hafi selt, enda

ennþá verðmætur. Sá var léttbyggður fyrir notkun í óbyggðum. Gömlu Íslandskortin voru mæld á borði, segir Ágúst. Jón J. Víðis átti slíkt borð og notaði við gerð útsýnisskífa, enda komst kort þeirra í heilu lagi á borðið. Ágúst bendir á að regnhlífarnar stóru, sem iðulega sjást á myndum með mælingamönnum, og Jón átti eintak af, hafi fyrst og fremst verið sólhlífar, enda theodolitinn viðkvæm fyrir hitabreytingum.

Jóhann Sigurbergsson sagði frá aukinni tækni, m.a. við loftljósmyndun þar sem áður þurfti að sýna mikla útsjónarsemi við myndatökurnar og síðan við röðun myndanna þegar heim kom. Hann dáðist að frumherjunum og öllu því sem þeir komu til leiðar með lítilli tækni og enn minni fjárhag. Hann lýsti með aðdáun flugferð með Birni Pálssyni og Ágústi Böðvarssyni í hreindýraleit. Björn þekkti landið úr lofti eins og lófann á sér og rataði á heindýrin. Ágúst hrópaði upp fjölda hreindýra fyrir skrifara og bætti alltaf við örnefni á jörðu niðri. Til að áorka öllu því sem vannst á frumbýlisárunum upp úr aldamótum þurfti mikla útsjónarsemi og vandað verklag. Þegar Jón Víðis hallamældi las hann af stönginni á 5 cm bilum. Þannig varð nákvæmnin $\pm 2,5$ cm. Jón hélt sig við þá aðferð þótt seinna væri farið að lesa af á 1 cm bilum. Eftir að farið var að bera olíumöl á vegina var farið að lesa af á 1mm bilum. Það var fyrir fáum árum að tveir mælingamenn voru samferða í rútabíl um sléttur Suðurlands, á malbikuðum vegi. Vegurinn hafði leyft sér að síga svolítið hér og meira þar. Rútan sigldi á fleygiferð um veginn eins og skip á sjó með nokkuri undiröldu. Þá segir annar mælingamaðurinn við hinn: „Finnurðu millimetranákvæmnina?“

5. Brauðbökun. Grein um bökun brauða í gasstöðinni merkt x+y-z. Skv. dagbókum Jóns er greinin eftir hann. Greinin er birt hér í heilu lagi.
6. Auglýsingar frá Brauðgerð alþýðufélaganna í Vísi 30. okt. 1917 og í Mbl. 15. nóv. 1917.
7. Herdís Þorvaldsdóttir (1923) systurdóttir Jóns. Snædís, dóttir Herdísar, á nú aðild að ræktunarfélaginu Húsgulli á Húsavík.
8. Jónas B. Jónsson (1908) fv. fræðslustjóri. Samtal í maí 1995.
9. Geir Agnar Zoëga (1919) fv. frkvstj. Ísaga. Samtal í maí og júní 1995. Geir Agnar var 11 ára þegar hann byrjaði sem aðstoðarmaður Jóns árið 1930 á Eyrarbakka. Hann segir föður sinn hafa fengið Jón til að mæla Þrengslaveg árið 1929 þótt hann hafi annars ekki mælt vegi á þeim árum. Þar telur Geir Agnar aðstoðarmenn hafa verið Leif Bjarnason (Lárusar H. Bjarnason), Áka Jakobsson, og bræðurna Sigurð og Gísla Þorkelssyni, nefnilega „þrír í lengdarmælingu og tveir í hallamælingu“. Seinna mældi Jón hluta Þrengslavegar með aðstoðarmönnum Jakobi og Má ca. 1960. Það mun hafa verið um 1923 sem mælt var fyrir járnbraut um Þrengsli. Á þeim árum er talsvert skrifað um járnbrautir í dagblöð og fagtímarit.
10. Sigurður Thoroddsen (1940) arkitekt og aðstoðarskipulagsstjóri ríkisins.
11. Þorvaldur S. Þorvaldsson (1933) arkitekt og forstöðumaður Borgarskipulags er systursonur Jóns. Þorvaldur var mjög náinn Jóni og leit á hann sem fóstura sinn sbr. Viðtal í Vikunni 12. des. 1974, enda lést faðir Þorvalds nokkru áður en hann fæddist. Jón gekk honum því nánast í föður stað. Þorvaldur er ásamt systrunum Dóru, Herdísi, Þóru og Maríu barn Maríu Víðis Jónsdóttur.
12. Sigurður Haukur Sigurðsson (1926) kennari og mælingamaður er systursonur Jóns, sonur Auðar Víðis Jónsdóttur. Haukur á safn filma af brúm og öðrum umferðarmannvirkjum, en Geir

G. Zoëga hvatti hann til að hafa með sér myndavél í mælingavinnunni og taka myndir þegar honum fyndist ástæða til. Sig. Haukur var mælingamaður frá 1938-1987, eða í 50 ár.

13. Nikulás Úlfar Másson (1956) arkitekt og safnvörður á Árbæjarsafni er systurdóttursonur Jóns, sonur Þóru, sem er dóttir Maríu Víðis Jónsdóttur.

Teikningaskrá sem vitnað er til lét Árbæjarsafn taka saman og færa í tölvu árið 1995, en hún er unnin upp úr skráum byggingarfulltrúans í Reykjavík. Skrá yfir teikningar Jóns má fá hjá undirrituðum.

14. Bragi Thoroddsen (1917) fv. vegaverkstjóri. Samtöl í maí-júlí 1995.

15. Jens Kristleifsson (1940) teiknikennari. Samtal í maí 1995. Kristleifur átti líklega mestan þátt í byggingu Kleifabúa. Sjá <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/348397/>

16. Viðtal sem Viktor A. Ingólfsson ritstjóri Vegamála átti við Jakob Hálfðanarson tækni-fræðing. Stuðst er við viðtalið hér, en efnið er allt endurritað.

17. Gerðabækur stjórnarfundu Verkfræðingafélags Íslands. Undirritaður fletti gerðabókum stjórnarfundu V.F.Í. frá 15. febr. 1943 - 3. des. 1959. Hann fann aðeins minnst á Jón Víðis á einum stað, þ.e. 7. mars 1952. Þar segir: „Jakob Sigurðsson gaf skýrslu um Tímaritið. Ákveðið var að fara þess á leit við Gunnar Böðvarsson að hann tæki að sér ritstjórn Tímaritsins og fela honum að velja sér meðritstjóra. Þá var ákveðið að útvega mann Jóni Víðis til aðstoðar við söfnun auglýsinga.“ Jón sá um afgreiðslu Tímarits V.F.Í. árum saman og rukkun áskriftargjalda. Hafði Jón afgreiðsluna heima hjá sér og sími hennar var sími hans. Það kemur fram á þessum árum í gerðabókinni að fjárhagur tímaritsins hafi verið góður. Sjá (30). Hinrik Guðmundsson (1918) verkfræðingur og fv. frkvstj. V.F.Í. og Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir núverandi frkvstj. aðstoðuðu fúslega við leit í fundargerðabókum V.F.Í. sbr. einnig (30).

18. Bréf sem Jón skrifaði móður sinni 5. júlí 1917 frá Tungunámum á Tjörnesi (53).

19. Einar Magnússon (1900-1986) landfræðingur og fv. rektor M.R. Söguna um Sprengisandsferð þeirra Jóns heyrði undirritaður í útvarpsviðtali ca. 1965. Þar sagði Einar frá sósugerð. Einar ritaði einnig eftir Jón í Mbl. 14. jan. 1975. [Sjá 56].

20. Guðrúnu Kristinsdóttir (1928) er kona Sig. Hauks Sigurðssonar. Mbl. 14. jan. 1975.

21. Hallgrímur Jónasson kennari (1894-1991). Mbl. 14. jan. 1975.

22. Sigurður Jóhannsson (1918-1976) verkfræðingur og fv. vegamálastjóri. Mbl. 14. jan. 1975.

23. Verkfræðingatal 1956 og síðar eftir Jón Vestdal. Jóns er minnst í Verkfræðingatali, enda félagi í V.F.Í. frá 1954.

1. ágúst 1955 segir í fundargerðabók V.F.Í.: „Rætt um verkfræðingatal. Samþykkt að raða mönnum eftir stafrófsröð og tilgreina hvort menn hafa fengið leyfi ráðuneytisins til þess að kalla sig verkfræðing og hvenær.“ Einnig var samþykkt að heiti bókarinnar skuli vera „Verkfræðingatal, æviágrip íslenzkra verkfræðinga og annarra félagsmanna Verkfræðingafélags Íslands“. Af þessu sést að menn gátu verið félagar í V.F.Í. án þess að hafa leyfi ráðuneytisins til að kalla sig verkfræðing. Enda er ætíð í bókinni gerður skýr munur á því hvort samþykktir stjórnar eiga við inntöku í félagið eða hvort verið er að afgreiða fyrirsöfnun viðkomandi ráðuneytis um einstaka menn sem hafa til þess sótt um leyfi til að mega kalla sig

verkfræðing, þ.e. starfsleyfi. Í Verkfræðingatali er merkt „V“ með ártali við þá sem hafa starfsleyfi.

Í Verkfræðingatali er minnst á námsferð til Noregs árið 1921. Til er sendibréf (53) sem lýsir skemmtiferð Jóns til Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar og Skotlands þetta haust. Af bréfinu má sjá að Jón hefur notað ferðina vel og séð margt, þótt ekki hafi hann farið á skóla. Hann vitnaði iðulega í þessa ferð síðar.

24. Árbók Ferðafélags Íslands 1995. Þess má geta hér að Mbl. segir einnig frá hringsjóni „sem reist var í minningu Jóns J. Víðis landmælingamanns sem teiknaði flest sæluhús og hringsjár Ferðafélags Íslands meðan hann lifði“ undir heitinu *Esjan endurbætt* í B-blaði 23. júní 1995. Litmynd fylgir af hringsjóni.

25. Geir U. Fenger (1924). Samtal í maí 1995. Móðir Geirs (líka fædd Zoëga) og kona Geirs G. Zoëga voru systur.

26. Jón Sigtryggsson (1917) fv. aðalbókari í Iðnaðarbankanum. Samtal í maí 1995.

27. Minningargrein eftir Jóhann Skaptason mág Jóns, sem birtist í Íslendingaþáttum Tímans nr. 207 frá 10. maí 1975.

Bergljót, móðir Jóhanns, fluttist austur til heimahaganna á Héraði eftir lát Skapta (1907) og bjó þar árin 1908-1912 með þrjú börn sín, af sjö eftirlifandi, en fluttist þá til Akureyrar. Það er fyrir austan sem Jóhann hittir Jón fyrst. Sbr. (32).

Jóhann vitnar í ummæli Jakobs Hálfðanarsonar „hins merka samvinnufrömuðar“ um Jón Jóakimsson: „Það voru ríkulegar menjar hamingjusamrar æfi sem Jón lét eftir sig. Á Þverá allsnægta bú, innan húss og utan, hin trausta og góða bygging (bæjarhúsin) og að auki mjög vönduð steinkirkja byggð árið 1878. Jörðina Þverá átti hann nú, bættu að túni og engjum, vel eftir því sem erfiðir staðhættir til þeirra hluta leyfa þar í sveit“.

Jóhann skrifar þetta um Jón: „Jón Víðis var ljúfur maður í viðkynningu, skapprúður og góður heim að sækja, léttur í máli og ákveðinn í skoðunum og flutti mál sitt af rökfestu. Góð greind, reglusemi og framfaraprá einkennir ætt hans, auk listrænna hæfileika, sem víða hafa komið fram í mikilli fjölbreytni hjá eldri og yngri ættleggjum“. Lesa má um Mýrargenið á www.marvidar.com.

28. Snæbjörn Jónasson (1921) verkfræðingur og fv. vegamálastjóri (1976-1991). Samtal í maí 1995.

29. Jakob Jón Hálfðanarson (1942) tæknifræðingur er systursonur Jóns, sonur Þórnýjar Víðis Jónsdóttur. Jakob á þá hugmynd að tileinka hringsjóna á Esju minningu Jóns. Hringsjónin stendur í 780 m hæð.

Jakob aðstoðaði við að setja saman lista yfir útsýnisskífur Jóns.

30. Fundargerðabækur funda Verkfræðingafélags Íslands frá 1954. Orðalagi örlítið hnikað til. Sjá heimild nr. 23, en þar er tekið beint upp úr bókunum.

31. Jón Grétar Hálfðanarson (1947) eðlisfræðingur er systursonur Jóns, sonur Þórnýjar Víðis Jónsdóttur.

32. Samantekt Jóhanns Skaptasonar um forfeður sína og afkomendur þeirra. Ritið heitir Kvenættbogi og er gert eftir 1977. Í ritinu sameinast ættir Jóhanns og Sigríðar Víðis konu hans, systur Jóns.

33. Tímarit V.F.Í. 1922. Hafnarannsóknir Stjórnarráðs Íslands 1917-1921. Líklega er um sérprentun að ræða, nema árgangurinn hafi allur fjallað um þetta efni. Fengið að láni hjá Vita- og hafnamálastofnun. Tímaritið er stimplað með sporöskjulaga stimpli sem á stendur *Vitamála- stjórnin*. Það var væntanlega nafn embættisins á þessum tíma. Fyrir ofan er kóróna, en fyrir neðan strik. Sjá (34).

34. Hermann Guðjónsson (1952) verkfræðingur og vita- og hafnamálastjóri. Stofnunin á mikið af gömlum heimildum, bæði kortum og skriflegu efni. Hermann tjáði undirrituðum að efni þetta hafi lengi verið geymt í tveimur vitum, annar þeirra í Gróttu. Hermann hefur mikinn áhuga á sögu stofnunarinnar og hefur nú ráðið sagnfræðinga til að safna saman gögnum og vinna úr þeim.

Undirritaður tók saman nöfn og stærðarhlutföll allra korta merkt J.V.J. í kortakladda embættisins og má vitja listans hjá honum.

35. Þorsteinn Ólafsson (1919) kennari og vegaverkstjóri. Samtöl í maí - júlí 1995. Þorsteinn man vel vígslu Vestfjarðavegar. Árið 1959 var „stóra sumarið“ hans. Þá voru 4 ýtur í vinnu allan sólarhringinn við lagningu vegarins yfir Dynjandisheiði.

Þorsteinn minnst einnig vel hversu heppinn hann var með rauða ofaníburðinn úr vatnsbotninum uppi á heiðinni. Jón gaf leyfi til að sprengt yrði haft svo vatnið rynni burt. Ofaníburðurinn átti þátt í því hve fallegur vegurinn var. Árið 1959 var rigningasumar, en ofaníburðurinn þoldi rigninguna vel. Þorsteinn minnst ýtumanns sem lét þá skoðun í ljós þegar rann úr stöðuvatninu að þar væri „ekki meiri ofaníburður en sópa mætti saman með gólfsópi“. Því ánægjulegri varð uppgötvun ofaníburðarins fyrir vegagerðarmenn, en hann reyndist vera í 2-3 m þykku lagi.

Þorsteinn segist hafa séð nýja hlið á vegagerð þegar hann sá veglínuna á heiðinni og hversu vel hún fór í landinu.

36. Tjarnarhólminn. Grein eftir *Borgara* í Mbl. 16. nóv. 1917. Ekkert bendir frekar til þess að greinin sé eftir Jón, en hún sýnir áhuga á Tjarnarhólmanum. Í greininni er vitnað í eldri grein í Mbl. um sama efni. Greinina má fá í afriti hjá undirrituðum.

37. Í bréfasafninu (53) er endurgerð frásögn af beinaferðinni eftir Jón frá 10. apríl 1971. Hún ber heitið „*Nokkrar ferðaminningar frá sept.-okt. 1915*“ og er unnin upp úr dagbókum hans og sendibréfum. Undir frásögnina skrifar Jón (eða Jóhann): „*Skrifað upp fyrir Pál Kolka og lesið upp á spítalanum*“. Hér að neðan er sagt frá viðbrögðum Jóns við útvarpserindi Páls og er næsta víst að Jón hefur skrifað ferðasöguna í því tilefni. Páll Kolka prófessor fæddist 1895 og lést árið 1971. Það hefur því líklega verið Páll sem var á spítala og Jón náð að lesa söguna fyrir hann áður en hann lést. Páll hét áður Páll Valdimar Guðmundsson. Frásögn hans af beinaferðinni í ævisögu sinni *Úr myndabók læknis* sem Setberg gaf út 1964 er annars hin skemmtilegasta.

Geir Agnar Zoëga er einn þeirra sem dást að dugnaði Jóns við dagbókarskrif. Hann varð vitni að því að Jón fann að því við Pál Kolka að frásögn hans af beinaferðinni hafi ekki verið alveg samkvæmt bókinni. Geir Agnar telur Pál hafa sagt frá ferðinni á fundi, á fyrirlestri, eða jafnvel í útvarpinu. Daginn eftir hittir Jón Pál að máli og bendir honum á að ýmislegt í frásögn hans hefði ekki verið rétt. Hafði Jón þá litið í dagbækur sínar.

Sjá 54.

Draugasaga séra Árna er úr frásögn Jóns frá 1971.

38. Jón Þorláksson forsætisráðherra eftir Hannes Hólmstein Gissurarson. Almenna bókafélagið í Reykjavík, 1992. Efni aðallega sótt í kaflann *Verkfræðingur í vegalausum landi*.

Hannes segir nokkrar skemmtilegar sögur af vegamælingum, aðstoðarmönnum og vegagerðarmönnum frá árunum eftir 1905. Hannes nefnir m.a. Halldór Laxness og Þórberg Þórðarson til sögunnar. Þar kannast margur vegagerðarmaðurinn við sjálfan sig. Nefna má að í Atomstöð Laxness er lýsing á vegamælingamanni sem á augljóslega við Jón Víðis. Atomstöðin var notuð sem kvöldsaga í mælingatjaldinu (11).

Sigurður Thoroddsen var landsverkfræðingur frá 1893 til 1905. Bæði hann og Jón Þorláksson þurftu að ferðast mikið vegna starfa sinna og voru meira eða minna að heiman öll sumur. Sama hefur líklega gilt um Krabbe. Líklegt er að Sigurður hafi hætt vegna þessa er hann gerðist kennari. Það hefur því hentað Krabbe vel, árið 1918, að fá Jón Víðis til starfa, en hann hafði ekki fyrir fjölskyldu að sjá í bænum og var meira en reiðubúinn til að nota sumarið til ferðalaga. Þetta kann að hafa átt sinn þátt í því hve þeim Jóni og Krabbe gekk samstarfið vel. Þessi skoðun styðst einnig við umræður á Alþingi árið 1938, en þar bendir Jónas frá Hriflu Jónsson á mannfæð skipulagsnefndar og nefnir Jón sem starfsmann nefndarinnar, en „annars hafa þeir nálega enga aðstoð fengið“. Páll Línadal segir frá þessu í bók sinni *Bæirnir byggjast* á bls. 122 (51).

39. Viktor A. Ingólfsson ritstjóri Vegamála. Viðtal í maí - júlí 1995.

40. Oddfellowreglan á Íslandi 75 ára. Oddfellowblaðið. 21. ár. Reykjavík, 1972. Viðtal Hilmar Garðarssonar við Jón J. Víðis; Maður, sem má treysta. Bls. 40-44. Kommusetningu hefur verið hnikað örlítið og stafsetningu breytt á einstöku stað. Eftirmáli sem vitnað er í er eftir Hilmar.

Jón Þveræingur Jónsson lýsir komunni til Reykjavíkur eins í dagbókum sínum og Jón gerir hér. Um fyrstu nóttina segir hann fjölskylduna hafa gist í „kastala sálhjálpunarinnar og legið í flat-sæng á gólfinu“ (31).

41. Hilmar Garðarsson (1922) skrifstofustjóri. Hilmar færði undirrituðum ljósrít af Oddfellowblaðinu (40) og sýndi myndir sem Jón vann fyrir regluna. Þær eru oft þannig að sporöskjulaga myndum af öllum stofnendum stúku er komið fyrir á spjaldi. Efst er skrifað nafn stúkunnar og dagsetning. Undir myndum eru skrifuð nöfn manna og kvenna. Texti er skrautritaður og frágangur allur vandaður. Jón vann líklega að endurnýjun þessara spjalda þegar hann féll frá. Eitt spjald sýnir stofnendur stúkunnar Ingólfs, þá Halldór Daníelsson, Guðmund Björnsson, Sighvat Bjarnason og Guðbrand Finnbogason. Guðmundur Björnsson var landlæknir árin 1906-1931.

42. Úr dagbókum Jóns. *Studia relinquere* er latína og táknað að hætta námi. Steinþór, sem Jón minnst oft á í dagbókum sínum frá þessum árum, var skólalæknir hans í lækisfræðinni, en féll eftir fyrsta ár og hætti. Hann var sonur Odds læknis í Miðhúsum á Reykjanesi sem Jón var í kaupavinnu hjá sumarið 1915.

Um inngöngu sína í Oddfellowregluna segir Jón 20. febr. 1920 „*Gekk inn í Oddfellow-regluna um kvöldið*“.

Shiller er líklega Johann Christoph Friedrich von Schiller 1759-1805.

Geir Agnar Zoëga segir Guðmund Hannesson (1866-1946) prófessor hafa verið að tala um það á þessum árum að „of margir væru í læknisfræði“ (9). Í bréfi frá því í jan. 1915 til Þóru M. Sigurðardóttur segir Jón: „*Guðmundur Hannesson sagði að landlæknir hefði haft þau ummæli að aldrei mundu verða svo margir íslenskir læknar að hann mundi ekki geta veitt þeim embætti, en sagði G.H. „nú verður hann að hafa sig allan við, nú er eg hræddur um að hann spryngi á því““*. Þá „*voru 30 á skólanum als“* (53).

Ekki mun þetta samt hafa verið ástæðan fyrir því að Jón hætti við læknisfræðina. Varla heldur sú að Jón Þveræingur, faðir Jóns, hafi misst vinnuna hjá Edinborg á þessum tíma og Jóni hafi runnið blóðið til skyldunnar og talið réttast að hann færi fljótlega að vinna sér inn pening, en Geir Agnar nefnir þá ástæðu (9). Í dagbókum Jóns kemur ekki annað fram en Jón Þveræingur hafi haft næga vinnu. 7. des. 1915 segir: „*Bæjarfógeti símaði til pabba og bað hann að afrita alla bæjarskrána fyrir kr. 150.00“*. Jón hjálpaði til við það verk. 2. apríl 1916 segir: „*Í gær byrjaði pabbi að vinna hjá Garðari Gíslasyni, er það fyrir milligöngu Gunnars Einarssonar“*. 28. jan. 1917 segir: „*Sótti pabba um kvöldið til G.J. - hann þar að spila við Sigurð Jónsson frá Yztafelli, ráðherra“*. 21. apríl 1918 segir: „*Pjetur Jónsson alþingismaður frá Gautlöndum kom í dag og með honum Helga Bjarnadóttir fv. sölustj. af Húsavík, drukku kaffi með okkur. - Pjetur sagði okkur nákvæmlega frá silungaklaki í Mývatni frá hitapollum eða uppsprettum í vatninu og kaldavermslum“*. Af þessu og öðru sýnist Jón Þveræingur hafa haft vinnu og góð sambönd í bænum.

Haft er eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur, systur Jóns, að hann hafi hætt í læknisfræði eftir að hafa gengið með læknum í húsvitjanir í spönsku veikinni haustið 1918 (31). Eins og fram kemur í studia relinquere hafði Jón tekið ákvörðun um að hætta fyrir áramótin. Jón skrifar síðan 28. mars 1918: „*Fór til Sig. Thoroddsen til að ræða við hann um mælingakenslu verkfræðinga-fjelagsins í vor, hann hvatti mig til að vera með“*. Pestin barst hingað „*með skipum frá Kaupmannahöfn og Bretlandi snemma hausts (1918), en bar lítið á henni fyrst í stað. Seinustu daga októbermánaðar var allmargt fólk búið að taka veikina í Reykjavík“* (Öldin okkar). Síðan segir: „*2. nóv. er talið að 80 manns liggi rúmfast í bænum, en veikin er talin væg.“* Þá segir: „*6. nóv. er talið að helmingur bæjarbúa liggi og hafa þá orðið tvö dauðsföll.“* Alls létust um 260 manns úr veikinni, sem var influensa, að sögn Aldarinnar okkar. Jón segir þannig frá 8. nóv.: „*Nú geysar Spanska veikin hjer í bænum, afar margir eru veikir - afgreiðslumenn í apoteki geta ekki lengur staðið uppi - Th. Krabbe fór þangað og vinnur að afgreiðslu af kappi - hann gaf frí kl. 12 á hádegi, svo jeg gæti liðsint einhverjum sjúkum - jeg heimsótti Egil og Stþ.“* 10. nóv. segir: „*Sjúkravitjun“*. 11. nóv.: „*Jeg nú dálítið lasinn, með 39°, influensa“*. 15. nóv. skrifar Jón: „*Út með Auði“*. Og 17. nóv.: „*Í dag kom blað út í 1-sinn eftir pest, með löngum dánarlista“*. Jón mætti á skrifstofuna 18. nóv., en Krabbe var lasinn. 19. nóv. „*var símað frá hjúkrunarnefnd“*. 20. nóv. var Jón heima og svaf „*nær alltaf, lasinn“*. Hann mætir síðan 21. nóv. Faðir hans og systir mæta fyrst í vinnuna 23. og 24. nóv. „*eftir pest“* og er hún svo úr sögunni. Jón getur hvorki um að vinir né vandamenn hafi látist.

Gunnlaugur Þórðarson lögfræðingur og tengdasonur Maríu Víðis Jónsdóttur hefur þá gamansögu eftir Jóhanni Skaptasyni sýslumanni að Jóni hafi ekki litist á hversu margar frænkur hann ætti. Hann myndi varla hafa annað fyrir stafni í starfi sem læknir en að taka á móti þeim og hafi því talið ráðlegast að hætta að svo stöddu. Snædís dóttir Gunnlaugs bætti því við að Jón hefði verið feiminn við konur (munnleg heimild í maí 1995).

43. Safnahús Suður-Þingeyinga. Grein eftir Jóhann Skaptason í Árbók Þingeyinga 1964. Safnahúsið á Húsavík, 1965. Þar segir: „Árangur næst oft beztur, þegar tekst að sameina framtak þjóðfélagsstofnana og einstaklinga á menningarsviðinu“. Og síðar: „Mörgum hættir til að ætlast til þess, að ríkissjóður leggi fram drýgstan skilding. En hér gildir sama lögmál sem fram kemur í orðtakinu: Hjálpaðu þér sjálfur, þá hjálpar Guð þér“.

44. Eigin dagbækur Jóns frá árunum 1914-1973. Þær eru varðveittar í Menningarmiðstöð Þingeyinga í Safnahúsinu á Húsavík. Hafa ber í huga að stafsetning var mikið á reiki á þessum árum. Undirstrikanir Jóns eru hér í gæsalöppum. Á einstökum stað er komma gerð að punkti í þessari afskrift og hefst þá ný aðalsetning. Oft vantar punkta og strik yfir sérhljóða hjá Jóni og er það lagfært hér. Áður en farið er að rita jeg fyrir ég árið 1918 ritar Jón yfirleitt eg. Það á jafnvel við eftir að hann fer annars að nota je fyrir é. Þá er hér stundum bætt inn greinarskilum. Jón ritar víða pr. og táknað það fyrir. Jón ritar enti og er það viðurkennd þátíðarmynd af sögninni að enda.

Heimili Jóns og foreldra hans í Reykjavík var ætíð opið fyrir frændfólki að norðan og austan. Þetta fólk var í ýmsum erindagjörðum og ein af þeim var skólaseta. Í þröngbýlinu var jafnvel stofnað til hjónabanda (stundum skyldra aðila).

Ættarnafnið Víðis keyptu þau systkin 20. júlí 1918.

Oft er vikið að teikningum Jóns í greininni þótt því efni hafi hvergi verið gerð næg skil. Á skólaárum sínum teiknaði Jón fyrir Bjarna Sæmundsson náttúrufræðing og fékk greitt fyrir. Á þetta minnst hann m.a. 26. nóv. 1914. Þann 17. apríl 1918 segir Jón frá því að hann hafi teiknað þorsk „pr. Bj. Sæm.“ Haustið 1919 segir Jón frá því að „Krabbe bað mig gera hlutabréf fyrir Ísaga“. Og viku síðar „Enti við hlutabréf Ísaga kl. 1 eh tók ekkert fyrir það. Kaupi eitt hlutabréff fyrir 1050.00 kr. Það hljóðar á eitt þúsund (Auður á hlutabréfið ½)“. Jón segir einnig frá því er hann teiknar hlutabréf fyrir Óðinn.

Ekki er víst að alls staðar sé vitnað í þessa heimild þar sem efni er sótt í dagbækurnar, enda er samhengið þá augljóst. Ég leitast þó við að skáletra allt sem haft er beint eftir Jóni. Feitletrun er mín.

45. Safnahúsið á Húsavík opnað. Frétt í Mbl. í júní 1980 frá Silla fréttaritara Mbl. á Húsavík.

46. Eftir að Herdís Ásmundsdóttir lést og áður en Jón Jóakimsson kvæntist Bergljótu Guttormsdóttur átti hann Skafta með Sigríði, utan hjónabands. Skafti kvæntist ekki. Jón og Bergljót áttu ekki börn saman. Um Herdís segir að hún hafi verið „greind kona og göfug og manni sínum samhent um heill heimilisins, en hún virðist hafa verið fremur heilsutæp og andaðist haustið 1860“ (27, 32).

47. Jón Jóakimsson átti einnig dæturnar Aðalbjörgu, Maríu og Guðnýju. María fór til Ameríku.

48. Safni. Blaði Safnahússins á Húsavík. 13. ár. 1993. Þar er grein um lát Sigríðar Víðis Jónsdóttur. Þar segir að hún hafi arfleitt Safnahúsið að rúmum 3,4 mkr. og að gjöfin hafi borist húsinu á árinu 1992. „Raunverulega má segja að þau hjónin, ásamt nánnum ættingjum og fáeinum öðrum einstaklingum, hafi gert þessa stofnun að veruleika - nokkuð sem aldrei verður fullþakkað“.

49. Ólafur Eggertsson bóndi í Nesi var uppi 1850-1932. Hann var talinn merkur bóndi, en hann stóð m.a. fyrir nýjungum í búrekstri eins og fram kemur í dagbókum Jóns J. Víðis og sagt er frá hér í sambandi við ferð hans heim frá Miðhúsum haustið 1915. Sonur Ólafs, Jón Sigurður (1879-1957) var kaupfélagsstjóri í Króksfjarðarнесi frá stofnun félagsins til ársins 1943. Þá tók við Ólafur E. Ólafsson Þórðarsonar, sem enn lifir. Hann var barnabarn Ólafs Eggertssonar, sonur Bjarneyjar Sigurveigar dóttur hans.

50. Kvæðið Vestfjarðavegur er sótt í ljóðabók Guðmundar Inga Kristjánssonar, *Sólfar*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins. Reykjavík, 1981. Kvæðið er dagsett 1. okt. 1959. Guðmundur Ingi segir að sýslumaður Ísafjarðarsýslna hafi átt þátt í að kvæðið varð til. Sjálfur segist hann hafa verið farinn suður á fund 1. okt. og því hafi sýslumaður flutt kvæðið við vígsluna. Jón Víðis átti kvæðið í fórum sínum. Kvæðið er birt með leyfi höfundar frá 18. júní 1995. (Sjá 35).

51. Páll Línal. *Bæirnir byggjast - Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938*. Skipulagsstjóri ríkisins og Sögufélag Reykjavíkur, 1982. Jóns er getið á 21 stað í bókinni. Á bls. 135 er birtur reikningur skipulagsnefndar. Þar kemur nafn Jóns m.a. við sögu. Páll telur nefndina hafa verið ríkissjóði og bæjarfélögum ódýra, enda greiddi Vegagerðin fyrir vinnu-aðstöðu Jóns, sá um innheimtu reikninga frá sveitarfélögunum, bókhald, greiðslur o.s.frv.

Í kafla sem ber heitið *Úlfabytur vegna mælinga* á bls. 136n kemur fram að ýmsir lentu í úti-stöðum vegna mælinga, en Jón J. Víðis aldrei.

Árið 1931 er kreppa og ákvað Tryggvi Þórhallsson ráðherra að fresta framkvæmdum vegna skipulagslaganna og fól nefndinni að segja Jóni J. Víðis upp störfum. Eftir þingrof mánuði síðar snerist margt við og er þá ákveðið að halda áfram starfinu (bls. 142n).

Benda má á að Zóphónías Pálsson fv. skipulagsstjóri hefur ritað *Ágrip af söfu skipulagsmála í einstökum sveitarfélögum 1938-1988* sem útgefið er af Skipulagi ríkisins 1990. Skýrslan sem er 233 síður að lengd er afar ágripskennd og bætir litlu eða engu við þátt Jóns J. Víðis að skipulagsmálum, enda snéri hann sér að vegamælingum árið 1942.

Sjá (52).

52. Ársskýrsla Skipulagsstjórnar ríkisins og Skipulags ríkisins fyrir 1988. Skipulag ríkisins í október 1989. Vegna nefndrar nákvæmni 1:500 kortanna má nefna að „eftir að Zóphónías Pálsson réðist til Skipulagsins árið 1954 til að annast kortagerð ákvað hann í samráði við þáverandi skipulagsstjóra að framvegis skyldu mælingaruppdrættir og skipulagsuppdrættir ekki gerðir í stærri mælikvarða en 1:1000, nema í sérstökum undantekningartilvikum t.d. þegar um deiliskipulag væri að ræða“ (bls. 110).

Yfirlit yfir kort Jóns eru í ritinu á bls. 110 og 115-118.

53. Úr bréfasafni sem er afrit *Sendibrjefa frá Jóni J. Víðis til náinna ættmenna og ferðasögur*. Safnið er tekið saman af Jóhanni Skaptasyni og er í uppskrift hans. Það nær til árána 1912-1942.

54. Fram kemur í bréfi Jóns til Þóru M. Sigurðardóttur að þeir félagar tóku um 8 beinagrindur, en ekki allar heilar því Vilhjálmur Stefánsson (1879-1962) mannfræðingur og landkönnuður „hafði n.l. látið greipar sópa fyrir 8-9 árum, farið með um 100 beinagrindur til Ameríku“ (53). Í seinni frásögn af beinaferð segir Jón: „*Laust fyrir miðjan október ræddum við, eg Jón síðar*

Víðis ('18) og Páll síðar Kolka ('19) um mannabein í gamla kirkjugarðinum í Bæjarey í (Hausthúsaeyjum) Haffjarðarey. *Sýndist okkur þau myndu verða gagnlegri hjá nemendum í læknadeild Háskólans og í eigu skólans, heldur en þar, sem þau voru nú“* (37).

55. Bréf sem Jón skrifaði Þóru M. Sigurðardóttur móðursystur sinni frá Miðstræti 8a 7. sept. 1919 (53). Jón Hálfðanarson hafði landslagslýsinguna með í grein sem hann tók saman til að flytja í Víðisferð í Kollafjörð, undir Esju, í tilefni vígslu minnismarkisins um Jón, en var aldrei flutt.

56. Afrit Jóhanns Skaptasonar sem hann segir ritað eftir frásögn sem birtist í 30. tbl. Fálkans 1964, en það ár var Jóni boðið af ævintýramönnum að endurtaka Sprengisandsferð. Afrit úr dagbók frá 1933 fylgir.

Ég hef tekið saman í eitt rit þrjár óbyggðiferðir Jóns, sem allar tengjast á einn eða annan hátt. Þær eru úr dagbókum hans.

1. *Bílferð yfir Kaldadal 1929.*

2. *Bíl- og reiðferð um Kjalveg 1932.*

3. *Fyrsta bílferð yfir Sprengisand 1933.* Lesa má sögur þessar á www.marvidar.com.

57. *Kolin á Tjörnesi.* Ómerkt grein í Mbl. 1. nóv. 1917. Skv. dagbókum Jóns er greinin eftir hann. Hún er of löng til birtingar hér, en fæst hjá undirrituðum í afriti.

58. Sumir segja að yfirbyggði Willisinn hafi verið annar bíll og að Jón hafi átt hann, en það er líklega ekki rétt.

59. Árni G. Eylands. *Búvélur og ræktun.* Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík, 1950. Þetta er feikna yfirgrípsmikil bók um fyrstu ár vélaaldar á Íslandi. Í henni er mikið af myndum, m.a. af vélum að störfum hér á landi. Kaflinn *Fyrstu jarðýtturnar* er hér birtur í heild. Hann hafði Árni einnig með í *Skurðgröfur vélasjóðs* (sjá 61). Ásgeir Sigurðsson birtir einnig stóran hluta kaflans í bók sinni *Áfram veginn*, en hún er *Safn til Iðnsögu Íslendinga*, nr. 3B. Sú bók var gefin út í Reykjavík árið 1991. Ásgeir benti á bækur Árna til notkunar hér.

Verkfæranefnd ríkisins var fyrst skipuð af Búnaðarþingi 1927 til að annast tilraunir með ný verkfæri í þágu landbúnaðarins. Sett voru lög um hana 1940. Árni var lengi formaður og framkvæmdastjóri nefndarinnar (1927-1945). Stóð svo til ársins 1942 og aftur 1943 að lög eru sett um Vélanefnd ríkisins fyrir tilstuðlan Verkfæranefndar. Hún tekur endanlega við stjórn Vélasjóðs árið 1950 (breyting á jarðræktarlögum) og er Verkfæranefnd þá úr sögunni. Áður var til Vélasjóður (1923) til að kaupa skurðgröfur, en lög um hann gengu í gildi 1930. Árið 1942 var hann fluttur inn í jarðræktarlög og kemst undir stjórn Vélanefndar 1943 eins og að framan segir. Í sjóðinn rann mikið fé úr ríkissjóði (sjá bls. 14, 79, og 263 í heimild (61)).

Árni segir: „Jarðýtturnar fyrstu 1943 vöktu áhuga bændanna, ekki vantaði það. Hér var náðið nef augum, og er ekki vandi að vita hið rétta hverju fram fór, þar eð sami maðurinn - sá er þetta ritar - var þá bæði formaður Verkfæranefndar og ráðamaður SÍS um annan innflutning búvéla“ ((61), bls 248n). SÍS flytur inn 74 af 104 vélum árin 1943-1948 ef bornar eru saman tölur úr greininni *Fyrstu jarðýtturnar* og tölurnar af bls. 437 sem birtar eru hér að neðan, eða 71%. Þessi tala virðist hafa verið 100% fyrir árin 1944 og 1945 ((61), bls. 248).

Um innflutning beltatraktora (ýta) segir Árni: „1 1942, 3 1943, 7 1944, 15 1945, 25 1946, 36 1947, 18 1948, 61 1949 eða samtals 190 vélar á árunum 1942-1949.“ Af þessum vélum eru a.m.k. 23 eingöngu notaðar við vegagerð. Eftirspurn var meiri eins og fram kemur annars staðar. Árni greinir frá tegundum og stærðum (bls. 437).

Um traktora frá hernum segir Árni: „Á meðal véla þeirra, er herir bandamanna skildu eftir hér að stríðinu loknu, var töluvert af traktorum. Ríkisstofnanir, svo sem Vegagerð ríkisins, ræktunarfélög og einstakir menn hafa keypt allmarga slíka traktora af ýmsum gerðum. Bætast þeir við innflutning og kaup nýrra traktora á árunum 1942-'49, en engar tölur eru til, er greini, hve margt þessara hervéla notast við ræktunarstörf. Einkum er um að ræða eitthvað af beltatraktorum International og Caterpillar, og hjólatraktora t.d. Case“ (bls. 437). Eirík Eylands telur að allar jarðýtur sem Bandaríkjaher skildi eftir sig hafi haft vírahíingar.

Árni segir: „Aflmikill beltatraktor með ýtu er undravél til margvíslegra átaka og afkasta. Og hér á landi notast stórum betur að þessum ágætu vélum heldur en víðast annars staðar í nálægum löndum. Veldur því hvort tveggja, hve landið er ónumið og lítt ræktað, svo að óvíða veldur meini, þótt jarðýtan rótist um við störfin, og hitt, að jarðmyndun landsins, skriður, eyrar, melar og holt, leyfir vinnubrögð með ýtu furðu víða og langtum víðar en t.d. í fullræktuðu landi eins og Danmörku, eða Noregi, landi hinna lítt molnuðu bergtegunda“ (bls. 233).

60. Island og dets tekniske udvikling gennem tiderne. Ved Civilingeniør Th. Krabbe tidl. Landsingeniør, Fyr- og Havnedirektør paa Island. København, 1946. Bókinni er áreiðanlega að mestu lokið fyrir áramótin 1945-1946. Í bókinni eru nokkur Íslandskort eftir Jón J. Víðis. Þau sýna ástand vega, símasambands, vita o. fl. árið 1946. Í bókinni er mikið af myndum. Sagan um breyttan ferðamáta er á bls. 34.

Eirík Eylands segir það hafa verið rætt í hópi manna, sem Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri var á meðal, að mikið sé af villum í bókinni. Hann orðar það svo að „hæpið sé að treysta ártölum og fjöldatölum“. Krabbe, sem var danskur maður, var fluttur aftur til Danmerkur fyrir stríð og skrifaði bókina þar. Í stríðinu voru samskipti milli Íslands og Danmerkur afar erfið eins og þekkt er. Því virðist svo sem Krabbe hafi átt það til að giska á tölur.

Í framhaldi af kaflanum um fjölda ýta sem birtur er í greininni bætir Krabbe: „Til Brug under Vejevæsenets Sommerkampagne 1946 vil man ventelig have til Disposition en ganske betydelig Park af Arbejdsmaskiner: over 30 Bull-dozer's, hvoraf nogle af største Type (18 tons), 24-26 Motorvejhøvle, 18 Gravemaskiner, mest smaa paa 1/4 cub yard, men ogsaa større, op til 1 1/4 cub yard og 32 ts Vægt, endvidere en halv Snes Kompressorer, hvoraf 3 er monteret paa Biler, endelig et stort Antal Kraner, Biler, Traktorer, Paahængsvogne m.m. Denne stærke Motorisering af alt Vejarbejde er i disse Tider, med den store Mangel paa Arbejdskraft og den fantastisk høje Arbejds løn, i særlig Grad paa sin Plads. - Fra den amerikanske Besættelsesmagt har Vejevæsenet nydt meget stor Støtte under de for ny Leverancer yderst vanskelige Forhold“ (bls. 30n).

Frá skrifborði sínu í Kaupmannahöfn veltir Krabbe fyrir sér afleiðingum vegagerðar á mannlífið uppi á Íslandi: „Vejenes Udvikling har paa mangfoldige Maader grebet dybt ind i Befolkningens Liv. Ikke blot har den betinget den produktionsmæssige Udvikling af Landet, og har derved spillet en afgørende Rolle for Landets økonomiske Liv, men den har samtidig medført en stor aandelig Vækkelse og Udvikling i Befolkningen, som derved har faaet Adgang

til at lære sit Land at kende og faaet Øjnene endnu bedre op for dets Skønheder og Ejendommeligheder“ (bls. 33).

61. Skurðgröfur Vélasjóðs 1942-1966. Árni G. Eylands. Vélanevnd ríkisins. Reykjavík, 1967. Sjá einnig (59). Í framhaldi af tilvitnun í greininni segir: „Jarðýta Vélasjóðs hafði unnið fyrir Vegagerð ríkisins haustið 1943 og aftur 1944, og vegamálastjóri hafði kynnt sér vinnubrögð skurðgröfunnar í Garðaflóa haustið 1942. Hitt er svo annað mál, að þegar hér er komið sögu, höfðu verkfræðingar Vegagerðarinnar [þ.m.t. Jón J. Víðis - innskot MVM] einnig kynnt slíkum vélakosti hjá hernum, og auðvitað vissu þeir góð deili á slíkum vinnubrögðum erlendis, fyrst og fremst í Ameríku, en þá var jarðýtutæknin enn í bernsku hér í álfu og jafnvel ókomin til Norðurlanda“ (bls. 250).

62. Eirík Eylands (1924). Eirík var deildarstjóri véladeildar Vegagerðarinnar frá 1961. Hann er sonur Árna G. Eylands og lánaði bækur hans til notkunar hér.

Á bls. 240 í bók Árna, *Búvélar og ræktun*, er mynd af Eirík á jarðýtunni sem vann í Garðaflóa sumarið 1943. Eirík vann einnig á TD-9 ýtunni á Skorholtsmelum 1943 og frá er sagt.

Eirík segir að vegkantar (fláar) fyrstu veganna sem lagðir voru með jarðýtum hafi verði tyrfðir. Því kann að vera erfitt fyrir óvana að þekkja þá frá eldri vegum.

63. Elís G. Þorsteinsson (1929). Elís er bróðir Magnúsar Rögnvaldssonar fv. vegaverkstjóra í umdæmi Jóns J. Víðis og Ragnars Þorsteinssonar kennara og vegagerðarmanns. Elís man eftir Svavari Júlíussyni, síðar verkstæðisformanni hjá Vegagerðinni, á TD-9 ýtunni í Borgarfirðinum sumarið 1943. Elís horfði á ýtuna fara framhjá þar sem hann var við vinnu sína þetta sumar 1943. Elís segir að unnið hafi verið á Þorskafjarðarheiði árið 1945 með þessari vél (International TD-9).

64. Sendibréf Árna G. Eylands frá 7. apríl 1969 til Páls Lýðssonar í Litlu-Sandvík í tilefni erindis Páls um „Daginn og veginn í útvarpinu“. Árna er mjög í mun að fram komi að fyrstu ýturnar hafi ekki komið frá setuliðinu, heldur verið framtak Íslendinga sjálfra. Þetta áréttar hann í bréfinu. Bréfið má heita e.k. framhald annarra skrifa Árna sem hér er vitnað í.

65. Einar Magnús Ólafsson (1913) í Vestur Botni er þekktur ýtumaður og vegaverkstjóri á Vestfjörðum.

Um ástæður þess að Magnús vildi ekki þiggja staupið á Þingmannaheiði segir Bragi Thoroddsen að nokkru áður hafi Geir vegamálastjóri fundið að því við Magnús að ekki væri nægilega þykk malarfylling yfir ræsum. Magnús svaraði því að sér fyndist hún nægilega þykk. Þá sagði Geir: „Ég var ekki að spyrja um álit yðar. Fyllingin á að vera meiri“ og síðan nefndi hann þykktina í cm.

Jóhann Skaptason sýslumaður var mikill áhugamaður um framkvæmdir í Barðastrandar-sýslum. Hann lét sýsluna kaupa ýtuna Ásaþór. Um það leyti sem Jóhann flutti frá Patreksfirði keypti félag bænda í vestursýslunni ýtuna. Það voru þeir Magnús í Botni og Marinó Kristjánsson. Í félagið bætast Ólafur í Sellátranesi Sveinsson, Ari Ívarsson og Bjarni í Hænuvík Sigurbjörnsson. Í safnið bætast ýturnar Sleipnir og Óðinn. Magnús, Marinó og Bjarni bættu síðan við ýtunni Mjölni, sem Magnús keypti síðast og stendur nú í botni Patreksfjarðar, enda aðrir tímar. Ólafur í Sellátranesi segir að Jóhann Skaptason hafi sýnt tækjamálum mikinn áhuga og stundum litið við á verkstæðinu hjá þeim ýtumönnum. Hér er mjög stiklað á stóru og mætti einhver bæta úr því.

66. Þóra Þorvaldsdóttir (1925). Hún var í átræðisafmæli Halldóru Sigurðardóttur og heyrði hana segja söguna af sér og Jóni Þveræingi. Höfundur heyrði Maríu Víðis Jónsdóttur, dóttur Halldóru og Jóns, segja þessa sögu af samdrætti langafa síns og langömmu.

67. Viðbót 2016. Lista yfir heimilisföng foreldra sinna í Reykjavík og í Hafnarfirði gerði Jón Víðis sjálfur. Listinn lá frammi árum saman á heimili Jóns. Margir lásu hann yfir og undruðust flækinginn. Jón hjó á þá atburðarás þegar hann keypti Hverfisgötu 40 árið 1923. Fjöldi Víðisa bjó í því húsi, líkt og á Þórsgötu 17 og á Eiríksgötu 4, en tvö síðari húsin átti Jón í samvinnu við systur sínar Þórnýju og Auði, ásamt eiginmönnum þeirra. Listinn var ekki með í fyrstu útgáfu þessarar sögu. Hann fannst árið 2016, vélritaður af Auði Víðis, systur Jóns, og hafði verið í geymslu hjá Bergþóru Sigurðardóttur, dóttur hennar. Jakob Hálfðanarson afhenti mér.

Rósa Karen Borgþórsdóttir hjá Byggðasafni Hafnarfjarðar sendi mér upplýsingar um húsin í Hafnarfirði í apríl 2016. Um Lækjargötu 12 segir hún: „Hús Egils Eyjólfssonar að Syðri Lækjargötu 12, löngum kallað kassahúsið vegna útlitsins. Það stendur enn sem Lækjargata 12, en hefur breyst mikið.“ Aðrar viðbætur Rósu eru í listanum. Þá bætir Rósa við: „Annars afar áhugaverð lesning um Jón Víðis, en kort hans af Hafnarfirði frá um 1925 skoða ég margoft vegna starfs míns.“

68. Varðandi vísu Þorsteins Erlingssonar um Þingmannaheiði. Halldór Blöndal segir í þætti sínum Vísnahorni í Mbl. 22. febr. 2019 frá vísunni og hefur hana öðruvísi. Hann vitnar í Þorstein Antonsson í Lesbók Mbl. 20. júní 1987 sem segir: „Í dagbókum úr þessari Íslandsferð, oft ritaðar úti við, t.d. á áningarstað uppi á heiði, eru tvær vísur, blýantskrot í bókum sem varla standa út úr hnefa. Leiðin lá yfir Þingmannaheiði og yrkir Þorsteinn:

Ekki er hún gamla tóa traust,
tarna er ljótur staður,
slarki ég þetta þrautalaust,
þá er ég gæfumaður.

Þegar aftur er komið ofan fyrir heiðarbrúnina yrkir Þorsteinn:

Þess eins bið ég guð ef ég á nokkra sál
og ef hann vill hirta hana í reiði,
að senda hana í ís eða bik eða bál,
en bara ekki á Þingmannaheiði.“

Þorsteinn Erlingsson ferðaðist víða um suður- og vesturland til að leita að rústum fornskála sem líktust hugsanlega skála þeim sem ríkur Bandaríkjamaður taldi sig hafa fundið nálægt Boston. Dr. Valtýr Guðmundsson hafði milligöngu um erindi þetta.

69. Að lokum þakka ég öllum þeim fjölmörgu sem veittu mér aðstoð við efnisöflun og yfirllestur handrits. Guttormur Þormar (1925) verkfræðingur Vigfússon, frændi Jóns, og Dóra Þorvaldsdóttir (1922) systurdóttir Jóns létu höfundi í té blaðgreinar.

Gert í Reykjavík vorið 1995. Viðbætur eftir hendinni. Sjá dagsetningu í heiti skjalsins.

Mannanöfn

- Aðalbjörg Jónasdóttir, í Kasthvammi, systir Áskels á Þverá; 37.
Aðalbjörg Jónsdóttir (Jóakimssonar), á Þverá; 45.
Anna Guðjónsdóttir, frá Þaralátursfirði, kona Kristins H. Jónssonar á Dröngum; 22.
Ari Ívarsson, ýtumaður; 49.
Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir frkvstj. V.F.Í. ; 40.
Auður Víðis Jónsdóttir, systir Jóns; 2, 3, 4, 11, 34, 39, 44, 45, 50.
Axel Peterson, verkfræðingur, mældi líka hafnir; 13.
Ágúst Brynjólfsson, kenndi Jóni að kopiera; 35.
Ágúst Böðvarsson, forstöðumaður Landmælinga Íslands, vinur Jóns; 24, 30, 34, 38, 39.
Ágúst Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands; 38.
Ágúst H. Bjarnason, heimspekingur og sálfræðingur, kenndi Jóni í H.Í. ; 10.
Áki Jakobsson, lögfræðingur, aðstoðarmaður Jóns; 18, 39.
Árni Eir., kaupmaður, liggur lasinn og deyr; 11.
Árni G. Eylands, skrifaði fræðibókina Búvélur og ræktun; 16, 17, 18, 47, 48, 49.
Árni Þórarinsson, prestur á Stórahrauni í Hnappadal; 6, 7, 43.
Ársæll Guðjónsson, Jón teiknaði hús fyrir hann; 30.
Ásgeir Ásgeirsson, Jón teiknaði hús fyrir hann; 31.
Ásgeir Ásgeirsson, frá Fróðá, fór uppá Bláfellsháls með Jóni; 26.
Ásgeir Jakobsson, málarameisteri, aðstoðarmaður Jóns; 18
Ásgeir Kristmundsson, í Grundarfirði, vegaverkstjóri; 22.
Ásgeir Sigurðsson; 2.
Ásgeir Sigurgestsson, sálfræðingur, áhugamaður um vélknúin ökutæki; 47.
Áskell Jónasson, frændi Jóns, á Þverá, lét land undir Jónsstein; 37
Áskell Snorrason, frændi Jóns, á Þverá, reið með Jóni út í Víði 1919; 8.
Baldur Sigurðsson, á Klúku í Bjarnafirði, ýtumaður í Veiðileysukleif; 22.
Benedikt Jónsson (Bubbi málari), á Húsavík, frændi Jóns; 38.
Benedikt Jónsson, á Auðnum í Laxárdal, föðurbróðir Jóns; 33, 34.
Benedikt Kristjánsson, séra, og kona hans, í Múla í Aðaldal; 2.
Bergljót Guttormsdóttir, föðursystir Halldóru Sigurðardóttur, móður Jóns; 2, 45.
Bergljót Sigurðardóttir, móðursystir Jóns; 7, 41.
Bergþóra Sigurðardóttir, lækni, frænka Jóns; 50.
Bjarney Sigurveig Ólafsdóttir í Króksfjarðarnesi; 46.
Bjarni Guðmundsson, lækni, gekk með Jóni heim 1917; 8.
Bjarni Jónsson, dómprófastur; 11.
Bjarni Sigurbjörnsson, frá Hænuvík í Patreksfirði, ýtustjóri; 31, 49.
Bjarni Sæmundsson, fiskifræðingur, pantaði myndir af fiskum af Jóni; 45.
Bjogga gamla, hjá sr. Árna á Stórahrauni; 6.
Björn Árnason, verkfræðingur, pantaði útsýnisskífu á Hamarinn í Hafnarfirði af Jóni; 36.
Björn Gunnlaugsson, landmælingamaður, gerði kort af Íslandi; 26.
Björn Pálsson, flugmaður, tók loftmyndir; 39.
Björn Rögnvaldsson; 30.
Borkenhagen, gasstöðvarstjóri; 9.
Bragi Thoroddsen, vegaverkstjóri á Patreksfirði, lífskúntner; 25, 31, 32, 40, 49.
Bríet Bjarnhédinsdóttir, kom að Þverá; 3.

Böðvar J. Bjarkan, lögmaður, gekk með Jóni til Akureyrar; 8.
 Chester Carlson, fann upp xeroxaðferð við ljósrítun; 38.
 Coghill, enskur kaupmaður, fannst vanta brýr; 13.
 Davíð Stefánsson, uppáhalds ljóðskáld Jóns; 25.
 Dóra Þorvaldsdóttir, systurdóttir Jóns; 3, 39, 50.
 Ebeneser Henderson, prestur, ævisaga hans var kvöldsaga og gjöf til vildarmanna; 23, 32.
 Egill Eyjólfsson, húseigandi í Hafnarfirði; 50.
 Egill, vinur Jóns; 44.
 Einar H. Kvaran, hélt fyrirlestra sem Jón sótti; 8.
 Einar Jónsson, myndhöggvari, stytta hans er í merki Jóns fyrir IOOF Ingólf; 27.
 Einar Magnússon, kennari & rektor, fór yfir Sprengisand með Jóni; 23, 26, 31, 40.
 Einar Sveinsson, byggði Hvg. 40; 3.
 Einar Þorsteinsson, líkl. skólabróðir Jóns; 11.
 Eirík Eylands, lánaði Má fræðibók Árna föður síns; 17, 48, 49.
 Elís G. Þorsteinsson, vegaverkstjóri; 49.
 Emil Jónsson, verkfræðingur, vitamálastjóri, sat í skipulagsnefnd; 15.
 Finnboga Árnadóttir, kona Odds Jónssonar lækni í Miðhúsum; 5.
 Finnbogi Rútur Þorvaldsson, verkfræðingur, fundarstjóri þegar V.F.Í. heiðraði Jón; 12.
 G. Heiðdal/Hlíðdal, aðstoðarmaður Th. Krabbe; 14.
 G. Magn., kennari í læknadeild; 10.
 Garðar Gíslason, vinnuveitandi Jóns Þveræings, föður Jóns; 44.
 Geir Agnar Zoëga, sonur vegamálastjóra, aðstoðarmaður Jóns; 15, 18, 19, 39, 42, 44.
 Geir G. Zoëga, vegamálastjóri; 13, 15, 16, 19, 23, 24, 31, 35, 36, 39-40, 41, 49.
 Geir U. Fenger, aðstoðarmaður Jóns; 18, 41.
 Gísli Johnsen, seldi Hvg. 40; 3.
 Gísli Jónsson, alþingismaður, lélegur vegagerðarmaður; 19.
 Gísli Þorkelsson, aðstoðarmaður Jóns; 39.
 Guðbrandur Finnbogason, einn af stofnendum IOOF Ingólfs; 43.
 Guðjón Samúelsson, arkitekt, sat í skipulagsnefnd; 15.
 Guðmundur Björnsson, landlæknir, var einn af stofnendum IOOF Ingólfs; 27, 43.
 Guðmundur Hannesson, læknir, kenndi Jóni, sat í skipulagsnefnd; 10, 15, 44.
 Guðmundur Ingi Krisjánsson, á Kirkjubóli í Bjarnadal, orti um vegi Jóns; 20, 21, 46.
 Guðný Jónsdóttir (Jóakimssonar), frænka Jóns á Þverá; 45.
 Guðný litla Oddsdóttir, systir Steinþórs, frá Miðhúsum; 11.
 Guðríður Eiríksdóttir, amma Jóns, móðir Halldóru; 2.
 Guðrún Kristinsdóttir, kennari, kona Sig. Hauks Sigurðssonar; 40.
 Gunnar Böðvarsson, verkfræðingur; 40.
 Gunnar Einarsson; 42.
 Gunnar Zoëga, sonur Geirs vegamálastjóra, aðstoðarmaður Jóns; 18, 26.
 Gunnlaugur Claessen, kennari í læknadeild; 10.
 Gunnlaugur Þórðarson, lögfræðingur, maður Herdísar Þorvaldsdóttur; 44.
 Guttormur Vigfússon, vefari; 2.
 Guttormur Þormar, verkfræðingur, vefari, útvegaði efni; 50.
 Halla Bergsteinsdóttir, dóttir Aðalbjargar Jónasdóttur í Kasthvammi; 37.
 Halldór Blöndal; 52.
 Halldór Daníelsson, einn af stofnendum IOOF Ingólfs; 43.
 Halldór Kiljan Laxness, skrifaði um mælingamann sem líktist Jóni; 43.

Halldóra Jónsdóttir, vefari, móðir Sigurðar Guttormssonar; 2.
 Halldóra Sigurðardóttir, móðir Jóns; 2, 4, (7), (11), 33, (40), 49.
 Hallgrímur Jónasson, kennari, var í Ferðafélagi Íslands; 35, 40.
 Hannes Arnórsson, verkfræðingur hjá Vegagerðinni; 17, 34.
 Hannes Hafstein, ráðherra, hvatti til mælinga; 13.
 Hannes Hólmsteinn Gissurarson, skrifaði um vegalaust land (Coghill); 43.
 Haraldur Níelsson, prestur, kvæntur frænku Jóns, hélt fyrirlestra; 8.
 Hálfan Eiríksson, mágur Jóns; 3.
 Helga Bjarnadóttir, sölustjóri á Húsavík; 44.
 Helgi Hallgrímsson, vegamálastjóri, um bók Th. Krabbe; 48.
 Helgi Helgason, byggði Hvg. 40; 3.
 Herdís Ásmundsdóttir, amma Jóns, móðir Jóns Þveræings; 2, 45.
 Herdís Þorvaldsdóttir, leikari, frænka Jóns; 35, 39.
 Hermann Guðjónsson, verkfræðingur, vita- og hafnamálastjóri, sýndi kort Jóns; 42.
 Hildur Jónasdóttir, í Árhvammi, systir Áskels á Þverá; 37.
 Hildur Thorarensen, á Kotvogi á Reykjanesi; 14.
 Hilmar Garðarsson, tók viðtal við Jón og birti í Oddfellowblaðinu; 43.
 Hinrik Guðmundsson, verkfræðingur, frkvstj. V.F.Í. ; 40.
 Hörður Bjarnason, arkitekt, skipulagsstjóri; 15.
 Höskuldur Jónsson, forseti F.Í. ; 37.
 J. Sv., var blindfullur; 31.
 Jakob Hálfðanarson, frændi Jóns og aðstoðarmaður; 18, 25, 26, 35, 36, 38, 39, 40, 41, 50.
 Jakob Hálfðanarson, starfsmaður K.Þ. ; 41.
 Jakob Sigurðsson, verkfræðingur; 40.
 Jens Kristleifsson, teiknikennari; 40.
 Jochum M. Eggertsson (Skuggi), í Skógum, bróðursonur sr. Matthíasar; 34.
 Johann Christoph Friedrich von Schiller, skáld; 44.
 John Herschel, sir, fann upp ljósritun; 38.
 Jóhann Sigurbergsson, starfsmaður Landmælinga Íslands; 38, 39.
 Jóhann Skaptason, mágur Jóns; 3, 4, 7, 18, 29, 33, 34, 39, 42, 43, 45, 46, 47, 48, 50, 54, 56.
 Jón Aðils, kenndi Jóni sögu í H.Í. ; 10.
 Jón Benediktsson, frá Grenjaðarstað, með Jóni í læknanáminu; 10.
 Jón Brunnan, heimsótti Jón; 10.
 Jón Grétar Hálfðanarson, eðlisfræðingur, frændi Jóns og aðstoðarmaður; 18, 38, 41, 47.
 Jón Ingvarsson, Jón teiknaði hús fyrir hann; 28.
 Jón J. Thoroddsen, fyrsti aðstoðarmaður Jóns við mælingar; 14.
 Jón J. Víðis, landmælingamaður. Sagan fjallar um hann. Hann birtist því á hverri síðu.
 Jón Jóakimsson, afi Jóns, faðir Jóns Þveræings; 2, 41, 45.
 Jón Magnússon, ráðherra, úthlutar kennarastöðum; 11.
 Jón Ólafsson, sonur Ólafs í Nesi, verslunarmaður á Króksfjarðarnesi; 6.
 Jón Pétursson, maður Hildar Jónasdóttur í Árhvammi; 37.
 Jón Sigtryggsson, aðalbókari, Oddfellow; 41.
 Jón Sigurðsson, á Yztafelli, skrifaði um föður sinn og birti mynd af Má Viðari og Jóni; 38.
 Jón Sigurður Ólafsson (Eggertssonar), kaupfélagsstjóri í Króksfjarðarnesi; 46.
 Jón Vestdal, ritaði Verkfræðingatal 1956 og síðar; 40.
 Jón Víðis Jakobsson, frændi Jóns; 37.
 Jón Þorláksson, landsverkfr., forsætisráðherra, kemur við sögu mælinganámskeiðs; 12, 13, 43.

Jón Þór Þorvaldsson, arkitekt, frændi Jóns, teiknaði hluta Safnahúss Þingeyinga; 34.
 Jón Þveræingur Jónsson, faðir Jóns; 2, (11), (14), 33, 43, 44, 49.
 Jónas B. Jónsson, fræðslustjóri, Oddfellow; 31, 39.
 Jónas Jónsson, frá Hriflu, ræðir um skipulagsnefndir á Alþingi; 43.
 Jónas Snorrason, á Þverá, frændi Jóns; 38.
 Jónas Stefánsson, hjá sr. Árna á Stórahrauni; 7.
 K. Zimsen, bæjarstjóri; 9.
 Ketill Ketilsson, bóndi í Kotvogi á Reykjanesi; 14.
 Krabbe. Sjá Th. Krabbe.
 Kristinn Hallur Jónsson, bóndi á Dröngum og á Seljanesi; 22.
 Kristín Steinsdóttir, skáldkona, kona Jóns Hálfðanarsonar; 38.
 Kristleifur Jónsson, vegaverkstjóri og lífskúntner; 25, 40.
 Leifur Bjarnason (Lárusar H. Bjarnason), aðstoðarmaður Jóns; 39.
 Magnús Ólafsson, í Botni í Patreksfirði, vegaverkstjóri; 20, 31, 49.
 Margrét Þorlákisdóttir, á Miðhúsum; 11.
 Margrét Þorsteinsdóttir, á Stafafelli í Lóni; 11.
 Marínó Kristjánsson, ýtumaður í Barðastrandarsýslum; 49.
 María Jónsdóttir (Jóakimssonar), á Þverá, fluttist til Ameríku; 45.
 María Viðis Jónsdóttir, systir Jóns; 2, 4, 7, 11, 38, 39, 40, 44, 49.
 María Þorvaldsdóttir Bradwell, frænka Jóns; 39.
 Már Viðar Másson, sálfræðingur, frændi Jóns og aðstoðarmaður. Viðloðandi allar síður.
 N.P. Kirk, verkfræðingur við Reykjavíkurbær, skrifaði um ísl. málefni; 13.
 Nikulás Úlfar Másson, arkitekt, frændi Jóns og aðstoðarmaður; 18, 40.
 Oddur Jónsson, læknir í Miðhúsum á Reykjanesi í Barðastrandarsýslu eystri; 5, 6, 11, 43.
 Oddur Ólafsson, læknir á Reykjadal, pantaði útsýnisskífu; 36.
 Ól. Þ., kennari í læknadeild; 10.
 Ólafur E. Ólafsson (Þórðarsonar), kaupfélagsstjóri í Króksfjarðarнесi; 46.
 Ólafur Eggertsson, bóndi að Nesi í Geiradal; 4, 6, 46.
 Ólafur Friðriksson, sat í bæjarstjórn; 9.
 Ólafur Sveinsson, í Sellátrum, ýtumaður; 49.
 Ólafur Þorsteinsson, kenndi Jóni á mælinganámskeiði; 12.
 Páll Jónsson, frændi Jóns, bjó á Lv. 11; 11.
 Páll Línadal, lögfræðingur, skrifaði Bæirnir byggjast; 15, 43, 45.
 Páll Lýðsson, í Litlu Sandvík; 49.
 Páll Sigurðsson, forseti F.Í. ; 37.
 Páll (Valdimar Guðmundsson) Kolka, læknir, skólabróðir Jóns; 6, 7, 10, 42, 47.
 Páll Þormar, kenndi Jóni af fixera; 35.
 Pétur Jónsson, frá Gautlöndum, alþingismaður; 44.
 Pétur Jónsson, í Reykjahlíð, pantaði útsýnisskífu á Námafjall; 36.
 Pétur Sigurðsson, háskólaritari, skólabróðir Jóns; 3.
 Pétur Sveinsson, aðstoðarmaður Jóns við mælingar í Grindavík; 14.
 Ragnar Þorsteinsson, biblíusafnari, kennari, bróðir Magnúsar vegaverkstjóra í Búðadal; 49.
 Rósa Karen Borgþórsdóttir, Byggðasafni Hafnarfjarðar, um búsetu Jóns og Halldóru; 50.
 Sigfús Öfjörð, í Norðurkoti í Flóa, keypti jarðýtu; 17.
 Sigga litla Oddsdóttir, systir Steinþórs á Miðhúsum; 11.
 Sighvatur Bjarnason, einn af stofnendum IOOF Ingólfs; 41.
 Sigr. Sigurgeirsdóttir (Kristjánssonar), systir kaupmannsins á Lv. 13, vinkona systur Jóns; 11.

Sigríður Víðis Jónsdóttir, systir Jóns; 2, 3, 7, 11, 23, 33, 34, (35), 38, 42, 44, 45.
 Sigríður, kona Kristleifs Jónssonar, vegaverkstjóra; 25.
 Sigríður, vinnukona á Þverá, barnsmóðir Jóns Jóakimssonar; 45.
 Sigurður Guttormsson, afi Jóns; 2.
 Sigurður Haukur Sigurðsson, frændi Jóns og aðstoðarmaður; 18, 19, 26, 35, 39-40.
 Sigurður Jóhannsson, vegamálastjóri; 12, 20, 40.
 Sigurður Jónsson, frá Laug, bílstjóri, ók Gamla Ford yfir Sprengisand; 26.
 Sigurður Jónsson, frá Yztafelli, ráðherra, spurður um kennarastöður; 11, 38, 44.
 Sigurður Nordal, hélt fyrirlestra; 8.
 Sigurður Pétursson, fangavörður; 3.
 Sigurður Sigurðsson, mágur Jóns; 3.
 Sigurður Thoroddsen, arkitekt; 39.
 Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur, ræddi við Jón um mælinganám; 11, 12, 43, 44.
 Sigurður Þorkelsson, aðstoðarmaður Jóns; 39.
 Sigurður Þórarinnsson, jarðfræðingur, hlaut heiðursverðlaun V.F.Í. samtímis Jóni; 12.
 Sigurður, frændi Jóns, frá Stafafelli í Lóni; 7.
 Silli, bankastjóri á Húsavík, vinur Jóhanns Skaptasonar; 45.
 Skafti Jónsson (Jóakimssonar); 45.
 Skapti, maður Bergjótur Sigurðardóttur, móðursystur Jóns; 39.
 Snorri Áskelsson, frændi Jóns, á Þverá; 8.
 Snorri Jónsson, á Þverá í Laxárdal, föðurbróðir Jóns; 33.
 Snæbjörn Jónasson, vegamálastjóri; 12, 41.
 Snædís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur, frænka Jóns; 39, 45.
 Stefán Eggertsson, prestur á Þingeyri, pantaði útsýnisstífu á Sandafell; 36.
 Steinþór Oddsson, frá Miðhúsum, skólalábróðir og vinur Jóns; 5, 8, 11, 43, 44.
 Svanur Sveinsson, læknir, aðstoðarmaður Jóns; 18.
 Svavar Júlíusson, ýtumaður og verkstæðisformaður hjá Vegagerðinni; 49.
 Sveinn Ögmundsson, gekk heim með Jóni haustið 1916; 7.
 Sverrir Áskelsson, frændi Jóns, á Þverá; 8.
 Th(orvald) Krabbe, vitamálastjóri; 12, 13, 14, 15, 18, 33, 44, 45, 46, 49.
 Tryggvi Þórhallsson, ráðherra, brá fæti fyrir Jón; 46.
 Valdimar Sveinbjörnsson, menntaskólakennari, fór yfir Sprengisand; 28.
 Valtýr Guðmundsson, dr.; 52.
 Viktor A. Ingólfsson, ritstjóri Vegamála, en þar birtist saga Jóns fyrst; 40, 43.
 Vilhjálmur Stefánsson, mannfræðingur; 46.
 Zóphónías Pálsson, samstarfsmaður Jóns, skipulagsstjóri; 12, 15, 30, 38, 46.
 Þorgrímur Daníelsson sr., prestur á Grenjaðarstað og þar með á Þverá, vígði Jónsstein; 37.
 Þorstein Antonsson, segir frá tilurð vísunnar um Þingmannaheiði; 52.
 Þorsteinn Ástráðsson, félagi Jóns; 9.
 Þorsteinn Erlingsson, skáld, orti um Þingmannaheiði; 25, 52.
 Þorsteinn Jónsson, kaupmaður, keypti í Hringversnámum á Tjörnesi; 7.
 Þorsteinn Ólafsson, kennari og vegaverkstjóri; 20, 22, 42.
 Þorvaldur S. Þorvaldsson, arkitekt, frændi Jóns og aðstoðarmaður; 18, 19, 26, 34, 35, 37, 39.
 Þorvaldur Thoroddsen, jarðfræðingur, gerði landabréf; 26.
 Þorvaldur Tómas Bjarnason, kaupmaður og bókaútgefandi, mágur Jóns; 4.
 Þorvarður Örnólfsson, lögfræðingur, aðstoðarmaður Jóns; 18.
 Þór Magnússon, þjóðminjavörður; 38.

Þóra Margrét Sigurðardóttir, Þóra Egyptafari, móðursystir Jóns; 1, 5, 6, 44, 46, 47.
Þóra Þorvaldsdóttir, frænka Jóns; 38, 39, 40, 49.
Þórarinn Árnason, frá Stórahrauni; 7.
Þórbergur Þórðarson, skrifaði um mælingamann; 43.
Þórdís, kona Braga Thoroddsen; 25, 32.
Þórður Flóventsson, frá Svartárkoti í Bárðardal, kunnur á Sprengisand; 26.
Þórný Jakobsdóttir, frænka Jóns; 35.
Þórný Víðis Jónsdóttir, systir Jóns; 2, 3, 7, 11, 41, 50.